4



Sáði alfalfa í kvarthektara eftir að hafa lesið grein um plöntuna í Bændablaðinu

26



Bændaheimsóknirnar vinsælastar

32–33



Ferguson með 70 ára sögu á Íslandi

# Bændablaðið

10. tölublað 2019 ● Miðvikudagur 29. maí ● Blað nr. 539 ● 25. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



## Kolefnisbinding með skógrækt fer vaxandi

Kolefnisjöfnun er tískuorð í dag, en ein áhrifamesta leiðin til að binda kolefni er að rækta tré. Garðyrkjustöðin Kvistar í Reykholti í Biskupstungum í Bláskógabyggð er öflug í ræktun á trjáplöntum fyrir skógræktarbændur og einstaklinga. Er framleiðslan nú um 1.100.000 trjáplöntur á ári. Hér er Hólmfríður Geirsdóttir garðyrkjufræðingur með þúsundir plantna sem munu mynda vænan asparskóg í framtíðinni. Hún á og rekur stöðina ásamt eiginmanninum, Steinari Á Jensen. – *Sjá nánar á bls. 4* Mynd/HKr.

### Norðvesturhluti landsins er þungamiðja kindakjötsframleiðslunnar í landinu:

# Skagafjörður öflugastur með 28.558 vetrarfóðraðar kindur

### – Húnaþing og Húnavatnshreppur fylgja þar fast á eftir en sex sveitarfélög voru með yfir 20.000 fjár í vetrarfóðrun

**Sex sveitarfélög eða svæði á landinu eru áberandi stærst í sauðfjárræktinni og öll með yfir 20 þúsund vetrarfóðraðar kindur, samkvæmt ársskýrslu MAST og haustskýrslum Búnaðarstofu. Þá eru fimm sveitarfélög til viðbótar sem eru með meira en 10 þúsund fjár í fóðrun yfir veturinn.**

Alls voru 378.191 vetrafóðruð kind skráð í haustskýrslum Búnaðarstofu MAST 2018. Á bak við þann fjölda var skráð greiðslumark upp á 368.457 ærgildi. Hins vegar var heildarfjöldi sauðfjár í landinu samkvæmt gögnum MAST fyrir árið 2018 talinn vera 432.740.

***Skagfirðingar öflugir í sauðfjárræktinni***

Skagafjörður var öflugastur einstakra svæða í sauðfjárræktinni 2018 með 28.558 vetrarfóðraðar kindur og greiðslumark upp á 27.698 ærgildi. Í öðru sæti var Húnaþing vestra með 25.813 kindur í vetrarfóðrun og greiðslumark upp á 23.195 ærgildi. Í þriðja sæti var Húnavatnshreppur með 25.448 vetrarfóðraðar kindur og 22.020 ærgildi í greiðslumarki. Má því segja að Húnavatnssýslurnar samanlagðar séu í heild öflugasta sauðfjárræktarsvæði landsins.

Fljótsdalshérað var í fjórða sæti með 24.786 vetrarfóðraðar kindur en með talsvert hærra greiðslumark, eða 26.928 ærgildi. Í fimmta sæti kom svo Dalabyggð með 24.572 vetrarfóðraðar kindur og 24.138 ærgildi í greiðslumark. Borgarbyggð var svo í sjötta sæti með 23.639 vetrarfóðraðar kindur og greiðslumark upp á 19.085 ærgildi.

Samkvæmt þessu er norðvestanvert landið frá Skagafirði í Borgarfjörð það svæði sem er helsta undirstaða sauðfjárræktarinnar í landinu.

***Fimm sveitarfélög með 10–15.000 fjár***

Önnur öflug sveitarfélög í sauðfjárræktinni 2018 með yfir 10.000 fjár voru Ölfus með 14.721 vetrarfóðraða kind og greiðslumark upp á 14.423 ærgildi. Þá kom Norðurþing með 14.505 vetrarfóðraðar kindur og greiðslumark upp á 15.236 ærgildi. Skaftárhreppur var með 13.791 vetrarfóðraða kind og 14.340 ærgildi í greiðslumark. Næst kom Hornafjörður með 13.811 kindur í vetrarfóðrun og greiðslumark upp á 12.779 ærgildi. Rangárþing eystra var svo rétt yfir 10.000 kinda markinu með 10.324 vetrarfóðraðar kindur og greiðslumark upp á 15.236 ærgildi. Til gamans má geta þess að Rangárþing vestra var þar skammt undan með 9.224 vetrarfóðraðar kindur en mun lægra greiðslumark, eða 6.319 ærgildi. */HKr.*

FRÉTTIR

# Svínakjötsinnflutningur jókst á fyrstu mánuðum ársins

## – eftir samdrátt á síðasta ári en mikil óvissa ríkir um afleiðingar lagabreytinga sem heimila influtning á ófrosnu hráu kjöti í haust

**Tæp 885 tonn af svínakjöti voru flutt inn á árinu 2018 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Það er 483 tonnum minni innflutningur en árið 2017 þegar flutt voru inn rúm 1.368 tonn, eða sem nam um 22% af innanlandsframleiðslunni. Innflutningurinn hefur þó aukist á ný á fyrstu mánuðum ársins 2019.**

Búist er við að lagabreyting sem tekur gildi í haust geti leitt til aukins innflutnings á svínakjöti, nautakjöti og jafnvel alifuglakjöti. Í raun ríkir þó algjör óvissa um afleiðingar þessara lagabreytinga.

*Framleiðsla og sala íslenskra svínabænda í jafnvægi 2018*

Á síðasta ári voru framleidd á Íslandi rúm 6.841 tonn af svínakjöti, sem var 7,8% aukning frá fyrra ári. Innanlandssalan hélst nokkurn veginn í hendur við það og nam í árslok 6.772 tonnum samkvæmt tölum Búnaðarstofu Matvælastofnunar. Var þá söluaukning milli ára upp á 6,1% og minnkuðu birgðir um 7,6%.

Er greinilegt að minni innflutningur svínakjöts á síðasta ári skipti töluverðu máli fyrir svínarækt á Íslandi. Þannig dróst innflutningurinn saman úr því að nema um 22% af innanlandsframleiðslunni árið 2017 og í rúm 12% á árinu 2018.

*Aukinn innflutningur á fyrstu mánuðum ársins 2019*

Á fyrstu þrem mánuðum 2019 voru flutt inn 285,7 tonn af svínakjöti á móti 256,8 tonnum á sama tímabili 2018. Innflutningur hefur því aukist á fyrstu þrem mánuðum ársins um 28 tonn.

*Breytingar á lögum og reglum*

Við breytingar á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru sem gert er ráð fyrir að taki gildi 1. september nk., er búist við verulegri aukningu á kjötinnflutningi. Í nýjum lögum verður heimilaður innflutningur á hráu ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum.

Í tollskýrslum er innflutta svínakjötið sett í alls 20 tollflokka. Það er að segja 10 flokkar af ófrystu kjöti sem óheimilt hefur verið að flytja til landsins til þessa, en verður heimilt með nýjum lögum sem taka væntanlega gildi í haust. Það er nýtt svínakjöt í heilum og hálfum skrokkum, ófryst læri og lærisneiðar af svínum með beini, ófrystir bógar og bógbitar af svínum með beini, ófrystir hryggir og hryggsneiðar af svínum með beini, annað nýtt kjöt af svínum með beini, nýtt svínahakk, nýjar svínalundir, ófrystir svínahryggvöðvar, ófrystir svínalærisvöðvar og annað nýtt úrbeinað svínakjöt.




**Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru flutt inn 855 tonn af frosnu svínakjöti á síðasta ári. Langmest af því kjöti var flutt inn frá Danmörku samkvæmt gögnum Félags svínabænda, eða 46%. Næstmest kom frá Þýskalandi og innflutningur frá Póllandi var þar í þriðja sæti.**

Síðan koma 10 flokkar með frystu svínakjöti sem heimilt hefur verið að flytja inn til þessa. Það er fryst svínakjöt í heilum og hálfum skrokkum, fryst læri og lærisneiðar með beini, frystir bógar af svínum með beini, frystir hryggir og hryggsneiðar með beini, annað fryst svínakjöt, fryst svínahakk, annað fryst svínakjöt með beini, frystar svínalundir, frystir svínahryggvöðvar, frystir lærisvöðvar og annað fryst úrbeinað svínakjöt.

Langmest af svínakjötinu sem flutt hefur verið inn undanfarin ár hefur farið í tollflokk 02032909 þ.e. „annað fryst úrbeinað svínakjöt“.

*Hætt að umreikna tollfrjálsa innflutningskvóta í kjöt með beini*

Fleiri tilslakanir hafa verið gerðar til að liðka fyrir innflutningi en snerta frystiskyldu. Þannig hætti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) við áform um að umreikna tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir kjötvörur frá Evrópusambandinu yfir í ígildi kjöts með beini, en slíkur umreikningur hefði skert tollfrjálsan innflutning um allt að þriðjungi.

Félag atvinnurekenda (FA) hafði sótt fast að þessar breytingar yrðu gerðar og bentu á að ráðuneytið hafði áður borið fyrir sig að Evrópusambandið hefði við innflutning á íslensku lambakjöti á tollkvóta miðað við kjöt með beini. Í tilkynningu Michaels Mann, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, sem birtist á Facebook 14. maí 2018, kom fram að hvað varðaði allt annað kjöt, sem flutt væri út frá Íslandi til ESB á tollfrjálsum kvótum, væri miðað við nettóvigt. Hins vegar væri í gildi undantekning vegna lambakjöts sem ætti sér sögulegar skýringar. */HKr.*

---



## Úthlutun tollkvóta: Innflutningur á blómum

**Miðvikudaginn 15. maí 2019 rann út tilboðsfrestur í tollkvóta á blómum vegna seinni hluta ársins 2019. Kvótunum hefur verið úthlutað.**

Þrjú tilboð bárust í tollkvóta fyrir blómstrandi pottaplöntur, samtals 4.450 stykki, á meðalverðinu 100 krónur stykkið. Hæsta boð var 120 krónur en lægsta boð var 72 krónur fyrir stykkið. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum í tollkvóta fyrir innflutning á 1.650 krónur stykkið á meðalverðinu 119 krónur stykkið.

Þrjú tilboð bárust í tollkvóta fyrir aðrar pottaplöntur, samtals 5.660 stykki, á meðalverðinu 113 krónur stykkið. Hæsta boð var 129 krónur en lægsta boð var 83 krónur stykkið. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum í tollkvóta fyrir innflutning á 2.160 stykkjum á meðalverðinu 126 krónur stykkið.

Þrjú tilboð bárust í tollkvóta fyrir tryggðablóm, samtals 13.500 stykkið, á meðalverðinu 41 krónu stykkið. Hæsta boð var 50 krónur en lægsta boð var 35 krónur stykkið. Tilboði var tekið frá tveimur fyrirtækjum í tollkvóta fyrir innflutning á 6.500 stykkjum. á meðalverðinu 45 krónur stykkið.

Fimm tilboð bárust í tollkvóta fyrir afskorin blóm, samtals 288.750 stykki, á meðalverðinu 28 krónur stykkið. Hæsta boð var 50 krónur en lægsta boð var 1 króna stykkið. Tilboði var tekið frá þremur fyrirtækjum í tollkvóta fyrir innflutning á 118.750 stykkjum á meðalverðinu 40 krónur stykkið. */VH*

# Um 94% af kindakjöti í landinu er framleitt undir gæðastýringarkerfi

**Um 94% af framleiðslu kindakjöts var innan gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu á árinu 2018 sem er lítil breyting á þessum þremur árum. Þetta kemur fram í ársskýrslu Matvælastofnunar (MAST) sem kom út í síðasta mánuði.**

Samkvæmt skýrslunni hefur framleiðsla undir gæðastýringu verið svipuð undanfarin ár. Þannig voru framleidd undir þessu kerfi 9.708,4 tonn á árinu 2016, en heildarframleiðsla kindakjöts það ár var tæp 10.375,4 tonn. Þá voru framleidd rúm 9.894 tonn árið 2017 af 10.487,3 tonna heildarframleiðslu og rúm 9.858,8 tonn árið 2018 af 10.487,3 tonna heildarframleiðslu. Samdráttur upp á 0,36% skýrist væntanlega af samdrætti í sauðfjárræktinni.

Handhöfum í gæðastýringu sauðfjárframleiðslu og hafa fengið gæðastýringarálag hefur samt verið að fækka talsvert á þessu tímabili eða úr 1.605 árið 2016 í 1.577 árið 2017 og 1.553 árið 2018. Það þýðir væntanlega að þeir sem eftir standa eru að framleiða meira en áður. Þá hefur heildarupphæð gæðastýringarálags hækkað úr 836.835 kr. árið 2016 í 1.115.940 kr. árið 2018.

*Reglugerð endurskoðuð 2018*

Á árinu 2018 var reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu endurskoðuð og var endurútgefin sem reglugerð nr. 511/2018 . Um er að ræða breytingar sem Búnaðarstofa lagði áherslu á að gerðar yrðu. Alls sóttu 15 framleiðendur um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á árinu og voru 11 umsóknir samþykktar. Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt kröfum sem settar eru fram í reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1262/2018, um umhverfi, sauðfjárskýrsluhald, jarðrækt, fóðrun, heilsufar, lyfjanotkun, afurðir, landnýtingu og skyld atriði.

| Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla | 2016 | 2017 | 2018 | % breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|
| Heildarframleiðsla kindakjöts (kg) | 10.375.383 | 10.619.515 | 10.487.310 | -1,24 |
| Heildarframleiðsla gæðastýrðrar framleiðslu (kg) | 9.708.413 | 9.894.034 | 9.858.831 | -0,36 |
| Heildargreiðslur til bænda v. gæðastýringar (kr.) | 1.341.348.134 | 1.671.513.362 | 1.733.000.277 | 3,68 |

*Heimild MAST: Þróun heildarframleiðslu innan gæðastýringar á árunum 2016-2018.*







*Landgræðslan passar upp á að landnýting sé rétt*

Landgræðsla ríkisins heldur utan um landnýtingarþátt gæðastýringar skv. samningi sem gerður var á milli Landgræðslunnar, Matvælastofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á sínum tíma. Í því felst meðal annars mat og staðfesting á gæðum beitilands umsækjenda en beitiland skal vera nýtt á sjálfbæran hátt. Endurnýja þarf umræddan samning sem allra fyrst til að tryggja eftirlit með þessum þætti gæðastýringarinnar.

*Rafræn handbók um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu*

Á árinu var unnið að gerð rafrænnar handbókar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Samráð var haft við Landgræðslu ríkisins um þann hluta sem snýr að landnýtingarþætti gæðastýringar og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um þjónustu við framleiðendur um útfyllingu handbókarinnar. Samkvæmt reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er rafrænu handbókinni ætlað að skjalfesta framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður á sauðfjárbúum til hagnýtingar við ákvarðanatöku í rekstri og markaðssetningu afurða. Leitast var við að bæta gæðahandbókina með skráningu á upplýsingum um framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður sem sauðfjárbændur lögðu áherslu á til þess að ná framangreindum markmiðum. Þá var einnig leitast við að einfalda kerfið til muna með samtengingu upplýsinga úr öðrum kerfum, sem áður hafði verið á pappírsformi. Stefnt er að því að rafræn gæðahandbók með ítarlegum leiðbeiningum opni í AFURÐ nú á vormánuðum 2019. Þeim þátttakendum sem hafa ekki aðgang að tölvu mun standa til boða aðstoð RML við rafræna skráningu í handbókina skv. gjaldskrá RML. */HKr.*

# New Holland T5

NEW HOLLAND AGRICULTURE



## New Holland T5.120 EC með 740TL ámoksturstækjum

- 4 strokka „Common Rail“ mótor, 117 hestafla með ECOBlue Hi-eSCR mengunarvarnarbúnaði ásamt rafmagnshitara á mótor.
- Vökvavendigír og 16x16 vökvaskiptur gírkassi 40 km/h með sjálfskiptimöguleika.
- „ParkLock“ handbremsa í gírstöng.
- 200 A rafall.
- Rafstýrð framdrifsásetning og driflæsing, 100% á báðum hásingum.
- 3ja hraða aflúttak 540/750/1000sn.
- 2 vökvadælur 84 og 34 ltr/mín afköst.
- 4 vökvaventlar (8 vökvaúttök) með flotstöðu og stillanlegu vökvaflæði.
- 2 miðjuventlar með stjórnstöng.
- Rafstýribeisli með 5,420 kg. lyftigetu.
- Opnir beislisendar ásamt vökvaútskotnum dráttarkrók.
- Fjaðrandi og rúmgott ökumannshús með miklu útsýni.
- Loftkæling (air condition).
- Útdraganlegir hliðarspeglar með neðri gleiðhorna spegil.
- Loftfjaðrandi ökumannssæti ásamt farþegasæti.
- Hljóðeinangrun 74db. í ökumannshúsi.
- 8 LED vinnuljós og 2 blikkljós á ökumannshúsi.
- Brettabreikkanir og stjórnrofar á afturbrettum fyrir aflúttak og lyftu.
- Dekkjastærðir: 480/65 R24 framan og 600/65 R34 að aftan.
- New Holland 740TL ámoksturstæki með 210 cm. skóflu.

Nú er tækifæri til að eignast kröftuga vél með miklum þægindum á mjög hagstæðu verði.

**Verð**

**10.320.000 kr.** án vsk.

(12.796.800.- kr. með vsk.)

Verð miðast við gengi EUR 135

**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

FRÉTTIR

### Bóndinn á Bjarkarási 1 í Hvalfjarðarsveit:

# Sáði alfalfa í kvarthektara eftir að hafa lesið grein um plöntuna í Bændablaðinu

**Kristján Jóhannesson á Bjarkarási 1 í Hvalfjarðarsveit segist hafa ákveðið að gera tilraun með að rækta alfalfa, eða refasmára, eftir að hafa lesið grein um plöntuna í Bændablaðinu síðastliðið haust.**

Bjarkarás 1 er tæpir 30 hektarar að stærð og á Kristján fimm hross en hann segist hættur með kindur enda hafi hann verið hobbíbóndi undir það síðasta og í dag leigir hann túnin til nágranna sinna.

*Hugmyndin kemur úr Bændablaðinu*

„Áhugi minn á alfalfa vaknaði þegar ég las grein um plöntuna í Bændablaðinu síðastliðið haust og hef ekki losnað við þá hugmynd úr höfðinu að prófa að rækta hana hér og ákvað að slá til og sáði í kvarthektara 19. maí síðastliðinn.

Það sem vakti meðal annars áhuga minn er að það segir í blaðinu að alfalfa sé góð fóðurjurt og mest ræktaða fóður í heimi og mig langaði að sjá hvort ekki væri hægt að rækta það hér og nota sem skepnufóður.

Ég reyndi að leita mér nánari upplýsinga um ræktun refasmára, eins og plantan kallast á íslensku, en fann ekki mikið sem hægt er að styðjast við og ákvað því að styðja mig við upplýsingarnar í Bændablaðinu.“



Anton Friðjónsson á Hóli sem sáði refasmáranum fyrir Kristján Jóhannesson á Bjarkarási 1 í Hvalfjarðarsveit.

*Ræktun á refasmára*

Ræktun á refasmára á heimsvísu er um 450 milljón tonn á ári og um það bil 30 milljón hektarar lands eru notaðir til ræktunarinnar.

Erlendis þar sem alfalfaræktun er mest er fræjum plöntunnar sáð bæði vor og haust. Plantan er mislanglíf í ræktun eftir veðurfari og getur enst frá tveimur og upp í tuttugu ár. Þar sem best lætur gefur plantan nokkrar, allt upp í tólf, uppskerur á ári. Hæfilegt sáðmagn er 13 til 20 kíló á hektara

Plantan kýs sólríkan stað og vel framræstan jarðveg sem er ríkur af fosfór og kalí og með pH 6,8 til 7,5.

*Fimm kíló af smituðu fræi*

Kristján segist hafa spurnir af því að ræktun á refasmára hafi verið reynd að Helgavatni í Þverárhlíð en að hann hafi ekki fengið það staðfest.

„Landið sem ég sáði í er kvarthektari að stærð og ég hef áður gert tilraun með að rækta í því sexraða bygg og rauðsmára.

Ég fékk tíu kíló af refasmárafræi í gegnum Kaupfélagið í Borgarnesi og líka smitefni með jarðvegsgerlum. Refasmári er belgjurt og framleiðir sjálf nitur eða köfnunarefni úr andrúmsloftinu með hjálp jarðvegsgerla og betra að smita fræið með þeim fyrir sáningu til að auka líkur á góðri uppskeru.“



Heimsframleiðsla á alfalfa er um 450 milljón tonn á ári.

Kristján segist hafa sáð fimm kílóum í flagið að þessu sinni.

*Gekk illa að fá réttan áburð*

„Þar sem refasmári er belgjurt er ekki borinn á hann köfnunarefni og gott að gefa þrífosfat og kalíríkan áburð. Reyndar var ekki auðvelt að verða sér úti um þrífosfat en að lokum komst ég yfir 150 kíló úr poka sem hafði rifnað í Þorlákshöfn og ég fékk að kaupa.“

/VH

### Garðyrkjustöðin Kvistar í Reykholti:

# Framleiðir nú um eina milljón og eitt hundrað þúsund trjáplöntur á ári til skógræktar

## – Auk þess er framleiðsla á þremur berjategundum nú í fullum gangi

**Garðyrkjustöðin Kvistar í Reykholti í Biskupstungum í Bláskógabyggð er öflug í ræktun trjáplantna fyrir skógræktarbændur, félög og einstaklinga. Hólmfríður Geirsdóttir garðyrkjufræðingur, sem á og rekur stöðina ásamt eiginmanni sínum og rafvélavirkja Steinari Á. Jensen, segir að nú sé verið að gefa í.**

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 ákváðu stjórnvöld að draga saman framlög til skógræktar í landinu. Það hafði þegar mjög neikvæð áhrif á starfsemi Kvista og neyddust þau hjón þá til að draga saman seglin í trjáplönturæktun.

„Nú erum við aftur að gefa í. Stjórnvöld hafa lofað auknum fjárveitingum í þetta á næstu árum,“ segir Hólmfríður.

*Komin í svipaða trjáplöntuframleiðslu og fyrir hrun*

„Fyrir hrun vorum við að selja um milljón trjáplöntur. Það fór alveg niður í um 500–600.000 plöntur eftir hrunið og erum við nú komin upp í um 1.100.000 plöntur. Þetta lofar góðu og við vonum bara að loforðum stjórnvalda verði fylgt eftir á næstu árum. Þetta er liður í kolefnisbindingu til framtíðar.“

Hólmfríður segir að á Suðurlandi sé fyrst og fremst verið að



Eigendur Garðyrkjustöðvarinnar Kvista, hjónin Steinar Á. Jensen og Hólmfríður Geirsdóttir, segja öfgana sem einkennt hafi loftslagsumræðuna oft koma sérkennilega út. Til þeirra komi mikill fjöldi innlendra og erlendra gesta. Segja þau undarlegt að fá frá þeim spurningar á borð við hvort þau séu ekki hrædd við að starfa í gróðurhúsunum, vegna þess að þar séu svo hættulegar gróðurhúsalofttegundir.



Hólmfríður Geirsdóttir garðyrkjufræðingur með klasa af hindberjum á mismunandi þroskaskeiði. Myndir / HKr.



Brómberin verða svört þegar þau eru fullþroskuð.

rækta sitkagreini, stafafuru og ösp auk birkis. Hlutfallsleg skiptin á milli greni, furu og birkis sé mjög áþekk. Heldur minna hafi verið gróðursett af ösp þótt nú sé verið að bæta þar í.

„Það er verið að planta ösp í stóra reiti til kolefnisbindingar og einnig til viðarframleiðslu. Væntanlega kaupir Járnblendið á Grundartanga talsvert af slíkum viði sem kurli.“

Öspin er þekkt fyrir að vera mjög hraðvaxin og hefur verið vinsæl af þeim sökum. Þessum vaxtarhraða hafa menn verið að reyna að ná í öðrum tegundum og m.a. með nýju yrki sem er blanda af Evrópulerki og Rússalerki. Sá blendingur heitir Hrimur. Segist Hólmfríður vona að þarna sé komið lerki sem henti betur fyrir landið í heild.

„Þetta er á byrjunarstigi, en loksins komið svolítið af fræi, en plönturnar eru enn ungar þótt búið sé að planta einhverju út.“

Trjáplönturnar sem seldar eru frá Kvistum eru frá 7 til 25 sentímetrar að hæð, misjafnt eftir tegundum. Allar eru þær ræktaðar samkvæmt gæðastöðlum og er framleitt út frá útboðum Ríkiskaupa. Þá kaupir ríkið plönturnar af stöðinni og þeim er síðan dreift til skógarbænda sem þátt taka í landshlutaverkefnum um skógrækt.

*Berjauppskeran á fullu*

Garðyrkjustöðin Kvistar hefur líka verið öflug í berjarækt þar sem allt er í fullum gangi þessa dagana. Mest er þar ræktað af jarðarberjum, en síðan talsvert af hindberjum og brómberjum. Eru ber nú tínd á hverjum degi í sendingar sem fara á markað í Reykjavík þrisvar í viku.

Hólmfríður segir að þau eigi nú þrjár garðyrkjustöðvar og séu með 2.000 fermetra undir þaki fyrir skógarplönturnar og 4.000 fermetra fyrir berjarækt. Auk þess er svo um 5.000 fermetra útisvæði fyrir skógarplöntur. Þessa dagana starfa um 15 manns við framleiðsluna auk Hólmfríðar og Steinars.

„Starfsmenn okkar koma víða að, en mest eru þetta útlendingar frá flestum heimshornum,“ segir Hólmfríður.

/HKr.

# „Reksturinn nýtur þess strax að við fórum í 360° samtalið“

360° samtal fyrirtækja er tækifæri til að fara yfir reksturinn og framtíðaráætlanir hjá þínu fyrirtæki. Að auki færðu yfirsýn yfir öflugar og sérsniðnar lausnir Landsbankans fyrir fyrirtæki af öllum stærðum. Kynntu þér 360° samtal hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

### Að meðaltali ágætt

**Ekki verður annað sagt en að vorið hafi verið flestum Íslendingum hagstætt hvað veðurfar áhrærir. Þótt við Íslendingar bölvum stundum rysjóttu veðurfari þá megum við aldrei gleyma því að við búum í gjöfulu og friðsömu landi og að mörgu leyti við betri aðstæður en flestar aðrar þjóðir.**

Veðurfarið ráðum við ekki við og munum aldrei geta stólað á að sumarið verði alltaf gott í öllum landshlutum. Samt erum við oft ansi fljót að gleyma. Síbreytileiki veðursins er nokkuð sem við verðum að laga okkur að þó ekki þyki það alltaf skemmtilegt. Það er samt þannig að þeir sem búa við mikinn stöðugleika í veðurfari á suðlægari slóðum geta líka orðið hundleiðir á lognmollunni og þá er gott að eiga land eins og Ísland þar sem þú veist aldrei af neinni vissu hvernig vindurinn blæs frá degi til dags. Þegar þetta fólk heimsækir Ísland er það ekki að leita eftir einhverju sólarstrandaveðri.

Eftir mildan vetur þá voraði snemma þó nokkuð hafi kólnað um norðan- og austanvert landið á síðustu dögum. Það þarf þó ekkert að leita langt aftur til að finna dæmi um mjög óstöðugt veður í einhverjum landshluta í maí og byrjun sumars. Íbúar á suðvesturhorni landsins muna sjálfsagt enn eftir rigningunni í maí á síðasta ári sem stytti varla upp allt sumarið. Norðlendingar og Austfirðingar fögnuðu þá afbragðs góðu veðri sem helst nær allt sumarið.

Samkvæmt Veðurstofu Íslands var júní 2018 óvenju þungbúinn um landið sunnan- og vestanvert. Sólskinsstundir í Reykjavík höfðu ekki mælst eins fáar síðan árið 1914. Úrkoma var mikil í þessum landshlutum og veður fremur svalt. Á austanverðu landinu var aftur á móti hlýtt og sólríkt. Hiti fór þar margoft yfir 20 stig. Sunnan- og suðvestanáttir voru ríkjandi.

Maí 2017 var líka óvenju hlýr og hiti vel yfir meðallagi. Sérlega hlýtt var fyrstu vikuna og aftur í kringum 21. maí. Víða var úrkoma samt í meira lagi og gróður tók vel við sér. Meðalhiti í Reykjavík í maí var 8,6 stig, og er það 2,3 stigum fyrir ofan meðallag áranna 1961 til 1990, en 1,7 stigum yfir meðallagi síðustu 10 ára. Á Akureyri var meðalhitinn 8,4 stig, 3,0 stigum fyrir ofan meðallag áranna 1961 til 1990 og 2,3 stigum yfir meðallagi síðustu 10 ára. Á Hveravöllum var meðalhitinn 4,2 stig sem er hlýjasti maímánuður frá upphafi mælinga á þeim stað.

Þann 1. júní 2016 settu veðurfræðingar inn á vef Veðurstofu að tíðarfar hafi talist hagstætt. Þurrkur háði þó víða gróðri langt fram eftir mánuði. Í síðustu vikunni rigndi óvenjumikið á Snæfellsnesi og á sunnanverðum Vestfjörðum. Hiti var ofan meðallags 1961 til 1990 en þó var að tiltölu kaldara um landið suðvestanvert heldur en í öðrum landshlutum.

Meðalhiti í Reykjavík í júní 2016 var 6,6 stig, +0,3 stigum ofan meðallags áranna 1961 til 1990, en -0,3 neðan meðallags síðustu tíu ára. Meðalhiti á Akureyri var 6,8 stig, 1,3 stig ofan meðaltals 1961 til 1990 og 0,9 stigum ofan meðallags síðustu tíu ára.

Þegar litið er um öxl og lengra aftur í tímann má finna ýmis dæmi um miklar öfgar í veðurfari. Þann 9. maí 2009 var t.d. greint frá aftakaveðri á Holtavörðuheiði með roki og hálku. Þá björguðu hjálparsveitir tugum farþega og ökumanna sem höfðu lent þar í vandræðum.

Þann 1. maí 1948 snjóaði svo mjög sunnanlands að með fádæmum þótti. Þá mældist jafnfallinn snjór á Stórhöfða í Vestmannaeyjum 65 sentímetrar, sem er eitthvað sem gerist nær aldrei þó hávetur sé.

Það er sem sagt aldrei á vísan að róa hvað veðurfar áhrærir. Við skulum því bara njóta blíðunnar þar sem hún gefst hverju sinni, annað er hvort sem er ekki í boði. /HKr.

# Bætum árangur Íslands í loftslagsmálum




**Guðrún S. Tryggvadóttir**
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is


**Loftslagsbreytingarnar sem eiga sér stað vegna athafna mannkyns valda megninu af þeirri hnattrænu hlýnun sem ógnar skilyrðum til lífs hér á jörðinni. Við erum vel flest nokkuð meðvituð um að þessar breytingar eru vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda sem hækka smám saman hitastigið í lofthjúpnum sem umlykur jörðina.**

Afleiðingarnar eru hins vegar mismunandi eftir því hvar við erum í heiminum en þekktasta eru líklega breytingar á lofthita og úrkomu, bráðnun jökla, hækkun yfirborðs sjávar, öfgar í veðurfari, hitabylgjur, ofsafengnari fellibyljir, flóð og súrnun sjávar.

*Sterk orð lýsa alvarlegu ástandi*

Ágætir sjónvarpsþættir á RÚV um loftslagsmálin, sem sýndir hafa verið nýlega, hafa vakið marga til umhugsunar og eflt umræðuna. Breska dagblaðið Guardian greindi frá því á dögunum að það hygðist gera breytingar á þeim hugtökum sem notuð eru um loftslagsmálin. Þannig mun blaðið ekki lengur tala um loftslagsbreytingar heldur loftslagsneyðarástand eða hættuástand og „hitnun jarðar“ í stað þess að tala um hlýnun. Stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar eru einnig farnar að nota sterkara orðalag til að lýsa þeim ógnvekjandi aðstæðum sem mannkynið stendur frammi fyrir.

Þrátt fyrir að ríki heimsins hafi um tíma reynt að ná samkomulagi um aðgerðir til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hefur enn ekki tekist að snúa þróuninni við. Við höldum áfram gegndarlausri neyslu og viðskiptafrelsi og viðskiptahagsmunir virðast allsráðandi. Notkun jarðefnaeldsneytis og landnotkun spila stóran þátt. Samgöngur, landbúnaður, orkuframleiðsla og iðnaður eru allt dæmi um risavaxin verkefni þar sem kljást þarf við loftslagsvandann. Það verður einfaldlega að leggja ríkari áherslu á sjálfbæra þróun og hlúa að þeim verðmætum sem við eigum hér á jörðinni fyrir komandi kynslóðir.

*Samstarfsvettvangur um loftslagsmál og grænar lausnir*

Í vikunni var skrifað undir samning um samstarfsvettvang stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir. Tilgangurinn er fyrst og fremst að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Markmið samstarfsvettvangsins er að bæta árangur Íslands í loftslagsmálum og vinna í sameiningu að metnaðarfullum aðgerðum í samræmi við markmið stjórnvalda, þar með talið að kolefnishlutleysi árið 2040. Bændur og landbúnaðurinn allur mun ekki láta sitt eftir liggja í því starfi.

*Að taka skrefið*

Við vitum talsvert um hvað þarf að gera til að bregðast við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í loftslagsmálum. Mikilvægt er líka að hafa í huga að með breytni hvers og eins getum við haft mikil áhrif. Það er staðreynd að loftslagsvandinn er að stórum hluta afleiðing aðgerðaleysis og græðgi okkar mannanna. Við getum lagt okkar af mörkum með því að ígrunda vel okkar neyslu, endurvinna, endurnýta, ganga vel um og bera virðingu fyrir Móður jörð.

*Eyfirðingar kaupa íslenskan mat*

Ástæða er til að þakka sveitarstjórnarfólki í Eyjafjarðarsveit fyrir það róttæka skref að krefjast upprunamerkinga og að hráefni sé að sem mestu leyti fengið úr heimabyggð í komandi útboðum sveitarfélagsins á mötuneytismat. Nýtt útboð fyrir mötuneyti Eyjafjarðarsveitar er til næstu þriggja ára. Í frétt um málið kom fram að í mötuneytum sveitarfélagsins borða nemendur Hrafnagilsskóla en einnig starfsfólk sveitarfélagsins og aldraðir íbúar. Í útboðinu er tekið fram að allt kjöt, allur fiskur og allar mjólkurvörur eigi að vera af íslenskum uppruna að því gefnu að varan sé framleidd og fáanleg á Íslandi. Þá skuli sem hæst hlutfall af grænmeti einnig vera af íslenskum uppruna. Draga á úr vistspori með því að nálgast hráefni sem næst heimabyggð og það skuli jafnframt vera upprunamerkt. Vonandi sjá fleiri sveitarfélög hag í því að feta þessa braut í sínum matarinnkaupum. Bæði eflir það íslenska matvælaframleiðslu en ekki síst gagnast stefnan umhverfinu.

*Embla – Norrænu matarverðlaunin*

Embluverðlaunin verða veitt um næstu helgi í Hörpu í Reykjavík. Þau eru samstarfsverkefni allra bændasamtaka á Norðurlöndunum en markmið þeirra er að upphefja norræna matarmenningu og vekja athygli á fólkinu sem býr til matinn okkar. Við Íslendingar teflum fram sjö fulltrúum til Embluverðlaunanna í ár en alls eru 48 tilnefndir frá öllum Norðurlöndunum. Um 130 erlendir gestir eru væntanlegir til Reykjavíkur en þeir munu meðal annars kynna sér íslenskan landbúnað og deila þekkingu og reynslu sín á milli. Embluverðlaunin eru haldin í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina og Norrænu kokkahreyfinguna, NKF, en sú síðarnefnda heldur ársþing sitt í Reykjavík á sama tíma. Það verður því margt um manninn í Hörpu og spennandi að sjá hverjir hljóta hin eftirsóttu Embluverðlaun.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Bifröst og Baula. Háskólinn á Bifröst á rætur að rekja til Samvinnuskólans sem var stofnaður árið 1918 í Reykjavík og hóf starfsemi í desember. Sumarið 1955 var skólinn fluttur að Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði og hefur verið starfræktur þar síðan. Í dag er Háskólinn á Bifröst fjölbreyttur háskóli, sem býður nemendum sínum upp á fræðslu, þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði og viðskiptalögfræði sem og heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Skólinn er svokallaður kampusháskóli og hefur þróað og innleitt sérstaka kennslufræði.** Mynd / HKr.

LÍF & STARF

# Ný vökvadrifin steypuhrærivél sýnd á Tæknidegi í HR

**Hópur nemenda í vél- og orkutæknifræði við Háskólann í Reykjavík sýndi nýja vökvadrifna steypuhrærivél á Tæknideginum í HR sem er haldinn á hverju ári.**

„Í byrjun þriggja vikna áfangans var aðeins búið að tala um þessa hugmynd og ákveða stærðina. Annað höfðum við ekki í höndunum en við fundum bara út úr þessu,“ segir Jóhann Sindri.

„Þetta sýnir vel hvað við erum að gera í náminu en þá hönnum við og smíðum mikið sjálfir.“

***Skapar mikið vinnuhagræði***

Hrærivélin er sett framan á litla gröfu sem hrærir steypuna og svo er hægt að keyra hana að þeim stað sem steypa á í og hella beint. Þar með þarf ekki lengur að halda á þungum fötum eða keyra hjólbörur fram og til baka. Búnaðurinn hentar vel minni háttar framkvæmdum eins og við að steypa niður girðingarstaura, við sólpallagerð og sumarhús.

***Smíðu vélina sjálfir***

„Við byrjuðum á því að eyða nokkrum dögum í að teikna búnaðinn, svo tók við völsun sem var gerð annars staðar. Annars smíðuðum við og suðum saman allt sjálfir hérna í vélsmiðjunni og fleiri stofum í háskólanum.

Það væri örugglega hægt að panta svona hjá okkur en það er heilmikil vinna bak við hverja og eina, enda er þetta einungis prufugerð!“



Steypuvélahönnuðirnir í HR, Jóhann Sindri Sveinsson, Ólafur Vignir Þórarinsson, Þorgeir Freyr Gíslason, Adrian Sölvi Ingimundarson, Einar Konráðsson og Guðmundur Snorri Eysteinsson. Mynd / HR

Á Tæknideginum sýna nemendur við iðn- og tæknifræðideild og verkfræðideild háskólans afrakstur þriggja vikna hagnýtra námskeiða sem eru í lok hverrar annar.



Jóhann Sindri sagði í samtali við Bændablaðið að ekki sé búið að kanna hvort áhugi væri meðal einhverra smiðja á Íslandi að framleiða svona steypuhrærivél. Reyndar sé það ekki í höndum félaganna sem hönnuðu þetta, heldur Háskólans í Reykjavík.

„Allt sem framleitt er innan veggja skólans og allt sem hannað er, er eign skólans. Þá er þetta dýr búnaður og kannski ekki líklegt að margir séu að sækjast eftir svona tæki.

Þetta er samt skemmtileg lausn sem virkar mjög vel,“ sagði Jóhann Sindri. /HKr.



Þetta er vökvadrifin steypuhrærivél fyrir smágröfur sem m.a. hentar vel til að steypa undirstöður fyrir girðingarstaura, sólpalla og fleiri smáverk.

# Ungur Íslandsáhugamaður í Tiraspol í Transnjestríu

**Í síðasta Bændablaði var sagt frá tíu ára dreng, Bodgan Belyi, frá borginni Tiraspol í landi sem fáir Íslendingar kannast við og heitir Transnjestría Hann vill ólmur komast í kynni við Íslendinga. Hann hefur af eigin frumkvæði viðað að sér margvíslegum fróðleik um Ísland og hefur sérstakan áhuga á Vestfjörðum.**



Hinrik Bjarnason sagði okkur skemmtilega sögu í blaðinu um kynni sín og fleiri Íslendinga af piltinum er þeir voru staddir í heimaborg hans, Tiraspol. Það er höfuðborg Transnjestríu sem er landræma við austurlandamæri Moldóvu og liggur að Úkraínu.

Birt var nafn og heimilisfang drengsins í síðasta blaði, en ekki tókst þá að hafa upp á netfangi hans. Á tölvuöld er hins vegar vart við því að búast að krakkar, frekar en aðrir, sendi bréf á milli landa líkt og var nær eini samskiptamátinn í gamla daga. Nú hefur Hinriki og félögum tekist að hafa uppi á tölvunetfangi piltsins og því birtum við það hér ef það mætti verða til að auðvelda íslenskum krökkum að komast í kynni við hann. Hér er þá nafn hans, heimilisfang og netfang:

**Bogdan Belyi**
Gogol 82
Tiraspol
Pridnestrovie
R. Moldava 3300
**email: galp2004@mail.ru**



Bogdan Bely ásamt pabba sínum og Þorleifi Friðrikssyni, fararstjóra Söguferða, sem áritaði bók um Ísland sem hann gaf piltinum.




## MÆLT AF MUNNI FRAM 226

Ekki lánaðist mér fullkomlega að fara rétt með í afmælisvísum síðasta þáttar. Því skal nú klóra ögn yfir kúkinn. **Jóhannes Sigfússon**, sem dyggilega vakir yfir verkum mínum hér, fortaldi mér, að afmælisvísan ort **Eggerti Ólafssyni** í Laxárdal, sem ég hélt eftir **Óla Halldórsson** á Gunnarsstöðum, væri reyndar eftir sig. Vísan var þó rétt munuð hjá mér sem gjörir skömmina ögn léttbærari. Vísuna ritaði Jói í gestabók Laxárdalshjóna á afmælisdegi Eggerts. Mér hafa borist fáeinar afmælisvísur frá síðasta vísnaþætti, sem rétt er að birta hér, enda ortar mér til afmælis þann 18. maí sl. **Haukur Már Ingólfsson**, nú búsettur á Akureyri, fæddur í Dal í Grýtubakkahreppi, er bróðir **Björns Ingólfssonar** á Grenivík sem lesendum er góðkunnur hér í þessum þáttum. Haukur hefur eignast ágætlega af genum Ingólfs í Dal og er lipur hagyrðingur með gott skopskyn. Hann sendi mér svofellda afmæliskveðju:

*Með aldrinum gætni og varúð vex,*
*svo varaðu þig á tertunum.*
*Nú ertu orðinn sextíuogsex*
*og sjóðandi hiti frá kertunum.*

Nú fyrrum granni minn austan Vaðlaheiðar, **Hávar Örn Sigtryggsson**, bóndi í Hriflu, vitjaði mín á afmælisdegi mínum. Vænt þótti mér sérlega um þá kveðju því hana batt hann stuðlum og rími. Það vissi ég ekki til hans fyrr. Vísan er aldeilis vel samin og vönduð og ofin hlýjum óskum í minn garð:

*Heillaóskir héðan sendir*
*Hriflubóndi dags úr striti,*
*er vætir þína ævi endir*
*eigi á kafi í hænsnadriti.*

Frá afmæliskveðjum víkjum nú til gamalla gersema. **Hallgrímur Jónasson** kvað svo um turn Hallgrímskirkju:

*Upp úr skýjum otar sér*
*ægiljótur sýnum,*
*himnaböllur hár og sver*
*helgaður nafna mínum.*

Eftir **Pál Ólafsson** er þessi smellna vísa:

*Hænsnin eru mesta mein*
*mitt, og allra á bænum,*
*þó er verri Ólöf ein*
*áttatíu hænum.*

Varla ofbýður lesendum þessi haglega gerða vísa **Ingólfs Guðmundssonar** frá Miðhúsum:

*Ég er fullur af ástarfuna*
*og fær í hvað sem er,*
*rauðu blóðkornin buna*
*í besefann á mér.*

Og fyrst farið er í líkamslýsingar er rétt að láta þessa gossa. Höfund hef ég ekki heyrt að vísunni þeirri arna:

*Stundum þegar stóri Jón*
*steinsefur um nætur,*
*strákurinn hann stutti Jón*
*stendur upp og grætur.*

Mæðradagurinn er nýliðinn svo viðeigandi verður að teljast að helga þáttinn sem eftir er skáldkonum. **María Rögnvaldsdóttir** orti svo:

*Oft þó fái andann dreymt*
*efnishyggju dagsins,*
*þú munt aldrei geta gleymt*
*gulli sólarlagsins.*

Mikið er lagt í þessa vísu **Sigrúnar Fanndal**:

*Þó elli skarti og komi kveld*
*kvarta vart mér lætur,*
*meðan bjartan á mér eld*
*innst við hjartarætur.*

**Helga Guðmundsdóttir** er sögð höfundur þessarar vísu:

*Bætir varla bænum á,*
*bágt það kalla verður,*
*sæt við alla í sinni flá*
*sulludalla-Gerður.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

## Alvarlegur „kannibalismi“ í varphænum í Noregi:

# Hænur frá sama framleiðanda og sér íslenskum hænsnabúum fyrir eggjum

**Óæskileg hegðun í varphænum sem lýsir sér í því að hænurnar gogga svo illilega hver í aðra að það veldur dauða, kannibalismi, er orðið vandamál í Noregi. Þegar hefur öllum hænum á nokkrum búum sem klakist hafa út úr ákveðnum sendingum af eggjum til framleiðslu á varphænum verið eytt. Talið að um genagalla sé að ræða.**

Hænurnar sem um ræðir eru allar úr sömu sendingu varphænsnaeggja frá þýska fyrirtækinu Lohmann sem er einn stærsti birgir eggja í heiminum til framleiðslu á varp- og kjöthænsnum í heimi. Langstærstur hluti hænsna, hvort sem það eru varphænur eða hænur til kjöteldis, á Íslandi koma frá Lohmann.

*Talið vera genagalli*

Erla Gunnarsdóttir, íslenskur eggjaframleiðandi rétt utan við Bergen í Noregi, segir óalgengt að þessi hegðun dýranna gangi svo langt að eina útleiðin sé aflífun á öllum flokknum. „Tvær aðrar innsetningar, á síðasta ári, í Rogaland, urðu fyrir því sama. Í öðru tilfellinu var um lausagönguhænur að ræða en í hinu búrhænsn og allir flokkar keyptir frá sama aðila.“



Kannibalismi er fyrirbæri sem stundum kemur upp meðal dýrategunda sem ráðast þá á einstaklinga sömu tegundar og jafnvel éta þá. Er þetta m.a. þekkt meðal fisktegunda og er þá nefnt afát eða afrán í stofninum.

Erla segir að vanalega gangi þetta yfir í kringum kynþroskaaldur dýranna. „Í okkar tilfelli var það mat dýralæknis að vegna dýravelferðarsjónarmiða yrði að aflífa allan flokkinn þó um unga fugla hafi verið að ræða, rúmlega 30 vikna gamla, en lífíími þeirra er að öllu jöfnu hátt í 80 vikur.

Dýralæknir telur að um genetískan galla sé að ræða og að um leið og slík hegðun hefjist sé í raun erfitt að vinda ofan af henni, þrátt fyrir að ráðstafanir séu gerðar varðandi ljós og fóður og annað.

Við fundum fljótlega fyrir því að meira stress var í þessum flokki en við höfðum haft áður. Það er búið að vera mjög erfiður tími að horfa upp á dýrin fara svona og illa leikin. Mest er hakkað í bakendann og svo kemur sár og sýking sem leiðir fljótlega til dauða.

Við erum með 7.500 varphænur og hleypur fjöldi hænsna sem hefur drepist á hundruðum og sárt að þurfa að aflífa svo ung dýr. Í samstarfi við fagaðila og dýralækni voru ýmsar ráðstafanir reyndar sem virkuðu í nokkra daga en síðan fór allt í sama farið aftur og stundum drápust tugir dýra á sólarhring.

Goggið kemur á engan hátt niður á gæðum eggjanna og þau eru pökkuð og seld áfram í verslanir.“

*Hegðun sem er vel þekkt*

Þorsteinn Sigmundsson, formaður Félags eggjaframleiðenda, segist hafa heyrt um þessa hegðun hjá hænum í Noregi og að hún þekkist einnig hér á landi og hafi verið talsvert vandamál fyrir tveimur árum. Hann segist þó ekki kannast við að hegðunin hafi verið meiri tengd einni sendingu af eggjum en annarri.

„Þessi óæskilega hegðun er vandamál sem allir fuglabændur þurfa að eiga við og hafa gert lengi. Íslenskir kjúklingabændur eru yfirleitt fljótir að sjá þessa hegðun fyrir og bregðast við henni.“

Goggun af þessu tagi tengist hjarðhegðun dýranna og valdabaráttu eða goggunarröð í samfélagi þeirra í eldi. Alvarlegur „kannibalismi“ hjá alihænum leiðir, eins og nafnið gefur til kynna, til þess að hænurnar hreinlega éta hver aðra. Hegðun af þessu tagi þekkist einnig hjá öðrum alifuglum eins og til dæmis kalkúnum.

*Verið að breyta erfðaefninu*

„Mér skilst að Lohmann sé að reyna að breyta hegðun varphænsna með erfðabreytingum vegna nýrra reglna um lausagöngu og að ætlunin sé að draga úr þessu óæskilega goggi hænanna hver í aðra. Hugsanlega hefur eitthvað farið úrskeiðis sem menn hafa ekki séð fyrir án þess að ég vilji fullyrða það.“ /VH

## Umsögn Læknafélags Íslands vegna frumvarps um innflutning á hráu kjöti:

# Afnám frystiskyldu taki ekki gildi fyrr en nýr meðferðarkjarni Landspítalans er tilbúinn

### – Gera þarf landsmönnum grein fyrir þeirri áhættu sem felst í neyslu innfluttra landbúnaðarafurða

**Í umsögn Læknafélagsins við frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar landbúnaðarráðherra þar sem lagt er til að heimilt verði að flytja inn ófryst kjöt til landsins, segir að næsta víst sé að afnám frystiskyldu muni auka líkurnar á því að fjölónæmar og nær alónæmar bakteríur berist hingað til lands með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lýðheilsu manna og bústofna.**

Þar segir einnig að Læknafélagið telji óábyrgt að slaka á núverandi matvælalöggjöf og frystiskyldu matvæla þar til viðunandi innviðir heilbrigðiskerfisins til að bregðast við aukinni útbreiðslu fjölónæmra baktería hafa verið styrktir. Telur stjórn LÍ mikilvægt að afnámið verði ekki víðtækara en þörf krefur og öðlist ekki gildi fyrr en nýr meðferðarkjarni og bráðamóttaka Landspítalans, með fullnægjandi aðstöðu til að bregðast við útbreiðslu sýkinga af völdum fjöl- eða alónæmra baktería, hefur verið tekin í notkun.

*Bæta þarf merkingar og ábyrgð innflytjenda þarf að vera skýr*

Í umsögninni segir að ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á að tryggja heilnæmi vörunnar þurfi að vera ótvíræð og skýrt kveðið á í lögunum ásamt viðurlögum ef útaf er brugðið.

Læknafélagið telur að þótt lagalegar skuldbindingar Íslands vegna EES-samningsins bendi til að afnema þurfi frystiskyldu á innfluttu kjöti þá sé mikilvægt að afnámið verði ekki víðtækara en þörf krefur.

Bæta þarf allar merkingar á innfluttu kjöti, ekki síst hvað varðar lyfjanotkun í umræddri framleiðslu eða upprunalandi vörunnar. Gera þarf strangar kröfur um lekaheldar umbúðir, meðferð vörunnar og flutningsleiðir.



Stjórn Læknafélags Íslands vill ekki að tekin verði sú áhætta að afnema frystiskyldu á innfluttu kjöti fyrr en nýr meðferðarkjarni og bráðamóttaka Landspítalans, með fullnægjandi aðstöðu til að bregðast við útbreiðslu sýkinga af völdum fjöl- eða alónæmra baktería, verður tekinn í notkun.

*Umsögn stjórnar Læknafélags Íslands*

Í umsögninni segir að stjórn Læknafélags Íslands hafi rætt ofangreint frumvarp og samþykkti á fundi sínum 20. maí síðastliðinn að koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri við frumvarpið.

1. Sýklalyfjaónæmi og hröð útbreiðsla baktería sem nær engin sýklalyf vinna á er á meðal alvarlegustu heilsuvár sem að mannkyni stafar í dag. Með afnámi frystiskyldu á innfluttu kjöti og auknum innflutningi eykst hættan á því að bakteríur ónæmar fyrir flestum sýklalyfjum nái útbreiðslu í samfélaginu og geti borist með matvælum í menn. Hlutfall slíkra baktería hérlendis í dag er með því lægsta sem þekkist.
2. Útbreiðsla þeirra á meðal einkennalausra bera og umbreytingu á bakteríuflóru í samfélaginu er hvarvetna vaxandi áhyggjuefni. Slíkar bakteríur gerast æ algengar í búfé og matvælum í nágrannalöndum okkar. Hætt er við og næsta víst að afnám frystiskyldu muni auka líkurnar á því að þessar fjölónæmu og nær alónæmu bakteríur berist hingað til lands með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lýðheilsu, manna og bústofna. Rétt er að benda sérstaklega á viðkvæma sjúklingahópa sem eru með veiklað ónæmiskerfi af völdum sjúkdóma eða vegna meðferðar við alvarlegum sjúkdómum.



Bæta þarf allar merkingar á innfluttu kjöti, ekki síst hvað varðar lyfjanotkun í umræddri framleiðslu eða upprunalandi vörunnar.



Sýklalyfjaónæmi og hröð útbreiðsla baktería sem nær engin sýklalyf vinna á er á meðal alvarlegustu heilsuvár sem að mannkyni stafar í dag.

3. LÍ vill af þessu tilefni benda á að innviðir og möguleikar heilbrigðiskerfisins til að bregðast við sýkingum af völdum fjöl- og nær-alónæmra baktería eru mun takmarkaðri en annarra EES landa. Skal þar sérstaklega bent á takmarkaða möguleika til einangrunarvistunar sjúklinga á meðan meðferð stendur. Eitt af meginmarkmiðum með byggingu nýs meðferðarkjarna og bráðamóttöku Landspítala er einmitt að skapa aðstöðu til að geta tekist á við slíkar alvarlegar sýkingar af völdum fjöl- og næralónæmra baktería og tengd heilbrigðisvandamál um leið og að hindra útbreiðslu þeirra ef upp koma í samfélaginu. LÍ telur því óábyrgt að slaka á núverandi matvælalöggjöf og frystiskyldu matvæla þar til viðunandi innviðir heilbrigðiskerfisins til að bregðast við aukinni útbreiðslu fjölónæmra baktería hafa verið styrktir.
4. Verði frumvarp þetta að lögum þarf að grípa til mótvægisaðgerða sem felast í því að gera landsmönnum grein fyrir þeirri áhættu sem felst í neyslu innfluttra landbúnaðarafurða. Bæta þarf allar merkingar á innfluttu kjöti ekki síst hvað varðar lyfjanotkun í umræddri framleiðslu eða upprunalandi vörunnar. Gera þarf strangar kröfur um lekaheldar umbúðir, meðferð vörunnar og flutningsleiðir.
5. Mikilvægt er að aðgerðaáætlun Ríkisstjórnarinnar um sýklalyfjaónæmi (undirrituð 8.2.19), í samræmi við greinargerð starfshóps um sýklalyfjaónæmi verði fylgt eftir og tryggt að nái fram að ganga sem fyrst.
6. Áður en breyting á matvælalöggjöfinni öðlast gildi þarf að vera fyrir hendi vel skilgreind viðbragðsáætlun þegar næralónæmar eða alónæmar bakteríur greinast og heimildir til að stöðva dreifingu. Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á að tryggja heilnæmi vörunnar þarf að vera ótvírætt og skýrt kveðið á í lögunum ásamt viðurlögum ef útaf er brugðið.
7. Tryggja þarf að mótvægisaðgerðir verði útfærðar og fjármagnaðar að fullu strax við gildistöku laganna. Fram kemur í greinargerð að ekki sé gert ráð fyrir auknum útgjöldum ríkisins vegna eflingar á opinberri sýnatöku. LÍ telur að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir kostnaði við þessar aðgerðir og útfærslu þeirra og setja þegar í stað í gang vinnu þar að lútandi.
8. Þótt lagalegar skuldbindingar Íslands vegna EES-samningsins bendi til að afnema þurfi frystiskyldu á innfluttu kjöti telur stjórn LÍ mikilvægt að afnámið verði ekki víðtækara en þörf krefur og nái þá einungis til innflutnings á fersku kjöti frá öðru EES-landi, og öðlist ekki gildi fyrr en nýr meðferðarkjarni og bráðamóttaka Landspítalans, með fullnægjandi aðstöðu til að bregðast við útbreiðslu sýkinga af völdum fjöl- eða alónæmra baktería hefur verið tekin í notkun. /VH



# Gefðu vélunum gott start inn í sumarið

ENNEMM / SÍA / NM93634




## Comma Trans Flow UD 10w-40

Vnr. 115 TFUD205L og 115 TFUD20L

Syntetísk olía fyrir Euro VI nútíma dísilvélar með sótkornasíum og útblásturshreinsibúnaði.




## Mobil Delvac XHP ESP M 10w-40

Vnr. 3020 152809 og 3020 152994

Syntetísk olía fyrir Euro IV, V og VI dísilvélar með sótkornasíum og útblástursinsibúnaði.




## Mobil Delvac MX ESP 15w-40

Vnr. 3020 150774 og 3020 150775

Minerölsk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum með sótkornasíu (DPF) og hreinsibúnaði í útblásturskerfi.




## Mobilfluid 426

Vnr. 706 4721208 og 706 472120

Drif- og vökvakerfisolía fyrir allar dráttarvélar og vinnuvélar.




## Mobilube HD 80w-90

Vnr. 706 4238120

Gírolía fyrir mismunadrif og gírkassa í mörgum vélum.



## HD Universal Grease 400ml

Vnr. 0094 0670004

Alhliða smurfeiti með góðu hita-, vatns- og titringsþoli, ásamt öflugum háþrýstibætiefnum.

## Eldsneytispantanir á tanka

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar samskiptaleiðir til að panta eldsneyti á tankinn. Veldu þá leið sem hentar þér best.

Tölvupóstur: n1@n1.is
Heimasíða: www.n1.is
Símanúmer: 440 1100
Netspjall: www.n1.is




**Verslanir N1 um land allt**

**Akureyri** s. 440 1420 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

**Alltaf til staðar** N1

FRÉTTIR



Allt er af moldu komið og allt hverfur aftur til moldar.

Washingtonríki í Bandaríkjunum:

# Mannslík til moltugerðar

**Það hljóta að teljast góðar fréttir fyrir grænhausa að stjórnvöld í Washingtonríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku íhuga að leyfa jarðgerð úr mannslíkum í staðinn fyrir hefðbundna greftrun.**

Stjórnvöld í Washingtonríki samþykktu fyrir skömmu reglur þess efnis að leyfilegt yrði að nota mannslíkama eða mannslík til moltugerðar. Það eina sem vantar upp á að reglurnar, sem kallast recomposition á ensku en endurmyndun á íslensku í lauslegri þýðingu, taki gildi er að ríkisstjóri Washington skrifi undir þær.

*Þriðji kosturinn*

Í umræðum vegna nýju reglnanna kom fram að til þessa væru í raun einungis tveir kostir í boði á Vesturlöndum þegar kæmi að förgun mannslíkama eftir andlátið. Annars vegar greftrun og hins vegar brennsla. Báðar þessar leiðir eru plássfrekar og óhagkvæmar.

Með því að bjóða upp á þriðja kostinn, moltun, er komið til móts við óskir fjölda fólks um að snúa aftur til náttúrunnar og verða þannig hluti af hringrás hennar og næring fyrir gróður jarðar.

Bent er á að til sé fjöldi rannsókna sem sýna hvernig má nýta dýr til moltugerðar og nota þau sem áburð og að ekkert sé því til fyrirstöðu að gera slíkt hið sama við mannsskrokka.

Aðstaða til mannmoltugerðarinnar er tilbúin og sex manns hafa þegar ánafnað líkama sínum til moltugerðarinnar.

*Umhverfisvæn aðferð*

Moltun notar einungis einn áttunda af þeirri orku sem þarf til að brenna mannslíkama og dregur þannig úr myndun og losun koltvísýrings út í andrúmsloftið og aðferðin því mun umhverfisvænni. Auk þess sem moltun skilar lífrænum næringarefnum til náttúrunnar en brennsla einungis steinefnum.

*Eins og besta safnhaugamold*

Við moltugerðina er líkami hinna látnu þakinn lífrænu efni eins og heyi eða viðarspæni og við rétt hitastig tekur í mesta lagi sjö vikur fyrir stærstan hluta líkamans að brotna niður í bestu safnhaugamold.

Á meðan á moltugerðinni stendur verður aðstandendum gert kleift að heimsækja ástvininn og að moltugerðinni lokinni fá þeir moltuna afhenta óski þeir þess og frjálst að nota hana að vild.

*Molta fyrir tómata*

Ein áhugasöm manneskja um moltugerð af þessu tagi segir að aðferðin sé frábær leið til að sameinast náttúrunni og verða að gagni eftir andlátið. „Ég get ekki ímyndað mér neitt fallegra en að fjölskylda mín noti moltuna mína til að rækta í kartöflur eða tómata.“

*Soylent Green orðið að veruleika*

Árið 1966 sendi vísindaskáldsagnahöfundurinn Harry Harrison frá sér bók sem heitir Make Room! Make Room! Árið 1973 var sagan kvikmynduð og fékk myndin nafnið Soylent Green og var með Charlton Heston í aðalhlutverki.

Í sögunni er fjallað um endurvinnslu mannslíkamans vegna offjölgunar og plássleysis í heiminum, ekki eins en á svipuðum nótum og í moltugerðarhugmyndinni. /VH

# Bannað að fóðra búfé með eldhúsúrgangi

## – gildir bæði um plöntur og dýraprótein

**Matvælastofnun sendi frá sér tilkynningu á dögunum þar sem hún vekur athygli á að bannað sé að fóðra búfé með eldhúsúrgangi. Geti slík fóðrun haft alvarlegar afleiðingar í för með sér enda er helsta smitleið margra alvarlegra smitsjúkdóma í dýr.**



Hugmyndir íbúa á Borgarfirði eystri um að ala samfélagssvín á lífrænum úrgangi m.a. frá heimilum hefur vakið sterk viðbrögð.

Í frétt Ríkisútvarpsins miðvikudaginn 15. maí var greint frá hugmyndum íbúa í Borgarfirði eystri þess efnis að ala svokölluð samfélagssvín, sem íbúar stefna á að koma sér upp, á lífrænum úrgangi, meðal annars frá heimilum. Samkvæmt fóðurlögum og reglugerð um aukaafurðir dýra er slík fóðrun búfjár bönnuð, að því er fram kemur í tilkynningu Matvælastofnunar. Þar kemur fram að einungis er heimilt að fóðra loðdýr með kjöti og öðrum dýraafurðum öðrum en mjólk og eggjum í ákveðnum tilfellum. Reglurnar banni jafnframt notkun hvers kyns eldhúsúrgangs sem fóður fyrir dýr; bæði frá heimilum og veitingastöðum. Það eigi bæði við um hráar og eldaðar matarleifar.

„Ástæða þessa banns er að kjöt og dýraafurðir eru ein helsta smitleið alvarlegra smitsjúkdóma í dýr, svo sem gin- og klaufaveiki, klassískrar svínapestar, afrískrar svínapestar, Newcastle-veiki og fuglaflensu. Eldun dugar ekki til að drepa öll þau smitefni sem matarleifar geta innihaldið,“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar.

*Heitar umræður meðal bænda*

Í kjölfar tilkynningar Matvælastofnunar spunnust talsverðar umræður meðal bænda á samfélagsmiðlum, þar sem álitamálum var velt upp. Til að mynda komu fram vangaveltur um það hvort bannið ætti við um allan matar- og lífrænan úrgang sem hefur farið í gegnum eldhús heimila – líka matarafganga sem eingöngu eru grænmeti. Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að bannið taki til eldhúsúrgangs og skilgreining á honum sé allur matarúrgangur að meðtalinni olíu til matargerðar frá veitingahúsum, matsöluaðstöðu og eldhúsum; þar með talið stóreldhúsum og eldhúsum á heimilum. „Grænmeti og mjólkurafurðir eiga líka við hér þar sem áhættan á krossmengun í eldhúsi og meðhöndlun matvæla er alltaf til staðar við þær aðstæður.



Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun.

Grunnreglan er að þetta gildir um dýraprótein, en eins og ég sagði áður þá nær bannið bæði yfir bæði dýraprótein og plöntur þegar um eldhúsúrgang er að ræða,“ segir Vigdís. Þetta gildi um allar búfjártegundir nema loðdýr – líka þær sem eru haldnar sem gæludýr.

*Bændum ber að fylgja reglunum*

Vigdís segir að allir eigendur búfjár beri að fylgja þessum reglum og lögum. „Frumframleiðendur eiga að halda skrá yfir eðli og uppruna þess fóðurs sem dýrunum er gefið og í eftirliti Matvælastofnunar er þetta eitt af skoðunaratriðunum. Erfiðara getur reynst að ná til þeirra sem halda búfé til frístunda, þar sem eftirlitið er mun sjaldnar og dýrahaldið jafnvel árstíðabundið, eins og oft er í tilfelli svína. Matvælastofnun gaf út leiðbeiningar um kaup á lifandi grísum og setti fréttir á vef stofnunarinnar um það,“ segir Vigdís enn fremur.

Vigdís segir að það sé á umræðustigi innan Evrópu hvort það þurfi að endurskoða löggjöfina í samræmi við umhverfiskröfur samtímans; um minni matarsóun og færri kolefnisspor. „Þetta eru gildandi reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og þar er nú rætt um það hvort þörf sé á að endurskoða bann við notkun á hitameðhöndluðum matarleifum, einmitt vegna þessara umhverfisáhrifa,“ segir hún.

*Gin- og klaufaveikifaraldurinn í Bretlandi rakinn til eldhúsúrgangs*

Í tilkynningu Matvælastofnunar var tekið dæmi af því hversu afdrifaríkt það getur verið ef reglurnar eru ekki virtar. „Gin- og klaufaveikifaraldurinn í Bretlandi árið 2001 er mjög gott dæmi um þá áhættu sem tekin er þegar svínum er gefinn eldhúsúrgangur en uppruni hans var rakinn til svínabús sem fóðraði með hitameðhöndluðum eldhúsúrgangi frá veitingastöðum. Þessi faraldur varð til þess að a.m.k. 6,5 milljónir dýra (nautgripir, sauðfé og svín) voru aflífuð og ársframleiðsla á búfjárafurðum á landsvísu var 20% minni en áætlað var. Fjárhagslegt tjón landbúnaðar- og matvælageirans var um þrír milljarðar punda og ferðamálageirinn tapaði öðru eins. Heildarkostnaður fyrir þjóðina er talinn hafa verið um átta milljarðar punda. Ætla má að afleiðingar af slíkum faraldri hér á landi yrðu mjög alvarlegar, jafnvel óbætanlegar fyrir íslenska dýrastofna.

Gin- og klaufaveiki hefur aldrei borist til Íslands en hins vegar hafa tveir aðrir alvarlegir smitsjúkdómar borist í svín hér á landi. Annars vegar svínapest (e. classical swine fever) sem kom upp árið 1942 og hins vegar blöðruþot (e. vesicular exanthema) árið 1955. Í báðum tilvikum var hægt að rekja smitið til eldhúsúrgangs,“ segir í tilkynningunni. /smh



Hjalteyri við Eyjafjörð. Mynd / HKr.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri:

# Íbúar við Eyjafjörð vilja fara varlega í uppbyggingu laxeldis

**Íbúar við Eyjafjörð vilja fara varlega í uppbyggingu á laxeldi í Eyfirði að því er fram kemur í viðhorfskönnun sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði fyrir Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.**

Íbúakönnunin sýnir að nokkuð margir taka ekki afstöðu með eða á móti laxeldi, afstaða íbúa til uppbyggingar laxeldis er fremur hlutlaus, þó svo heldur fleiri séu neikvæðir en jákvæðir.

*40% hvorki jákvæð né neikvæð*

Íbúar voru spurðir hversu jákvæðir eða neikvæðir þeir væru gagnvart sjókvíaeldi (laxeldi) í Eyjafirði og sögðust 26,8% vera frekar eða mjög jákvæð gagnvart slíkum tillögum en 33,3% voru annaðhvort mjög eða frekar neikvæðir gagnvart þeim. Tæp 40% voru hvorki jákvæð né neikvæð gagnvart eldinu enda hafði ríflega helmingur aðspurðra ekki kynnt sér hugmyndir um fiskeldi í Eyjafirði.

Íbúar vilja samkvæmt þessu að stigið sé varlega til jarðar í þessum efnum og að náttúran og Eyjafjörðurinn fái að njóta vafans hvað uppbygginu þessarar atvinnugreinar varðar, segir í frétt um könnunina á heimasíðu RHA. /MÞÞ

Borgarfjörður eystri:

# Undirbúningur í fullum gangi vegna vatnsverksmiðju

## – Áætlað er að verksmiðjan geti í upphafi skapað störf fyrir 6–8 manns

**Undirbúningur að stofnun vatnsáfyllingarverksmiðju í Borgarfirði eystri stendur yfir en áformað er að reisa 900 fermetra byggingu yfir verksmiðjuna.**

Þetta er meðal þess sem fram kemur í deiliskipulagi fyrir verksmiðjuna og athafnasvæði hennar en Austurfrétt segir frá því. Athugasemdafrestur við breytt aðalskipulag og deiliskipulag svæðisins er runninn út.

Gert er ráð fyrir tæplega þriggja hektara lóð í landi Geitlands, um 1 km norðan við þorpið í Bakkagerði, undir verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Fram kemur að í fyrsta áfanga verði reist á lóðinni 900 fermetra verksmiðja sem í byrjun þurfi 6–8 starfsmenn.

Borhola verður í landi Bakka, sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps, en sá bær stendur nær þorpinu en Geitland. Vatnsrennsli á svæðinu er talið vera 5–20 lítrar á sekúndu en starfsemin þurfi að hámarki 2 l/s. Vatnsvinnslan á því ekki að hafa áhrif á grunnvatnsrennsli. Áætluð heildarvinnsla á ári eru taldir 1–5 milljón lítra.

Rannsóknir og borgun verður á ábyrgð Vatnworks Iceland ehf., í nánu samstarfi við Borgarfjarðarhrepp og sérfræðinga um vatnsöflun. Orkustofnun þarf að gefa leyfi fyrir vinnslunni. Stofnunin fékk skipulagsdrögin til umsagnar og gerði ekki athugasemdir.

Gert er ráð fyrir að afurðirnar verði fluttar í gámum til næstu útflutningshafnar, að líkindum Reyðarfjarðar. Áhrif verksmiðjunnar fyrir samfélagið eru metin jákvæð þar sem hún muni styrkja fámenna byggð. /MÞÞ




**Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu af sölu einingahúsa og byggingarefna á Íslandi og býður til sölu falleg, vönduð einingahús. Húsin eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatæknifræðingum fyrir íslenskar aðstæður og að sjálfsögðu í samræmi við íslenska byggingareglugerð.**

Mjög einfalt og fljótlegt er að reisa húsin en þau afhendast í einingum, tilbúin til uppsetningar. Húsasmiðjan er í nánu samstarfi við hönnuði húsanna og vísar fúslega á þeirra þjónustu sé óskað frekari ráðgjafar við hönnun, skil á teikningum til sveitarfélaga o.þ.h. Við leggjum okkur fram við að ferlið sé einfalt og í góðu samráði við kaupanda. Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum. Þakstál, flasningar, þakkantaefni og festingar fylgja með. Vandaður frágangur og hús sem hentar vel íslenskum aðstæðum.

Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á netfanginu serverkefni@husa.is eða í síma 525 3000. Verð, teikningar, skilalýsingu og fleira má finna wwá **husa.is**.



**Frigg 27 m²**

Frigg er fallegt 27 m² einingashús með einu svefnherbergi.





**Freyja - 40 m²**

Freyja er fallegt 40 m² einingahús með einu svefnherbergi.





**Sif - 60 m²**

Sif er rúmgott og fallegt 60 m² einingahús með tveimur svefnherbergjum.





**Gígja - 80 m²**

Gígja er mjög rúmgott og fallegt 80 m² einingahús með þremur svefn-herbergjum.



**Byggjum á betra verði**

FRÉTTIR

# Fjallalamb má flytja lambakjöt út til Kína

**Fjallalamb hf. á Kópaskeri hefur verið sett á opinberan lista í Kína yfir fyrirtæki sem hafa leyfi til að flytja inn lambakjöt frá Íslandi og getur útflutningur hafist í næstu sláturtíð.**

Matvælastofnun greinir frá þessum tíðindum á vef sínum. Þar kemur fram að málið eigi sér fjögurra ára forsögu. „Undanfarin 4 ár hefur Matvælastofnun í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands í Kína unnið að öflun leyfis til útflutnings á lambakjöti frá Íslandi til Kína.

Síðastliðið haust var undirritaður samningur milli Íslands og Kína um skilyrði, heilbrigðiskröfur og eftirlit vegna útflutnings á lambakjöti frá Íslandi til Kína.

Í kjölfarið á því sótti Fjallalamb hf á Kópaskeri um leyfi fyrir sláturhús, kjötpökkunarstöð og frystigeymslu fyrirtækisins til útflutnings á lambakjöti til Kína.

*Einungis lömb af riðulausum svæðum*

Mikilvægustu kröfur Kínverja varða riðu. Einungis má flytja kjöt af lömbum yngri en 6 mánaða sem fædd eru og alin á riðulausum svæðum og jafnframt eiga sláturhús, kjötpökkunarstöðvar og frystigeymslur að vera á riðulausum svæðum.

Fjallalamb hf. uppfyllir þessi skilyrði og aðrar kröfur kínverskra yfirvalda og það hefur nú verið sett á opinberan lista í Kína yfir fyrirtæki sem hafa leyfi til að flytja lambakjöt frá Íslandi á Kínamarkað,“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar. /smh

Samstarfsvettvangur um loftslagsmál og grænar lausnir:

# Stefnt að bættum árangri í átt að kolefnishlutleysi

**Samningur stjórnvalda og atvinnulífs um samstarfsvettvang um loftslagsmál og grænar lausnir var undirritaður í Ráðherrabústaðnum í gær. Bændasamtök Íslands eru stofnaðili að verkefninu ásamt tuttugu og þremur öðrum aðilum.**

Í samningnum kemur fram að markmið samstarfsvettvangsins sé í fyrsta lagi að bæta árangur Íslands í loftslagsmálum og miðla fjölbreyttu framlagi landsins til þeirra; bæði þeim árangri sem hefur náðst hér á landi en einnig þeirri vegferð sem framundan er. Íslenskum lausnum varðandi nýtingu endurnýjanlegrar orku verði þannig miðlað og unnið að auknum útflutningi vöru, hugvits og lausna sem byggja á íslenskri orkuþekkingu og grænum lausnum. Með þessu megi auka virði útflutnings almennt.

„Í öðru lagi er markmið vettvangsins að stjórnvöld og atvinnulíf vinni í sameiningu að metnaðarfullum aðgerðum í loftslagsmálum í samræmi við markmið stjórnvalda, þar með talið að kolefnishlutleysi árið 2040,“ segir í samningnum.

*Kynningar- og markaðsstarf*

Í samningnum eru tiltekin fjögur helstu verkefnin sem samstarfsvettvangnum er ætlað að vinna að:

1. Kynna fjölbreytt framlag Íslands til loftslagsmála í fortíð sem og markmið og stefnu til framtíðar.
2. Tryggja virkt samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um aðgerðir í loftslagsmálum þ.m.t. um kolefnishlutleysi árið 2040.
3. Styðja markaðs- og viðskiptaþróunarstarf fyrirtækja tengt loftslagsmálum.
4. Reka kynningarhús fyrir móttöku gesta og sendinefnda þar sem fram fer kynning og fræðsla um áskoranir loftslagsmála, framlag Íslands og tiltækar lausnir.

Íslandsstofa mun annast rekstur vettvangsins og sjá um fjárhag hans í umboði stjórnar.

*Tveir formenn*

Þau Unnur Brá Konráðsdóttir og Sigurður Hannesson verða formenn samstarfsvettvangsins. Aðrir stjórnarmenn eru Árni Bragason landgræðslustjóri, Diljá Mist Einarsdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, Gestur Pétursson, forstjóri Elkem á Íslandi, Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri, Halldór Þorgeirsson ráðgjafi, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar og Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs.

Fyrir 15. september 2019 mun vettvangurinn halda opinn kynningarfund þar sem hlutverk, verkefni og tilhögun vettvangsins verða kynnt.

**Stofnaðilar verkefnisins eru:**

- Forsætisráðuneytið
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Bændasamtök Íslands
- Orkuveita Reykjavíkur
- Landsvirkjun
- Landsnet
- Rarik
- Orkusalan
- HS Orka
- Elkem Ísland
- Rio Tinto á Íslandi
- Norðurál
- Alcoa Fjarðaál
- Efla
- Verkís
- Mannvit
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök iðnaðarins
- Viðskiptaráð Íslands
- Íslandsstofa
- Samorka
- Orkuklasinn

/smh



Af hálendinu norðan Kerlingarfjalla, Hofsjökull í baksýn. Mynd / HKr.

Húnavatnshreppur:

# Á móti áformum um stofnun miðhálendisþjóðgarðs

**Sveitarstjórn Húnavatnshrepps leggst alfarið gegn áformum um stofnun miðhálendisþjóðgarðs, en þau hafa verið kynnt sveitarfélögum á umliðnum vikum. Í bókun sveitarstjórnar segir að helstu rökin sem borin hafi verið á borð fyrir sveitarstjórnarfólk á fundum með miðhálendisnefndinni séu að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að stofna þjóðgarðinn.**

Sveitarstjórnin telur að mörg mikilvæg verkefni kalli á athygli og aukið fjármagn og séu mun brýnni hagsmunamál náttúru og þjóðar en stofnun miðhálendisþjóðgarðs.

„Stofnun þjóðgarðs hefur óhjákvæmilega í för með sér að skipulagsvald sveitarfélaga skerðist. Lagaramminn um þjóðgarða er þess eðlis að verulegur hluti skipulagsvalds er færður frá sveitarstjórnum með stjórnunar- og verndaráætlunum sem binda hendur sveitarstjórna þegar m.a. kemur að ákvörðunum um landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngur og aðra innviði. Allir þeir meginþættir sem felast í skipulagsvaldi eru því færðir frá sveitarfélögunum,“ segir í bókun sveitarstjórnar Húnavatnshrepps.

*Víða pottur brotinn í viðhaldi*

Þar kemur einnig fram að ekki sé viðunandi að stjórn og umráð yfir 40% af Íslandi verði í höndum fárra aðila. „Stöðugt er vegið að sjálfstæði landsbyggðarsveitarfélaga og þeim ekki treyst fyrir því landsvæði sem er innan þeirra sveitarfélagsmarka. Í ljósi reynslu sem komin er á rekstur þjóðgarða á Íslandi má glöggt sjá að mjög víða er pottur brotinn t.d. í viðhaldi vega, fráveitumála og merkingum svo eitthvað sé nefnt. Ljóst er að mörg stór verkefni sem útheimta mikið fjármagn bíða framkvæmda í þjóðgörðum landsins.“

Því fái sveitarstjórn Húnavatnshrepps ekki séð hvernig ríkinu eigi að takast að halda utan um, sinna og fjármagna, öll þau stóru verkefni sem munu bætast við verði miðhálendisþjóðgarður að veruleika. Allvíða á hálendinu þar sem ekki eru þjóðgarðar er þegar mjög vel haldið á málum.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur af því áhyggjur að viðhald og uppbygging þeirra svæða á hálendinu þar sem vel hefur verið haldið á málum færist aftarlega í röðina þegar kemur að úthlutun fjármagns til svæða í fyrirhuguðum þjóðgarði.

„Í ljósi reynslunnar telur sveitarstjórn að þá muni þeim eignum sem áður voru í eigu og umsjá viðkomandi sveitarfélaga ekki verða viðhaldið og að endingu lokað. Á það bæði við um húsbyggingar og vegslóða eins og dæmi er um í Vatnajökulsþjóðgarði.“ /MÞÞ

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi endurreist:

# Vitundarvakning í umhverfismálum

**„Það hefur orðið snörp vitundarvakning í umhverfismálum á Íslandi undanfarið og þetta er líklega afsprengi af því,“ segir Harpa Barkardóttir, sem kjörinn var formaður Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN.**

Hópur áhugafólks um umhverfismál og náttúruvernd hefur undanfarna mánuði hist m.a. í því skyni að endurreisa samtökin. Kynningarfundur var haldinn á Akureyri í byrjun apríl þar sem mættu um 90 manns. Starfsemi SUNN hefur að mestu legið niðri undanfarin ár, m.a. vegna þess að enginn gaf kost á sér sem formaður stjórnar, en hugmynd um endurreisn fékk góðan meðbyr og var því ákveðið að láta slag standa.

*Mikill áhugi*

„Það var einkum vegna samtals milli áhugafólks um náttúruvernd sem endurreisnarstarfið hófst. Mæting á kynningarfundinn sýnir berlega að fólk hefur þörf á að sameinast um umhverfismálin og kannski taka samtalið úr eldhúskróknum – hittast og finna hugðarefnum sínum farveg á vettvangi sem þessum,“ segir Harpa og bætir við að vitundarvakning almennings þegar að umhverfismálum kemur hafi hjálpað til.



Kynningarfundur var haldinn á Akureyri í byrjun apríl og mættu um 90 manns.

*Verða á varðbergi gagnvart hættu sem náttúru er búin*

Harpa segir að nú sé unnið að því að koma starfseminni af stað, setja upp heimasíðu, kynna samtökin „og vonandi getum við staðið fyrir einhverjum skemmtilegum viðburðum á árinu s.s. málþingi eða fræðslu af einhverju tagi,“ segir hún og bætir við að samtökin muni að sjálfsögðu gera sitt besta til að vera á varðbergi gagnvart hvers konar hættu sem náttúrunni er búin af mannlegum inngripum og vekja athygli á henni. Þá stendur að auki til að ýta úr vör vinnuhópum um tiltekin málefni og vinna á þann hátt að því að virkja félagsmenn til að nýta vettvanginn.

Fyrsti aðalfundur samtakanna í ellefu ár var haldinn fyrr í maímánuði og var þá kosin stjórn sem samanstendur af fólki víðs vegar að af Norðurlandi.

Í stjórn eru Harpa Barkardóttir, formaður, frá Svalbarðsströnd, Sævar Þór Halldórsson, Akureyri, Bryndís Pétursdóttir, Þingeyjarsveit, Steinþór Heiðarsson,Tjörnesi, Inga Katrín D. Magnúsdóttir, Skagafirði og í varastjórn eru Guðrún Anna Óskarsdóttir, Dalvík og Hólmfríður Sólveig Haraldsdóttir, Akureyri. /MÞÞ




ÞÚ VEIST HVAÐ ÞIG VANTAR

VIÐ FJÁRMÖGNUM



Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

Lykill
fjármögnun

Pipar\TBWA \ SÍA

# Margir renna fyrir fisk á Seleyrinni

**„Já, ég fer oft á hverju sumri að veiða á Seleyrinni, gaman að renna fyrir fisk þarna,“ sagði veiðimaður sem ég hitti í Borgarnesi fyrir skömmu. „Stundum veiðir maður bara vel þarna, mest silunginn,“ sagði veiðimaðurinn enn fremur.**

Það fara kannski ekki miklar sögur af svæðinu en laxinn fer alla vega þarna í gegn um leið og hann rennir sér upp í veiðiárnar eins og Norðurá, Gljúfurá, Þverá, Flókadalsá, Grímsá, Reykjadalsá og Andakílsá.

Veiðin er líka að byrja í vötnum víða um land, fátt er skemmtilegra en að ná í stöngina upp á hillu og renna fyrir silung. Og það styttist í laxinn. Allt er þetta að byrja þessa dagana.



Veiðimaður rennir fyrir fisk á Seleyri við Borgarfjörð.
Mynd / María Gunnarsdóttir



Laxá í Kjós. Mynd / G.Bender

# Laxveiðin að fara á fullt

**Norðurá í Borgarfirði verður opnuð formlega 4. júní og verður spennandi að sjá hvernig veiðin byrjar. Laxinn er að mæta í ána þessa dagana. Laxá í Kjós opnar aðeins seinna, eða 15. júní og Grímsá 19. júní. En allt er þetta að koma.**

Bubbi Morthens sá fyrsta laxinn í Laxá í Kjós þetta árið og hann sá líka fyrsta laxinn í ánni síðustu 4 árin.

Borgarstjórinn og fleiri opna Elliðaárnar 20. júní. Urriðaveiði hefur verið í Elliðaánum eins og við sögðum frá í síðasta veiðiþætti, veiðin hefur gengið vel og margir fengið fína veiði. 5 urriðar á dag á fluguna sem er flott veiði.

Góð sjóbirtingsveiði hefur verið á þessu tímabili, eins og austur við Kirkjubæjarklaustur. Margir hafa veitt vel af sjóbirtingi eins og í Geirlandsá, Tungufljóti, Tungulæk og Vatnamótunum.






Fyrsti hópur veiðileiðsögumanna sem útskrifaðist.

# Ferðamálaskóli Íslands að útskrifa fyrsta hóp veiðileiðsögumanna

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com



**Fyrir skömmu útskrifaði Ferðamálaskóli Íslands hóp 22 veiðileiðsögumanna sem stundaði nám í vetur. Námið er hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi og voru fyrirlesarar meðal annars frá Landssambandi veiðifélaga (LV) og hinum ýmsu veiðiám, t.d. Ytri Rangá, Vatnsdalsá og Breiðdalsá og Jöklu.**

Námið var alls 70 stundir og er hugsað fyrir þá sem hug hafa á að gerast veiðileiðsögumenn við ár og vötn fyrir jafnt íslenska sem og erlenda veiðimenn.



Reynir Friðriksson kennir á námskeiðinu.

Meðal kennsluefnis var til dæmis undirstöðuatriði er varða líffræði og lífshætti íslenskra ferskvatnsfiska ásamt ýmsum öðrum fróðleik. Og síðast en ekki síst var lögð mikil áhersla á skyndihjálp og áfallahjálp og sérstaklega til þátta sem tengst gætu hættum við ár og vötn. Að lokum var síðan tveggja daga ferð í Ytri Rangá þar sem nemendur fengu að spreyta sig í kasttækni með mismunandi veiðarfærum, einhendum, tvíhendum og kaststöngum undir handleiðslu kennara. Nú þegar hafa veiðileyfissalar haft samband og óskað eftir nýútskrifuðum veiðileiðsögumönnum til starfa á komandi sumri.

Allir leiðbeinendurnir hafa áratuga reynslu sem leiðsögumenn við ár og vötn eða vísindamenn hver á sínu sviði.

# Silungurinn tók þegar fór að hlýna

**„Ég og Ragnar Ingi Danner ákváðum að skella okkur í Laxárvatn í Dölum, sem er í Veiðikortinu, fyrir skömmu,“ sagði Árni Kristinn Skúlason er við heyrðum í honum nýkomnum úr veiðinni.**

„Við mættum um 9 leytið og ákváðum að labba hringinn í kringum vatnið. Það kom mér á óvart hve aðdjúpt vatnið er, hentar einstaklega vel til fluguveiða. Það var éljagangur og sólskin til skiptis, skítkalt og fraus í lykkjum.

Í norðanverðu vatninu rann sæmilegur lækur út í og fékk Raggi tvo þar rétt hjá. Það er gott aðgengi að vatninu og bakkarnir eru vel grónir.

Þegar það fór að hlýna aðeins fóru hlutirnir að gerast, fiskur byrjaði að elta og taka. Í sunnanverðu vatninu fengum við 4 fiska, allir tóku grimmt og rifu vel í. Það þarf greinilega að hitna aðeins meira til að hlutirnir fari almennilega af stað,“ sagði Árni Kristinn, sem þræðir veiðivötnin hverja helgi.



Árni Kristinn Skúlason með flottan urriða úr Laxárvatni. Mynd / Ingi Danner

# Um þrjátíu fiskar hafa veiðst í Minnivallarlæk

**Tveir veiðimenn ganga meðfram Minnivallarlæk í Landsveit og annar kastar flugunni, fiskurinn vakir en er tregur. Þeir færa sig neðar en fiskurinn er ekki í tökustuði. Svona er bara veiðin, stundum tekur hann, stundum ekki. En útiveran er góð.**

„Það hafa veiðst um 30 fiskar síðan lækurinn var opnaður fyrr í sumar og fyrir hálfum mánuði fengu veiðimenn 9 eina helgina, það er flott veiði,“ segir Þröstur Elliðason leigutaki er við heyrðum í honum hljóðið.

Urriðinn er fyrir hendi, hann er vænn en það getur verið erfitt að fá hann til að taka agn veiðimanna.

Veiðimennirnir halda áfram að kasta, bráðum tekur urriðinn.



Kría flugur yfir Minnivallarlækinn og gerir sig líklega til að ná sér í eitthvað í gogginn. Hún veiðir meira en sumir.


ER KOMINN TÍMI
Á NÝTT GLER ?
VIÐ SÉRSMÍÐUM GLER
EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í
1969
Íspan
2019
GLER OG SPEGLAR
50 ÁR
• EINANGRUNARGLER
• SÓLVARNARGLER
• HLJÓÐVARNARGLER
• ÖRYGGISGLER
• HAMRAÐ GLER
• HERT GLER
• LAKKAÐ GLER
• SPEGLAR
SMIÐJUVEGI 7
200 KÓPAVOGUR
SÍMI 54 54 300
ISPAN.IS


LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS
Frelsi
... TIL AÐ VAXA MEÐ NÁTTÚRUNNI
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ.
SNÚÐU VAXANDI ÁSKORUNUM Í UMHVERFISMÁLUM OG MATVÆLAFRAMLEIÐSLU ÞÉR Í VIL
Nýting náttúrunnar, verndun hennar og viðhald er mál sem snertir okkur öll og með nýrri þekkingu og frumkvöðlastarfi má gera hlutina á arðbæran hátt. Nám við LbhÍ er tilvalið fyrir þá sem hafa áhuga á náttúru Íslands, umhverfismálum, sjálfbærni, búvísindum, skipulagi, hönnun og matvælaframleiðslu.
Náttúran er einstök.
BÚFRÆÐI
GARÐYRKJA
BÚVÍSINDI
SKÓGFRÆÐI
NÁTTÚRU- OG UMHVERFISFRÆÐI
UMHVERFIS-SKIPULAG
HESTAFRÆÐI
SKIPULAGSFRÆÐI
RANNSÓKNIR
WWW.LBHI.IS / LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS / Sími 433 5000

# STEKKUR

## 50 ár frá því lent var á tunglinu

**Ein af elstu minningum mínum er að hafa horft á lendinguna á tunglinu í svarthvítu túbusjónvarpi í sveitinni. Eftir á gekk ég út með ömmu minni, sem var fædd 1882, og sást tunglið á björtum himninum og ég gleymi því aldrei þegar amma sagði: „Ég er fædd í torfkofa og nú eru menn á tunglinu.“**

Persónulega hefur mér þótt lendingin á tunglinu vera eitt af merkilegustu afrekum mannkyns og fyrsta skrefið út í geiminn þar sem framtíð mannkynsins liggur.

Fyrir skömmu lentu Kínverjar fari á tunglinu og gerðu tilraunir með að láta fræ spíra en áður hafa verið gerðar tilraunir með að rækta salat um borð í Alþjóðlegu geimstöðinni sem er á sveimi umhverfis jörðina og árið 2015 smökkuðu geimfarar á fyrsta salati sem ræktað var í geimnum.

Rannsóknir á ræktun plantna og matvæla í geimnum eru liður í því að geta sent mönnuð geimför í langar geimferðir sem taka mörg ár, áratugi og jafnvel aldir.

Yuri Gagarin fór fyrstur manna á sporbaug kringum jörðu árið 1961en það voru þeir Armstrong og Aldrin sem fyrstir manna stigu fæti á tunglið árið 1969. Fram til þessa hafa tólf menn notið þeirrar gæfu að standa á tunglinu. Allir þessir menn eiga það sameiginlegt að vera bandarískir þegnar og opinberir starfsmenn þar að auki.

Þeir sem vilja halda áfram eðlilegum rannsóknum úti í víðáttum geimsins og á fjarlægum hnöttum kvarta eðlilega sárt yfir minnkandi áhuga og um leið fjármagni til þessa málaflokks. Það er því ekki óeðlilegt að horft sé með opnum hug á þann möguleika að bjóða almenningi skemmtiferðir til tunglsins og um leið afla fjár til áframhaldandi rannsókna á geimferðum.

Til þess að hægt sé að bjóða ferðir til tunglsins þarf náttúrlega að vera aðstaða til gistingar. Eins og stendur er ekki búið að reisa hótel á tunglinu en talið er að það verði byggt á næstu árum. Ein hugmyndin um aðstöðu á tunglinu gerir ráð fyrir aðstöðu fyrir 5.000 manns í háhýsi sem teygir sig hundruð metra upp í himininn og að þar verði veitingahús, verslanir og líkamsræktarstöðvar.

Fyrstu ferðalangarnir til tunglsins munu án efa verða fréttamenn og moldríkir ævintýramenn. Fljótlega eftir það verða ferðir til tunglsins hafðar sem vinningar í hinum ýmsu happdrættum og samkeppnum. Að lokum munu þessar ferðir standa öllum almenningi til boða.

Þegar til tunglsins er komið verður séð fyrir fjölbreyttri afþreyingu. Hægt verður að fara í gönguferðir eða gígaskoðun og svo er ekki ólíklegt að boðið verði upp á golf. Tunglfarinn Alan Sheparp var fyrstur manna til að spila golf á tunglinu. Honum tókst að hitta kúluna í þriðju tilraun og sagt er að það sé lengsta högg sögunnar.

Ferð til tunglsins verður ógleymanlegt ævintýri fyrir alla sem þangað fara. Það er varla hægt að ímynda sér hversu sú tilfinning er að horfa á jörðina utan úr geimnum. Hvað þá að horfa á tunglið frá jörðu eftir að heim er komið og geta sagt: „Þarna hef ég verið. Þrír, tveir, einn, og good luck mister. Grosky.“ /VH

NYTJAR HAFSINS



Bátar í höfn í Ólafsvík. Mynd / HKr.

# Hvað kostar að gerast trillukarl?



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

**Margir hafa eflaust ekki leitt hugann að því að töluverð fjárfesting býr að baki starfsemi trillukarla. Nýir aðilar þyrftu að leggja í hundruð milljóna fjárfestingu til að kaupa bát og kvóta.**

Smábátaútgerð hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og ímynd trillukarlsins er allt önnur en áður. Þegar kvóti fyrir smábáta var tekinn upp, krókaaflamarkið svonefnda, byggðist hann á aflareynslu. Hver bátur fékk sem sagt veiðiheimildir sem tengdust fyrri reynslu. Kvótinn er framseljanlegur innan hópsins og fljótlega áttu sér stað mikil viðskipti með veiðiheimildirnar. Flestir sem gera út krókaaflamarksbáta nú á tímum hafa keypt aflaheimildir sínar að langstærstum hluta. Að mati Arnar Pálssonar, framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda, lætur nærri að 70 til 80% af kvóta í smábátakerfinu hafi verið keypt og skipt um hendur og sennilega liggur þetta hlutfall nær 80%.

„Þeir sem gera út smábáta í dag byggja útgerð sína 20 til 30% á eigin aflareynslu að meðaltali, hitt er fengið með því að kaupa aflareynslu annarra,“ sagði Örn. Samkvæmt þessu hefur orðið svipuð þróun í litla kerfinu og stóra kerfinu að því leyti að þeir sem eru í útgerð í dag hafa keypt kvóta sinn að langmestu leyti.

*Varla minna en 175 milljónir*

Smábátaeigendur hafa flestir hverjir byggt upp útgerð sína smám saman. Margir lengdu úthaldið með leigukvóta en keyptu varanlegan kvóta eftir hendinni. Bátarnir hafa jafnframt stækkað sem hefur kallað á meiri aflaheimildir. En hvað skyldi það kosta að hefja smábátaútgerð í dag ef nýr aðili vildi fara inn í kerfið og kaupa bát og kvóta?

Örn Pálsson sagði aðspurður að menn slyppu varla með minna en um 175 milljóna króna fjárfestingu. Dæmið sem Örn stillti upp er þannig að unnt væri að fá þokkalegan notaðan bát, allt að 15 brúttótonnum, fyrir um 20 milljónir króna. Til að byrja með mætti hugsa sér að keyptur yrði um 70 tonna kvóti sem skiptist þannig að um 50 tonn væri þorskur og 20 tonn ýsa. Í heild kostaði slíkur kvóti og bátur samanlagt tæpar 175 milljónir eins og áður sagði og þá á eftir að taka tillit til kvótaleigu á fyrsta árinu. Í þessu dæmi er miðað við að verð á varanlegum heimildum í þorski sé um 2.400 krónur á kíló og verð á ýsu sé 1.800 krónur á kíló.

*Nýr bátur og meiri kvóti*

Dæmið lítur að sjálfsögðu allt öðru vísi út ef menn vilja fjárfesta í nýjum 15 tonna krókaaflamarksbáti og kaupa sér heldur meiri kvóta, eða 300 tonn. Nýr 15 tonna bátur gæti kostað um 150 milljónir króna. Kvóti sem væri samsettur úr 230 tonnum af þorski, 50 tonnum af ýsu og 20 tonnum af öðrum tegundum gæti kostað tæpar 700 milljónir. Menn þyrftu því að snara út tæpum 850 milljónum til að hefja slíka útgerð. Örn sagði að þeir sem vildu fjárfesta í útgerð þyrftu að hafa töluvert eigið fé til að reksturinn borgaði sig, hvort sem um væri að ræða 175 milljóna króna fjárfestingu eða 850 milljónir.

Afborganir af 850 milljóna króna láni væru rúmar 100 milljónir á ári. Þótt línuívilnun og hugsanlegur byggðakvóti væru tekin með í reikninginn dygði aflaverðmæti af 300 tonna kvóta ekki til að standa undir afborgunum, launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði.

*Þriðja dæmið*

Þriðja dæmið sem taka mætti er kostnaður við að koma sér upp 30 brúttótonna krókaaflamarksbáti, sem er hámarksstærð smábáta, og einhverjum lágmarkskvóta til að reka slíkan bát, segjum til dæmis um 700 tonn. Þótt ekki sé raunhæft að gera ráð fyrir að nýliðar ráðist í slíka fjárfestingu er fróðlegt að sjá hvernig þetta dæmi lítur út. Nýr 30 tonna bátur kostar hátt í 250 milljónir króna og greiða þyrfti rúma 1,5 milljarða fyrir kvótann. Samtals gæti þetta verið einhvað um 1,7 til 1,8 milljarða fjárfesting.

Af þessum þremur dæmum má sjá að það kostar sitt að gerast trillukarl!

Að sjálfsögðu gætu menn farið hægar í sakirnar og keypt sér strandveiðibát og hugsanlega grásleppuleyfi. Síðan væri hægt að kaupa kvóta eftir hendinni og byggja útgerðina upp smám saman.

### Stofnmæling Hafrannsóknastofnunar á botnfiski 2019:

# Útbreiðsla suðrænna tegunda eykst

**Samkvæmt skýrslu Hafrannsóknastofnunar vegna stofnmælingar á botnfiski hefur stofnvísitala þorsks lækkað síðustu tvö ár, en er þó hærri en árin 1985–2011. Mælingar sýna að útbreiðsla tegunda er að breytast og magn suðrænna tegunda að aukast.**

Vísitölur ýsu og ufsa lækkuðu frá fyrra ári, eftir að hafa farið hækkandi frá 2014. Vísitölur gullkarfa, löngu og langlúru eru háar miðað við síðustu þrjá áratugi en vísitölur steinbíts, keilu, skarkola, þykkvalúru, lýsu og skötusels eru nú nálægt meðaltali tímabilsins, en stofnar hlýra, tindaskötu og skrápflúru eru í sögulegu lágmarki. Vísitala grásleppu hefur farið lækkandi frá 2015 og er nú undir meðaltali áranna frá 1985.

*Árgangur þorsks 2017 nálægt meðallagi*

Í skýrslunni segir að árgangur þorsks frá 2017 virðist vera nálægt meðallagi í fjölda en fyrstu mælingar á árgangi 2018 benda til að hann sé undir meðalstærð. Árgangur ýsu frá 2017 mælist nálægt meðallagi en mælingin í ár sýnir að 2018 árgangur ýsu er lélegur.

*Ýsa léttist*

Meðalþyngd 1 til 5 ára þorsks mældist undir meðaltali áranna 1985 til 2019, en meðalþyngd eldri þorsks var um eða yfir meðaltali. Mælingar síðustu fjögurra ára sýna að árgangurinn frá 2015 er með þeim léttari frá 1985. Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur verið há undanfarin ár og mældist nú yfir meðaltali hjá öllum aldurshópum nema 1 og 2 ára.

*Loðna mest fyrir sunnan og vesta*

Loðna var helsta fæða þorsks og ýsu eins og ávallt á þessum árstíma. Loðna fékkst í mögum þorsks víðast hvar við landið og mest var í mögum fyrir sunnan og vestan. Fyrir ári síðan fékkst mikið af loðnu í mögum þorsks á grunnslóð við norðanvert landið, en svo var ekki í ár. Sjálfrán er ekki algengt hjá þorski á þessum árstíma.



Árgangur þorsks frá 2017 virðist vera nálægt meðallagi í fjölda en fyrstu mælingar á árgangi 2018 benda til að hann sé undir meðalstærð. Mynd / VH

*Magn suðrænna tegunda eykst*

Útbreiðsla ýmissa tegunda hefur breyst á tímabilinu, til dæmis ýsu og skötusels þar sem þungamiðja útbreiðslunnar hefur færst vestur og norður fyrir land. Stofnmælingar síðustu ára bendir til að útbreiðsla skötusels sé farin að líkjast því sem var fyrir aldamót þegar stofninn var lítill. Magn ýmissa suðlægra tegunda svo sem svartgómu, loðháfs og litlu brosmu hefur aukist, en á sama tíma hafa ýmsar kaldsjávartegundir gefið eftir á landgrunninu fyrir norðan. Hitastig sjávar við botn mældist að meðaltali hátt líkt og undanfarin ár. /VH

# Lely Center Ísland

## *Framúrskarandi rúlluplast og net*

**VERÐLISTI**

| Verð eru án vsk. | Listaverð ef greitt er 15 júlí og 15 ágúst |
|---|---|
| **Svart Silograss** **5 laga** | Kr. 9.900 |
| **Hvítt Supergrass** **7 laga** | Kr. 10.400 |
| **Grænt Supergrass** **7 laga** | Kr. 10.600 |
| **Hvítt EcoUltra** **7 laga**<br>**20% meira á rúllunni** | Kr. 11.200 |
| **Rúllunet Protector**<br>123 og 130 cm x 3000m | kr. 26.900 |




**Svart Silograss**
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 250 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40









**Hvítt og grænt Supergrass**
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 400 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40

**EcoUltra**
**20% meira á rúllunni**
**Frábært verð**

**Hvítt EcoUltra**
Lengd: 1800 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 22 u
Stungupróf: 350 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40

## *Seljum síðustu Lely heyvinnuvélarnar*
## *á frábærum verðum sem ekki bjóðast aftur*

***Verð miðast við staðgreiðslu án uppítöku***
***Samsettar og keyrðar heim á hlað***

***Eins árs verksmiðjuábyrgð***

**Welger RPC 245 Tornado**




***Verð:*** *kr. 9.300.000 án vsk.*

**Lely Lotus 520 Stabilo**




***Listaverð:*** *kr. 1.187.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 204.000**
***Verð:*** *kr. 980.000 án vsk.*

**Lely 240 Classic**




***Listaverð:*** *kr. 1.070.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 370.000**
***Verð:*** *kr. 700.000 án vsk.*

**Welger RPC 445 Tornado**




***Verð:*** *kr. 8.590.000 án vsk.*
*Notuð 300 rúllur*

**Lely Hibiscus 485 S**




***Listaverð:*** *kr. 1.351.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 301.000**
***Verð:*** *kr. 1.050.000 án vsk.*

**Lely 280 M**




***Listaverð:*** *kr. 1.500.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 250.000**
***Verð:*** *kr. 1.250.000 án vsk.*

**Lely 280 Classic**




***Listaverð:*** *kr. 1.239.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 389.000**
***Verð:*** *kr. 850.000 án vsk.*

**Lely 320 M**




***Listaverð:*** *kr. 1.660.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 250.000**
***Verð:*** *kr. 1.410.000 án vsk.*

**Lely Hibiscus 425 S**




***Listaverð:*** *kr. 1.070.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 170.000**
***Verð:*** *kr. 900.000 án vsk.*

**Lely Lotus 600 Stabilo**




***Listaverð:*** *kr. 1.474.000 án vsk.*
***AFSLÁTTUR:*** **kr. 111.000**
***Verð:*** *kr. 1.363.000 án vsk.*

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# Kynbótasýningar 2019

Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í
hrossarækt
thk@rml.is



**Kynbótasýningar hófust á Íslandi í þessari viku með sýningu á Sörlastöðum en boðið verður upp á 15 sýningar í ár víðs vegar um landið fyrir utan Fjórðungsmót Austurlands sem haldið verður að þessu sinni í Hornafirðinum.**

Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður haldið í Berlín dagana 4.–11. ágúst. Stefnt er að því að 6 kynbótahross fari fyrir hönd Íslands á mótið eins og verið hefur, í flokkum stóðhesta og hryssna; fimm, sex og sjö vetra og eldri.

Val kynbótahrossa á HM verður að liggja fyrir 1. júlí í ár og verður því valið úr kynbótahrossum sem sýnd verða á sýningum á undan þeirri dagsetningu.

Efstu hross sem eru í boði í hverjum flokki verða valin á mótið, hvar sem þau eru sýnd í heiminum, svo fremi sem þau séu fædd á Íslandi.

Sýningaráætlun ársins og allar reglur um kynbótasýningar má finna á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is, undir Kynbótastarf/hrossarækt.

Hérna er ætlunin að fara yfir val kynbótahrossa inn á Fjórðungsmótið.

***Fjórðungsmót á Austurlandi***

Fjórðungsmót verður haldið í Hornafirðinum í ár, nánar tiltekið á Fornustekkum, félagssvæði Hornfirðings, dagana 11.–14. júlí. Hross sem eru í eigu aðila á Austurlandi, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum en einnig á Suðurlandi vestur að Þjórsá eiga þátttökurétt á mótinu og er miðað við að lágmarki 25% eignarhlut.

## Fjöldi kynbótahrossa á FM 2019

| | 4 vetra | 5 vetra | 6 vetra | 7 v. og eldri | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Stóðhestar: | 5 | 6 | 5 | 5 | 21 |
| Hryssur: | 5 | 8 | 7 | 5 | 25 |

Það er því mikilvægt að eigendur kynbótahrossa fari yfir upplýsingar um heimilisfang sitt í heimaréttinni í WorldFeng en það er hægt að lagfæra þær upplýsingar í flipanum Um mig í heimaréttinni ef þær eru ekki réttar. Ef hross skiptir um eiganda í vor verða eigendaskiptin að hafa farið fram fyrir kynbótadóm á viðkomandi hrossi.

Ákveðinn fjöldi efstu hrossa í hverjum flokki eiga þátttökurétt á mótinu og er miðað við að 46 kynbótahross verði á mótinu. Til að auðvelda bestu klárhrossum með tölti að komast inn á mótið verður 10 stigum bætt við aðaleinkunn klárhrossa í sætisröðun hrossa inn á mótið. Þetta er sama leið og var farin fyrir síðasta landsmót hvað klárhrossin varðar.

Þegar kynbótasýningarnar byrja á Íslandi verður birtur stöðulisti í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu.

Eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum eru beðnir um að láta vita fyrir 25. júní, þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

# Léttir á Akureyri hélt vel heppnaða Hestaveislu

## – Uppskeruhátíð hrossaræktunarstarfs á Norðurlandi

**Vel heppnuð og árleg Hestaveisla Hestamannafélagsins Léttis var haldin í Léttishöllinni fyrir skömmu, en einnig var í tengslum við veisluhöldin farið í heimsókn í Torfunes og til Hestamannafélagsins Grana á Húsavík.**

Fyrsti viðburðurinn nefndist Fákar og fjör en 10 ár eru frá því sá viðburður varð árlegur í starfsemi Léttis og því meira lagt í hann en oft áður. Hann hófst með eftirminnilegu opnunaratriði þar sem fjölskyldan á Myrkárbakka, foreldrar og 7 börn, 4 til 17 ára, komu ríðandi inn í höllina klædd í Léttisbúning undir íslenskum fánum og Léttisfánum. Fjöldi atriða var í boði að því loknu, en m.a. hlaut Atli Freyr Maríönnuson nafnbótina „Bjartasta vonin 2019" og viðeigandi bikar að launum. Gunnar og Kristbjörg í Auðholtshjáleigu gáfu bikarinn árið 2013 og hefur hann verið afhentur á skemmtuninni Fákar og fjör síðan þá. Gunnar og Kristbjörg voru ásamt Þórdísi dóttur sinni með atriði og sýndu hross sín.



**Bær á Höfðaströnd. Sigmar Bragason og Mætta frá Bæ.** Myndir / Þórir Tryggvason

Léttismenn brugðu undir sig betri fætinum og héldu austur yfir, komu við hjá Baldvin Kr. Baldvinssyni á ræktunarbúinu Torfunesi og héldu svo áfram til Húsavíkur og heimsóttu Granamenn þar í bæ. Hnakkakynning var í Léttishöllinni og þá var boðið upp á stórsýningu sem bar heitið Ræktunarveislan. Helgin er eins konar uppskeruhátíð hrossaræktunarstarfs á Norðurlandi, en það sem m.a. var í boði var bjartasta vonin, skrautreiðahliðahryssur og alhliðahestar, klárhryssur og klárhestar, heiðrun, flugskeið, stóðhestar, ræktunarbú, afkvæmasýningar, grín, heimsmeistari og margt, margt fleira skemmtilegt. */MÞÞ*




**Vatnsleysa í Skagafirði. Björn Jónsson og Hrímnir frá Vatnsleysu.**




**Tilnefnd ræktunarbú til verðlauna Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga.**



**Líney Hjálmarsdóttir, Tunguhálsi.**



**Ræktunarbú ársins er Syðra Garðshorn á Þelamörk. Agnar Þór Magnússon, Birna Tryggvadóttir og börn.**

Lely Center Ísland

# *Flott hliðgrind á lóðina þína!*

## Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

| Númer | Lýsing | Verð án vsk. | Verð m/vsk. |
|---|---|---|---|
| F000 2140 03 | Hlið 0,92 m, 7 sláa | kr. 12.695 | kr. 15.742 |
| F000 2140 04 | Hlið 1,22 m, 7 sláa | kr. 15.878 | kr. 19.698 |
| F000 2140 05 | Hlið 1,52 m, 7 sláa | kr. 17.536 | kr. 21.745 |
| F000 2140 06 | Hlið 1.83 m, 7 sláa | kr. 19.171 | kr. 23.776 |
| F000 2140 07 | Hlið 2,13 m, 7 sláa | kr. 20.823 | kr. 25.821 |
| F000 2140 09 | Hlið 2.75 m, 7 sláa | kr. 22.982 | kr. 28.489 |
| F000 2140 10 | Hlið 3,05 m, 7 sláa | kr. 29.456 | kr. 36.525 |
| F000 2140 11 | Hlið 3,35 m, 7 sláa | kr. 31.115 | kr. 39.451 |
| F000 2140 12 | Hlið 3,66 m, 7 sláa | kr. 33.112 | kr. 41.059 |
| F000 2140 13 | Hlið 3,95 m, 7 sláa | kr. 34.877 | kr. 43.247 |
| F000 2140 14 | Hlið 4,27 m, 7 sláa | kr. 37.852 | kr. 46.936 |
| F000 2140 15 | Hlið 4,57 m, 7 sláa | kr. 39.885 | kr. 49.457 |
| F000 2140 16 | Hlið 4.88 m, 7 sláa | kr. 44.606 | kr. 55.311 |
| F017 2002 46 | Staur 2,4m m/ læsigati, 2 eyru | kr. 17.342 | kr. 21.504 |
| F017 2002 47 | Staur 2,4m 89 mm, 4 eyru | kr. 17.986 | kr. 22.303 |









## *Gerðisgrindur*

**Gerum tilboð í magn eftir teikningum**



**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# STÓÐHESTAR 2019

STÓÐHESTAR MEÐ FYRSTU VERÐLAUN OG KEPPNISHESTAR FRÁ AUÐSHOLTSHJÁLEIGU
TAKA Á MÓTI HRYSSUM Í SUMARGANGMÁL

HORSEEXPORT



**HRAFNAR**
FRÁ AUÐSHOLTSHJÁLEIGU
Aðaleinkunn: **8,46**
Bygging: 8,08
Hæfileikar: 8,72



**GAUMUR**
FRÁ AUÐSHOLTSHJÁLEIGU
Aðaleinkunn: **8,69**
Bygging: 8,13
Hæfileikar: 9,05



**VILJAR**
FRÁ AUÐSHOLTSHJÁLEIGU
Aðaleinkunn: **8,27**
Bygging: 8,39
Hæfileikar: 8,19



**SPROTI**
FRÁ AUÐSHOLTSHJÁLEIGU
Aðaleinkunn: **8,26**
Bygging: 8,43
Hæfileikar: 8,15



**FENGUR**
FRÁ AUÐSHOLTSHJÁLEIGU
Ósýndur stóðhestur á 6 vetri.
Keppnishestur í fjórgangi í meistaraflokki.



**SVEINN-HERVAR**
FRÁ ÞÚFU
Aðaleinkunn: **8,25**
Bygging: 8,06
Hæfileikar: 8,38

ÚTFLUTNINGUR - HROSSARÆKT

**HAFIÐ SAMBAND TIL AÐ PANTA UNDIR STÓÐHESTA** • GUNNAR ARNARSON & KRISTBJÖRG EYVINDSDÓTTIR
Símar: 557 3788 / 892 0344 • Netfang: gunnara@simnet.is • Veffang: horseexport.is

FRÉTTASKÝRING

# Öfgar og upphrópanir í loftslagsumræðunni rugla fólk og skaða göfugan málstað

## – hefur m.a. leitt til þess að sumir halda í alvöru að gróðurhúsalofttegundir verði til í gróðurhúsum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Aukning koldíosxíðs ($CO_2$) í andrúmslofti jarðar í kjölfar iðnvæðingar á nítjándu, tuttugustu og nú fram á tuttugustu og fyrstu öldina, hefur ýtt við vísindamönnum. Þeir telja að sannfæra þurfi jarðarbúa um að með brennslu jarðefnaeldsneytis sé verið að stefna lífi á jörðinni í mikla hættu. Andrúmsloftið sé að hitna með ógnvænlegum hraða. Ekki eru þó allir sáttir við aðferðafræði þeirrar umræðu sem byggir í síauknum mæli á upphrópunum og heimsendaspám.**

Upphrópanir um skaðlegar gróðurhúsalofttegundir skila sér vel út í samfélagið án þess að fólk geri sér alltaf grein fyrir hvað um er verið að tala. Þetta hefur m.a. komið berlega í ljós varðandi ferðamenn sem heimsótt hafa íslenska garðyrkjubændur. Þar hafa komið upp spurningar eins og hvernig bændur þori yfirleitt að vinna í gróðurhúsum, vegna þeirrar gríðarlegu hættu sem þar er vegna stórskaðlegra gróðurhúsalofttegunda [greenhouse gases]. Þar virðist alveg hafa gleymst að upplýsa fólk um að koldíoxíð er lífsnauðsynleg lofttegund fyrir allan gróður á jörðinni og með ljóstillífun sinni framleiði plönturnar súrefni. Þannig er greinilegt að upphrópanir eru ekki alltaf að leiða til sérlega vitrænnar umræðu um þessi mál. Það er mjög miður því ekki er vanþörf á að tekið sé af skynsemi á málum í baráttunni við loftmengun af mannavöldum, en ofstæki mun þar aldrei skila góðum árangri.

### *Ofuráhersla á bíla*

Þegar litið er á áherslur stjórnmálamanna á Vesturlöndum í þeirri sjálfsögðu viðleitni að reyna að draga úr loftmengun af mannavöldum, þá hefur hún verið langmest áberandi varðandi koltvísýringslosun hins almenna borgara með akstri ökutækja. Það er þrátt fyrir að vitað sé að ökutæki eru langt frá því að vera stærsti skaðvaldurinn. Bíleigendur þykja hins vegar þægilegt skotmark þegar gripið er til ákvarðana sem taldar eru vinsældavænar eins og skattlagningar af ýmsum toga. Víða er þetta komið út í hreinar öfgar og hefur leitt til þess að skattgreiðendum er freklega mismunað eftir því hvernig bíl þeir þurfa að nota. Þannig er staðan m.a. orðin á Íslandi.

Stórlosendur á borð við kolaorkuver, flugbransann, stórskipasiglingar á úthöfunum og svo ekki sé talað um hernaðarrekstur eru þar settir utan sviga. Á sama tíma hafa t.d. íslenskir stjórnmálamenn verið að stuðla að stóraukinni losun $CO_2$ m.a. með uppsetningu á kísilmálmverksmiðjum sem brenna ógrynni kola, timburs og kox.

### *Fyrst eru búnar til tafir í umferðinni sem síðan á að skattleggja*

Nýjasta spekin er að takmarka bílaumferð um höfuðborg Íslands með „tafagjöldum“ á sama tíma og yfirvöld vinna að því að auka umferð í vesturhluta Reykjavíkur. Þar er m.a. verið að koma upp heljarmikilli íbúðabyggð í Vatnsmýri þar sem að auki er stöðugt verið að byggja vegna tveggja háskóla og margvíslegs mannafls- og bílafrekrar starfsemi.




Sömuleiðis er verið að byggja risastóran Landspítala á svæðinu sem kallar á enn meiri bílaumferð. Hins vegar er ekkert gert til að liðka fyrir allri þeirri umferð, til að minnka tafir í umferð og mengunaraukningu sem tafirnar valda. Engu er líkara en að búið sé að þurrka út hugtakið „heilbrigð skynsemi“ úr öllum aðgerðarhandbókum og gagnabönkum stjórnkerfisins.

### *Vonarglæta úr undraveröld umhverfisumræðunnar*

Það má þó segja íslenskum stjórnmálamönnum til hróss að stundum hrökkva molar af þeirra borðum í loftslagsumræðunni sem eru gulls ígildi. Nú hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskað eftir umsögnum um drög að reglugerðarbreytingu sem bannar notkun svartolíu innan íslenskrar landhelgi [ekki á alþjóðlegu hafsvæði]. Auk tilætlaðs ávinnings fyrir loftslagið er breytingunni ætlað að stuðla að betri loftgæðum við strendur Íslands og hvetja til notkunar á loftslagsvænni orkugjöfum á skipum.

„Svartolía“ er samheiti yfir þungar og seigar olíur sem eru með ákveðna eiginleika og geta innihaldið hátt hlutfall brennisteins. Svartolía er m.a. notuð í skipasiglingum og mengar meira en annað eldsneyti. Þegar hún brennur losnar mikið af sóti út í andrúmsloftið.

Það var löngu kominn tími til að ráðuneytið vakni til aðgerða í þessu máli, sem m.a. Hafnasamband Íslands hefur barist fyrir um árabil. Undirritaði sambandið m.a. yfirlýsingu Arctic Commitment fyrir margt löngu þar sem lagt er til bann við notkun svartolíu í Norðurhöfum.

Þessi reglugerðarbreyting er mikilvægari en margir átta sig á og hefur margfalt meira vægi í loftslagsaðgerðum en t.d. baráttan við einkabílinn sem hér hefur helst verið í tísku.

### *Áhrifamikil og skaðleg brennisteinsmengun*

Óhrein skipaolía inniheldur oft mikið af brennisteini SO sem við bruna myndar brennisteinsdíoxíð $SO_2$. Í samspili við nituroxíð NOx er það talið verið mikill áhrifavaldur varðandi myndun gróðurhúsaástands vegna agna sem myndast í andrúmsloftinu og leiða m.a. af sér súrt regn.

Brennsla á kolum losar líka afar mikið af $SO_2$ út í andrúmsloftið. Rúmlega hálf öld er síðan íslensk skip hættu að brenna kolum og fóru að brenna olíu. Kol eru samt enn lykil orkugjafi í raforkuframleiðslu heimsins og hefur sú notkun aukist á undanförnum árum vegna kröfu um aukna rafvæðingu, m.a í samgöngum. Aukningin er langmest í Asíu samkvæmt tölum umhverfisstofnana DEFRA í Bretlandi og EPA í Bandaríkjunum.

### *Evrópa mesti loftmengunarsóðinn árið 1980*

Þótt nú um stundir snúist öll umræðan um losun á koltvísýringi, þá hefur það ekki alltaf verið svo. Brennisteinsdíoxíð er t.d. mun hættulegra umhverfinu og heilsu manna og hefur oft skapað háværa umræðu.

Upp úr 1970 var mikið rætt um súrnun stöðuvatna m.a. í Svíþjóð og súrnun hafsvæða eins og Eystrasalts vegna kolareyksmengunar frá Austur-Evrópu. Á þeim tíma var heldur ekki annað af umræðunni að heyra en allt væri á leið norður og niður. Vonleysið virtist botnlaust í umhverfismálum og umræðan oft og tíðum mjög gildishlaðin. Birtar voru myndir af dauðum trjám, mikil hræðsla greip um sig og héldu margir að allir skógarnir væru að eyðast.

Árið 1980 voru Evrópubúar að losa 71,2 milljónir tonna af $SO_2$, mest vegna brennslu kola. Súrt regn fellur þar sem regnið er blandað brennisteinssýru ($H_2SO_4$), saltpéturssýru ($HNO_3$) og lífrænum sýrum. Þessar sýrur myndast við bruna á kolum og olíu og eru því mjög algengar þar sem iðnaður er mikill.

Langt er nú síðan minnst hefur verið á dauða Eystrasalts og sænsku vatnanna vegna súrnunar, en botnlausar koltvísýringsáhyggjur virðast hafa tekið við.

Árið 1980 voru Norður-Ameríkuríkin (Bandaríkin og Kanada) ekki hálfdrættingar á við Evrópu og voru að losa um 30,5 milljónir tonna af brennisteinsdíoxíði. Árið 1980 höfðu Asíuríki tekið fram úr Norður-Ameríkuríkjum í losun $SO_2$ og voru komin með nærri 37 milljónir tonna. Þau fóru svo fram úr Evrópuþjóðum í losun $SO_2$ um 1990.

### *Asía nú öflugust í losun $SO_2$ en Evrópa í öðru sæti*

Í dag er Asía langmesti losunarvaldur brennisteinsdíoxíðs og var komin upp í nærri 52 milljónir tonna árið 2010. Þá vantaði samt mikið á að Asíuríkin næðu útblástursóðaskap Evrópu frá 1980. Árið 2010 hafði heildarlosun á $SO_2$ í heiminum samt dregist saman um 54 milljónir tonna frá 1980, eða úr 151,5 milljónum tonna í 97 milljónir tonna. Evrópa var þá næstmesti losandi $SO_2$ á heimsvísu með nærri 20 milljónir tonna, að mestu vegna raforkuframleiðslu og húsakyndingar.

Sem dæmi þá minnkaði losun þessarar lofttegundar í Bretlandi úr 6,5 milljónum tonna árið 1970 í 180.000 tonn árið 2016. Auk þess hefur losun nituroxíðs NOx minnkað á sama tíma þar í landi úr 3,15 milljónum tonna í 890.000 tonn og á lífrænum gastegundum öðrum en metani úr 2,4 milljónum tonna í 820.000 tonn.

Ef þessar tölur alþjóðlegra stofnana eru réttar þá ætti þetta að hafa haft talsverð áhrif á lofthjúpinn, til góðs. Þess sjást þó ekki mikil merki í fjölmiðlaumræðunni.

Samkvæmt gögnum OECD frá 2014 þá er reiknað með að þróunin í Asíu og Afríku varðandi losun á brennisteindíoxíði $SO_2$ verði á svipaðan veg og hefur orðið raunin í Evrópu og Ameríku. Þar eru breytingar dregnar áfram af tækniþróun og hertum reglum. Hámarkinu hafi þó ekki verið náð á þeim tímapunkti í Afríku og víða í Asíu, en samt greinileg merki sögð um breytingar. Þannig var hámarki losunar $SO_2$ náð í Kína árið 2006 og hefur verið að draga úr losun þeirrar gastegundar þar í landi síðan. Indland hefur verið nokkuð á eftir Kína á þessari þróunarbraut.

### *Bylting í þróun sprengihreyfla*

Gallinn við loftslagsumræðuna í dag er hvað þar er oft afar misvísandi tölfræði sem stenst ekki alltaf skoðun. Má þar t.d. benda á fullyrðingar um losun mýra á Íslandi sem mjög hefur verið haldið á lofti, en um leið harðlega gagnrýndar af vísindamönnum á borð við dr. Þorstein Guðmundsson. Oft er líka vísað í úrelta tölfræði t.d. um útblástur frá bílum. Ekki er þess þá alltaf gætt að taka tillit til byltingar í hönnun sprengihreyfla fyrir bifreiðar á liðnum árum.

Nú eyða bílar um þriðjungi til helmingi minna eldsneyti á hvern ekinn kílómetra en þeir gerðu í byrjun þessarar aldar. Sömuleiðis er eldsneytið hreinna með minna innihald af brennisteini. Þetta á líka við um dísilvélar í nýjum íslenskum fiskiskipum sem eyða mun minna en vélar í eldri skipum. Auk þess sem hönnun skipanna sjálfra hefur minnkað núningsmótstöðu sem líka veldur minni eldsneytisnotkun.

Þannig er tækniþróunin að leiða til minni losunar brennisteindíoxíðs og ekki síst koldíoxíðs eða $CO_2$. Líftími bíla er kannski að jafnaði um 10 til 12 ár svo umbreyting í vistvænni ökutæki tekur sinn tíma. Bensín- og dísilknúnir bílar sem seldir eru í dag verða því flestir enn í notkun þegar sala á slíkum ökutækjum verður bönnuð samkvæmt áformum ríkisstjórnar Íslands. Líftími skipa er mun meiri og þar er endurnýjunin því talsvert hægari.

Samkvæmt samanburðarrannsóknum frá Bandaríkjunum á þrem gerðum bifreiða á 18 ára tímabili hefur eldsneytisnýting stórbatnað og eldsneytiseyðsla því minnkað um 33–36%. Auk betri vélatækni eru bílarnir líka að meðaltali léttbyggðari en áður samkvæmt tölum Heavenrich et al. og Society of Automotive Engineers, Inc.

Tækniháskólinn í Michigan gerði rannsókn á þessu og skoðaði nýtingartölur í Honda, Toyota og Ford skúffubíl. Mest hefur eldneytisnýtingin batnað í Ford bílnum, sem var jafnframt þyngstur og með stærstu vélina, eða um 36%.

### *Ekki verður hægt að ná markmiðum ESB*

Þrátt fyrir tækniþróun í smíði bíla og bílvéla, þá virðist hún ekki alltaf vera að leiða til þess að draga úr heildarútblæstri. Þar kemur til aukin velmegun í Austur-Evrópu, Kína, Indlandi og víðar sem fær fólk til að kaupa fleiri og aflmeiri bíla. Einnig hafa verið gerð kerfislæg mistök í öllu óðagotinu við að gefa út reglugerðir sem ætlað var að draga úr loftmengun.

### *Rangar ákvarðanir leiða til blekkingaleiks*

Samkvæmt glænýrri úttekt regnhlífarsamtaka um samgöngur og umhverfismál, European Federation for Transport and Environment (T&E), þá eru mikil mistök falin í mengunarreglugerðum Evrópusambandisins sem ætlaðar voru til að draga úr mengun á vegunum. Því verði ekki hægt að ná þeim markmiðum sem stefnt var að í minnkun losunar $CO_2$ fyrir 2025. Þá sé þegar orðið of seint að bregðast við.

Bent er á að vísbendingar séu um að skekkjan milli WLTP mælikerfis sem ESB lagði til að yrði tekið upp í stað NEDC mælikerfisins, og aksturs bíla í veruleikanum, muni aukast úr 23% árið 2020 í 31% árið 2025. Mismunurinn eykst einkum vegna rangra forsenda um tvinnbíla. Bílaframleiðendur muni eiga auðvelt með að notfæra sér þessi mistök og fara í kringum reglur.

Viðbrögð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eru undarleg að mati T&E. Hún geri kröfu um skýrslur til að skoða skekkjuna árið 2025, en gerir ekkert til að koma í veg fyrir að þessi mismunur myndist. Áður hafði T&E lagt til ákveðna lausn sem ekki virðist hafa verið hlustað á. Niðurstaðan verður því staðreyndafölsun og vaxandi skekkja í mengunartölum frá bílaiðnaði í ríkjum ESB á næstu árum. Svo halda stjórnvöld áfram að úthrópa eigendur bifreiða sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti sem umhverfissóða og nota þá væntanlega eigin mistök sem afsökun fyrir að skattleggja þá í drep.

### Frökkum og sjö öðrum Evrópuþjóðum stillt upp við vegg í raforkumálum af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins:

# Þess er nú krafist að átta ríki ESB einkavæði sínar vatnsaflsvirkjanir

## – Þetta er þvert á fullyrðingar um að Íslendingar þurfi ekki að einkavæða Landsvirkjun við beina aðild að evrópska orkukerfinu

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gert kröfu um að franska ríkið og 7 önnur ESB-lönd láti af yfirráðum sínum yfir vatnsaflsvirkjunum innan eigin landamæra og hleypi einkafyrirtækjum að þeim rekstri. Þetta er þvert á fullyrðingar um að aðild Íslendinga að orkukerfi Evrópu (EU power grid) í gegnum orkupakka 3 skipti engu máli varðandi ríkiseign á íslenskum orkuverum.**

Hefur framkvæmdastjórnin, sem hefur umsjón með frjálsri samkeppni í Evrópu, verið að þrýsta á Frakkland og sjö önnur lönd í langan tíma til að tryggja að opnað verði fyrir einkafjármagn í orkugeiranum. Þann 7. mars síðastliðinn var síðan höfðað samningsbrotamál gegn Frakklandi, Þýskalandi, Austurríki, Póllandi, Portúgal, Svíþjóð, Ítalíu og Bretlandi fyrir að hafa ekki farið í opin útboð á nýtingarrétti vatnsfalla og vatnsaflsvirkjana.

Hafa 107 þingmenn á franska þinginu staðið á móti þessari kröfu framkvæmdastjórnar ESB, en hægt og bítandi orðið að gefa eftir á ýmsum sviðum í orkumálunum. Hafa þeir þó verið að reyna að fá á hreint hvað Frökkum er heimilt í þessum efnum en deilt hefur verið um innihald tilskipana ESB. Eftir einkavæðingu Aéroports de Parísar, sem var endanlega samþykkt fimmtudaginn 9. maí sl. með atkvæðagreiðslu í þinginu, virðist raforkugeirinn ætla að verða næsta heita deilumálið. Þar stefnir allt í að franska ríkið verði neytt til að gefa eftir yfirráðarétt almennings yfir sínum orkuverum samkvæmt frétt L'Express.

Á frönskum vefmiðlum má sjá hörð orð um einræðistilburði ESB við að innleiða skefjalausan kapítalisma í franska orkugeirann án þess að stjórnvöld hreyfi þar legg né lið. Það sé allavega lágmarkið að þjóðin sé spurð um það í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún vilji afsala sér yfirráðum yfir eigin orkufyrirtækjum. Einnig er spurt hvort verið sé að færa franska orkugeirann í hendur kínverskra fjárfesta á silfurfati.

*Spurning um öryggi og jafnvel fullveldi Frakklands*

Þingmennirnir Hubert Wulfranc (PCF), Julien Aubert (LR), Jeanine Dubié (Libertés og Territories, Center), Marie-Noëlle Battistel (PS) telja skort vera á pólitískum vilja ríkisins til að verja það sem þeir segja vera spurning um öryggi og jafnvel fullveldi Frakklands.

„Vatnsorkuver eru helsta uppspretta okkar af endurnýjanlegri raforku og skila 12% af rafmagni okkar. Þetta er jafnframt eina leiðin fyrir okkur til að geyma raforku," segir einn þessara þingmanna. Hann bendir líka á að þetta sé mikil áskorun fyrir iðnað þar sem starfa um 25.000 manns og skilar um 1,5 milljörðum [evra] opinberra tekna.

Það verður að verja vatnsorkuverin okkar líkt og gert hefur verið varðandi kjarnorkuverin," sagði þingmaðurinn Marie-Noëlle Battistel við blaðið L'Express.

„Það lítur út fyrir að við séum að reyna að ræða um afsal í smáatriðum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frekar en að mótmæla í grundvallaratriðum einkavæðingu á okkar vatnsorkuverum."

Hún segir að svo virðist sem ríkisstjórn Frakklands skammist sín fyrir að fá þessa tilskipun frá framkvæmdastjórn ESB og reyni að höndla það með diplómatískum hætti fremur en að setja hnefann í borðið og standa á sínu af fullri hörku.



ESB gerir nú kröfu um að franska ríkið ásamt 7 öðrum Evrópusambandsríkjum afsali sér eiganarhaldi á vatnsaflsvirkjunum og hleypi einkaaðilum að þeim peningamaskínum sem reistar voru með almannafé.

Fjármálaráðherrann Bruno Le Maire talaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í mars 2019 og taldi rökin gegn einkavæðingu vera veik en óskaði eftir að halda áfram viðræðum og reyna að semja við framkvæmdastjórn ESB. Slík viðhorf eru hins vegar ófullnægjandi í augum margra þingmanna.

*Mun leiða til kostnaðarauka fyrir neytendur*

„Vatnsorkuverin hafa verið fjármögnuð af frönsku þjóðinni og eru rétt að byrja að skila arði. Það er ekki til umræðu að gefast upp," sagði þingmaðurinn Delphine Batho.

„Spurningin snýst um öryggi og stjórnun sameiginlegs ágóða, en einnig um kostnaðarstjórnun. Ég óttast að einkavæðingin í orkumálunum verði á sama veg og varð við einkavæðingu hraðbrautanna sem leiddi til aukins kostnaðar fyrir neytendur."

*ESB vill einkavæða 399 virkjanir*

Krafa framkvæmdastjórnarinnar snertir yfirráð fransks almennings yfir 399 vatnsaflsvirkjunum víða um Frakkland. Með öðrum orðum er verið að neyða franska ríkið til að afsala sér yfirráðum yfir sínum vatnsorkuverum í hendur einkafyrirtækja. Það er nokkuð sem íslenskir þingmenn, sem hafa haft forgöngu um að innleiða orkupakka 3 á Íslandi, hafa þvertekið fyrir að væri nokkur hætta á að geti gerst hér á landi.

Krafa framkvæmdastjórnarinnar í Brussel um að EDF verði opið fyrir einkafjármagn, miðast við að yfirráðaréttur franska ríkisins yfir 150 vatnsorkuverum falli úr gildi árið 2023.

*Ríkisfyrirtæki með um 22% af raforkuframleiðslu ESB*

Fram til þessa hefur Électricité de France (EDF), sem er að stærstum hluta í eigu almennings í Frakklandi í gegnum franska ríkið, haft yfirráð yfir 80% af frönskum vatnsaflsvirkjunum. Fyrirtækið er að formi til hlutafélag sem er opið að hluta fyrir einkaaðilum, en franska ríkið hefur þó haldið fast um sinn eignarhlut til þessa. Fyrirtækið framleiddi árið 2011 um 22% af allri raforku sem framleidd er í ríkjum Evrópusambandsins. Stærsti hluti þess er þó framleiddur með kjarnorku, eða 64,3% í 58 kjarnakljúfum sem staðsettir eru víðs vegar um Frakkland. Þar af eru 34 kjarnaofnar sem skila 200 megavöttum meira afli hver en Kárahnjúkavirkjun á Íslandi, eða um 900 MW. Þá voru framleidd 14,5% af raforkunni með kolum og 8,6% með gasi. Með endurnýjanlegum orkugjöfum voru framleidd 12,3% og 0,3% með öðrum orkugjöfum. Velta félagsins 2016 var um 71,2 milljarðar evra, eða sem svara rúmlega 9.754 milljörðum íslenskra króna.

*Yfirvöld í Brussel krefjast einkavæðingar í orkugeiranum*

Krafa framkvæmdastjórnar ESB nú mótast af því að í lok nóvember á síðasta ári sendi hún frá sér viðvörun til Frakka og óskaði eftir „nákvæmri tímaáætlun" um hvernig þeir hygðust koma verulegum hluta sinna vatnsaflsvirkjana á samkeppnismarkað. Virkjana sem verið hafa undir eignarhaldi EDF. Er þetta talið dæmi um óvenju harkalega einræðistilburði af hálfu yfirvalda í Brussel í garð Frakka, en framkvæmdastjórn ESB hefur lengi kallað eftir einkavæðingu Frakka í orkumálum.

*Innantóm yfirlýsing um lokun 17 kjarnorkuvera*

Árið 2017 lýsti Nicolas Hulton, franski umhverfisráðherrann, því yfir að stefnt væri að lokun 17 kjarnorkuvera fyrir 2025 til að mæta löggjöf sem segir að draga eigi úr hlutdeild kjarnorku í raforkuframleiðslu. Hann segir hins vegar ekkert um hvernig Frakkar ætla að mæta orkuþörfinni sem hlýst af lokun kjarnorkuveranna. Þjóðverjar hafa áður haft uppi svipaða yfirlýsingagleði um lokun kjarnorkuvera vegna þrýstings af umræðu sem græningjar ýttu af stað. Þeir hafa neyðst til að bakka út úr þeim áformum vegna mikillar eftirspurnar eftir raforku.

*Franska raforkudreifikerfið líka á leið til einkaaðila*

Í Frakklandi er dreifikerfi raforku til stórnotenda í eigu EDF í sjálfstæðu fyrirtæki sem heitir Transport d'Électricité (RTE) og rekur það um 100.000 kílómetra af háspenntum raflínum. Það er líka með um 1.300.000 km af meðal- og lágspenntum línum sem haldið er gangandi af fyrirtæki sem heitir Enedis gère le réseau d'électricité (ENDIS) sem stofnað var 2008 og hét upphaflega ERDF. Var það í eigu EDF. Krafa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðskilnað eignarhalds ríkisins yfir þessari starfsemi leiddi svo til nafnabreytingar 2016 með einkavæðingu í huga. Þannig er dreifikerfið smám saman líka að lenda í höndum fjárfesta úr einkageiranum samkvæmt frétt L'Express.

*Fjárfestir krefst svara*

Nýjasti snúningurinn í sápuóperunni um þriðja orkupakkann sem sýnd hefur verið í boði ríkisstjórnar Íslands, eru tíðindi af fjárfestinum Edmund Truell. The Times greindi frá því mánudaginn 27. maí að Edi, eins og hann er kallaður, legði nú hart að breskum stjórnvöldum að samþykkja áætlun hans um að leggja rafstreng frá Íslandi til Bretlands. Er það í gegnum fyrirtæki hans, Atlantic Superconnection. Þrátt fyrir þetta hafa íslenskir ráðherrar og fleiri alþingismenn statt og stöðugt haldið því opinberlega fram að ekki standi til að leggja sæstreng. Nú er spurningin, hver segir ósatt um fyrirhugaða sæstrengslögn til Bretlands, The Times, Edmund Truell eða íslenskir ráðherrar og verulegur fjöldi sitjandi þingmanna? /HKr.


VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

LÍF & STARF



Styrkir hafa verið voru veittir til alls níu verkefna í tengslum við verkefnið Öxarfjörður í sókn. Mynd / Byggðastofnun Kristján Þ. Halldórsson

Byggðastofnun:

# Verkefnið Öxarfjörður í sókn heldur áfram

**Stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt beiðni frá verkefnisstjórn Öxarfjarðar í sókn um framlengingu á verkefninu um eitt ár, þannig að það standi yfir til loka ársins 2020, en áætluð verkefnislok voru í lok þessa árs, 2019.**

Var meðal annars til þess horft að vinna að starfsmarkmiðum hófst ekki fyrr en í maí árið 2016, fyrsti verkefnastjórinn var í hlutastarfi það ár og fram til 2017 og verkefnið er nú að ná betri fótfestu í vestasta hluta byggðarlagsins, Kelduhverfi. Það kemur meðal annars fram í góðri þátttöku á íbúafundum, góðum framgangi starfsmarkmiða og í vaxandi fjölda umsókna um styrki úr sjóði Brothættra byggða. Síðast en ekki síst telja forsvarsmenn verkefnisins að það sé líklegt til að skila miklum árangri að bæta ári við verkefnistímann.

Íbúafundur var haldinn í Lundi í byrjun árs og þá fór verkefnisstjórinn, Charlotta Englund, yfir starfsmarkmið verkefnisins. Á fundinum unnu fundargestir í hópum að endurskoðun starfsmarkmiðanna, þ.e. hvort að bæta ætti við starfsmarkmiðum, taka einhver út eða gera á þeim annars konar breytingar. Við lok fundar kusu heimamenn um forgangsröðun starfsmarkmiðanna.

*9 verkefni fengu styrki*

Verkefnisstjórn tók við skilaboðum íbúafundarins og hefur nú unnið úr þeim undir forystu verkefnisstjóra og sett saman í nýtt markmiðaskjal. Þá var á liðnum vetri auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóði verkefnisins, til úthlutunar voru 5 milljónir og um þær bárust 15 umsóknir. Úthlutað var styrkjum til 9 verkefna. Norðurhjari fékk 400 þúsund krónur í styrk til að kynna nýjan Dettifossveg, Salbjörg Magnúsdóttir fékk eina milljón vegna kjötvinnslu í Árdal, Skjálftafélagið fékk styrk vegna verkefnisins Misgengisgönguhressing. Ullarvinnsla í Gilhaga, rófurækt á Presthólum, köfun í Öxarfirði, þróun miðnætur hestaferða, deiliskipulagaverkefni og veiðitengd ferðaþjónusta hlutu einnig styrki.

*/MÞÞ*

# Sjö verkefni hlutu styrk úr Kvískerjasjóði

**Á dögunum úthlutaði Kvískerjasjóður styrkjum ársins 2019 en níu umsóknir bárust og hlutu sjö verkefni styrk að þessu sinni. Hlutverk Kvískerjasjóðs er að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í Austur-Skaftafellssýslu.**

Frá upphafi hefur sjóðurinn stutt við margvísleg metnaðarfull verkefni sem bæði eru mikilvægt framlag inn í vísindaheiminn en ekki síður munu þau geta gagnast til að styrkja framþróun byggðar í Austur-Skaftafellssýslu. Verkefnin, sem fengu styrk í ár eru eftirfarandi:



**Sjóðurinn er kenndur við bæinn Kvísker í Öræfum, sem er austasti bær sveitarinnar. Myndin af bænum var tekin 1. júní 1994 af Sigrúnu Karlsdóttur. Á Kvískerjum ólust upp börn hjónanna Björns Pálssonar og Þrúðar Aradóttur, þau Flosi, Guðrún eldri, Ari, Guðrún yngri, Páll, Sigurður, Ingimundur, Helgi og Hálfdán.**

*Verkefnin eru:*

- Ævintýri og líf heima og í Kanada – endurminningar Guðjóns R. Sigurðssonar
- Rannsókn og miðlun á ævi og störfum Eymundar Jónssonar og Halldóru Stefánsdóttur í Dilksnesi í Nesjum
- Mælavörður á Breiðamerkursandi
- Varpárangur skúms á Breiðamerkursandi 2019
- Hlutverk loðvíðis í íslenskum vistkerfum
- Handverk og hannyrðir Kvískerjasystra
- Endurgerð sögulegra ljósmynda af jöklum í Austur-Skaftafellssýslu

/MHH

## Gamli Þingvallavegurinn verði friðlýstur

**Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt að óska eftir því við Minjastofnun að Gamli Þingvallavegurinn verði friðlýstur.**

Það verði gert í samræmi við vilja þeirra sveitarfélaga sem hann liggur um, þ.e. Mosfellsbæjar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar. Gamli Þingvallavegurinn er vel varðveittur hestvagnavegur frá 19. öld sem liggur þvert yfir Mosfellsheiði og er 15–20 km að lengd. Með friðlýsingu fengi vegurinn veglegri sess, hann yrði merktur og vakin athygli á honum sem merkum menningarminjum. */MHH*



**Gamli Þingvallavegurinn er vel varðveittur hestvagnavegur frá 19. öld sem liggur þvert yfir Mosfellsheiði og er 15–20 km að lengd.**

UTAN ÚR HEIMI



**Marie Therese Heldal Haukeland, framkvæmdastjóri Heldal Eiendom, sést hér ásamt samstarfsmönnum sínum á þaki Slettebakken-blokkarinnar þar sem sólarsellur munu árlega framleiða um 42.000 kílóvött, sem samsvarar framleiðslu fyrir tvær einstaklingsíbúðir á ári.**

# Hús í plús

**Norska byggingarfélagið Heldal Eiendom fer nýstárlegar og umhverfisvænar leiðir í nýjasta verkefni sínu þar sem 38 íbúða blokk sem þeir byggja á Slettebakken í Bergen verður að miklu leyti þakin sólarsellum til að sjá íbúum hennar fyrir rafmagni. Fyrirtækið er fyrsti einkaaðili í Noregi sem fer þessa leið.**

Á framhlið og þaki Slettebakken-blokkarinnar verða 328 fermetrar þaktir með sólarsellum sem framleiða eiga um 55.000 kílóvött á ári. Byggingin, sem í fyrstu, átti að verða ósköp venjuleg íbúðablokk, er nú orðin hátæknibygging.

„Þetta eru 38 íbúðir og aðeins ein þeirra er óseld og það áður en íbúðirnar eru tilbúnar. Salan hefur gengið mjög vel og við seldum 20 íbúðir áður en við tókum þá ákvörðun að taka inn sólarsellurnar svo það eru ekki viðskiptavinirnir sem greiða þann aukakostnað. Þetta verkefni hefur vakið gríðarmikla athygli og við vonum svo sannarlega að fleiri í okkar bransa muni fara að okkar fordæmi,“ segir Marie Therese Heldal Haukeland, framkvæmdastjóri Heldal Eiendom.



**Blokkin við Slettebakken í Bergen er einstök bygging þar sem sólarsellur á þaki og framhlið hennar munu framleiða rafmagn til meðal annars að hlaða rafmagnsbíla og sameiginlegt kæliherbergi fyrir íbúa.**

*Framleiða hleðslu fyrir rafmagnsbíla*

„Ég sat í sófanum einn sunnudag í janúar á síðasta ári og í fréttum í sjónvarpinu rúllaði frétt um að framleiddar væru sólarsellur í Árdal hér í Noregi og þá fór hugurinn á fullt hjá mér. Mín fyrsta hugsun var; „já, hvað ef við gætum notað þetta kerfi á byggingunum okkar og þá með sellum sem eru ekki framleiddar með „óhreinni“ orku. Ég fór því á netið og byrjaði að leita og fann fljótt út úr því að við þyrftum að hafa í liði með okkur ábyrgðarfulla aðila,“ útskýrir Marie Therese og segir jafnframt:

„Þegar ég tala um ábyrgðarfulla aðila þá líki ég sölu á sólarsellum saman við það sem gerðist með varmapumpur hér þar sem margir óábyrgir aðilar fóru inn á þann markað. Við erum lítið fyrirtæki, í raun bara tvær manneskjur, og erum háð því að fá í lið með okkur samstarfsaðila sem verða einnig til staðar á morgun og sem geta komið inn með góða þekkingu, verið nýskapandi og staðið fyrir þeirri vinnu sem þeir framkvæma. Eftir marga fundi með raforkufyrirtækinu BKK þá komust við að þeirri niðurstöðu að fjárhagslega væri þetta mögulegt og réttlætanlegt og að þetta myndi framleiða nógu mikið rafmagn til að nýtast fyrir sameiginlega rafmagnsnotkun íbúa. Það er að segja til að hlaða rafmagnsbíla, sameiginlegt kæliherbergi fyrir geymslu á matvörum, lyftu og fyrir sameiginlega lýsingu.“

*Umhverfisvæn bygging*

Íbúar blokkarinnar í Slettebakken geta því vænst þess að rafmagnsreikningar þess verði töluvert lægri en í sambærilegum byggingum.

„Það eru gríðarlega mikil tækifæri í geislum sólarinnar en á aðeins 40 mínútum gefur sólin nógu mikla orku til að anna orkuþörf jarðarinnar á einu ári. Við heildarframleiðslu í klukkutíma með sólarsellum á þakinu á blokkinni í Slettebakken verður hægt að hlaða 17 rafmagnsbíla. Á þakinu er áætluð ársframleiðsla um 42.000 kílóvött sem samsvarar framleiðslu fyrir tvær einstaklingsíbúðir á ári. Upphitun í blokkinni verður í gegnum fjarhita frá sorpbrennslustöðinni í Rådal. Við höfum einnig þann möguleika að í framtíðinni verði hægt að setja upp rafhlöðupakka. Með þessu verkefni viljum við hugsa út fyrir rammann og ekki hvað síst um umhverfið,“ segir Marie Therese og bætir við:

„Við erum farin af stað með næsta verkefni og þar tökum við að sjálfsögðu inn sólarsellur. Við höfum trú á að eftir nokkur ár verði gerð krafa um eiginframleiðslu á orku í nýbyggingum og þá komust við nær því að byggja hús í plús.“ */ehg*

ergo



# Heyþyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun
en við fjármögnum hins vegar heyþyrlur.
Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

## Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu



Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1 í Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili eða sumarhús sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is



### SMART - einbýli

Húsin eru 73$m^2$, þar að auki er 28$m^2$ verönd með heitum potti. Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi. Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning aðeins kr. **27.600.000** með vsk.



### KLASSIK - einbýli

Fjölmargar stærðir og útfærslur tryggja hagkvæmt fullbúið einbýlishús eftir þínum óskum. Fjöldi teikninga. Gott úrval klæðninga, vandaðir veggir og gluggar tryggja góða endingu.



### SÓL - sumarhús

Fjölmargar stærðir og skemmtilegar útfærslur tryggja þér vandað, vel einangrað sumarhús á góðu verði.



### KÓSÝ - smáhýsi

Hin vinsælu smáhýsi okkar hafa verið framleidd árum saman og fást í fjölmörgum útfærslum eftir þörfum hvers og eins.

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**
- **100$m^2$ einbýlishús kostar aðeins 14,6 millj. við verskmiðjudyr, tilbúið með álklæðningu á einingum, fullglerjuðum gluggum og hurðum.**

Twin Wall

**SMART EINBÝLI:
NÝTT EINBÝLISHÚS
FRÁ 27,6 MILLJÓNUM**

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

LÍF & STARF

Bláskógabyggð:

# Flokkun á lífrænum úrgangi

**Íbúar Bláskógabyggðar eru byrjaðir í átaki við flokkun á lífrænum úrgangi en heimili og sveitabæir fá afhenta sorptunnu fyrir lífrænan úrgang, sem tæmd verður á 3 vikna fresti, samhliða almennu sorpi.**

„Íbúar hafa fjórar tunnur við heimili, þrjár eru fyrir efni sem er hægt að endurvinna, þ.e. ein fyrir pappír og pappa, önnur fyrir plast, og sú þriðja fyrir lífræna úrganginn. Fjórða tunnan er svo fyrir það sorp sem ekki fer til endurvinnslu,“ segir Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri. Íbúar sem nú þegar eru að jarðgera lífrænan úrgang við heimili eða á bújörðum geta haldið því áfram. Samhliða þessari viðbót í flokkun við heimili verða íbúar hvattir til að skila gleri og málmum á gámastöðvarnar.



Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

*Kaupa 415 tunnur*

Keyptar eru tunnur fyrir um 415 heimili og stofnanir, en auk þess mun Bláskógabyggð útvega lítið ílát til að hafa inni á heimili fyrir lífræna úrganginn og nemur kostnaður við þetta um 2 milljónir króna.

Á ársgrundvelli nemur kostnaður við að hirða lífrænt sorp frá heimilum um 4,5 mkr., en á móti kemur að það er aðeins ódýrara að vinna úr því moltu en að urða eða setja það í annan farveg.

„Við erum að vinna að gerð bæklings sem verður dreift á heimili í Bláskógabyggð, auk þess sem haldnir verða íbúafundir og kynningarefni gert aðgengilegt á vefnum. Mikilvægt er að vel takist til með flokkunina og verður leitast við að kynna verkefnið sem allra best,“ bætir Ásta við. Þá má geta þess að Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur eru samstiga í þessari vegferð og verður því sams konar flokkunarkerfi í báðum sveitarfélögunum. */MHH*

# Prestaköll sameinuð í Austurlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum

**Kirkjuþing samþykkti nýlega tillögu um sameiningu prestakalla í Austurlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum.**

Það þýðir að Hólmavíkur- og Reykhólaprestaköll í Vestfjarðaprófastsdæmi verða sameinuð í eitt prestakall sem mun bera heitið Breiðafjarðar- og Strandaprestakall. Auk þess munu Djúpavogs-, Heydala-, Kolfreyjustaðar-, Eskifjarðar- og Norðfjarðarprestaköll í Austurlandsprófastsdæmi sameinast í eitt prestakall sem mun bera heitið Austfjarða-prestakall. Í greinargerð með tillögunum kom fram að tillögurnar séu hluti af stefnu biskupafundar um nýskipan prestakalla á landsvísu sem unnið hafi verið að. Felist í þeirri stefnu að horfið verði frá einmenningsprestaköllum, þar sem því verði við komið. Einnig var samþykkt á kirkjuþinginu að leggja niður Saurbæjarprestakall í Vesturlandsprófastsdæmi. */MHH*



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands. Mynd / MHH

Reykjavík:

# Upplýsingum um skjátíma dreift á öll heimili

**Fulltrúar allra grunn- og leikskóla í Reykjavík hafa fengið afhenta segla með áprentuðum upplýsingum um skjátíma barna en um er að ræða 30.000 segla, sem öll leik- og grunnskólabörn í Reykjavík hafa fengið í hendurnar.**

Á seglinum eru þrenns konar skilaboð:

- Tilvísun á www.skjatimi.is þar sem finna má frekari upplýsingar um skjátíma og gagnlega tengla
- Gildi sem allir, ungir sem aldnir, ættu að hafa í huga við skjátímanotkun
- Leiðarljós fyrir hámarks skjátíma á dag sem hentar mismunandi aldri




Einnig er búið að útbúa heimasíðu á vefslóðinni www.skjatimi.is */MHH*

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



Myndin var tekin þegar formlegur samstarfssamningur var undirritaður í Þingborg 7. maí 2019 en á henni eru, talið frá vinstri, Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps, Íris Grétarsdóttir, verkefnisstjóri Flóaskóla, Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla, Erla Björg Aðalsteinsdóttir, fulltrúi Skógræktarfélags Villingaholtshrepps, Anna Gína Aagested, verkefnisstjóri Krakkaborgar, Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar og Ólafur Oddsson, fræðslustjóri Skógræktarinnar.

Flóahreppur:

# „Gullin í grenndinni“ – samstarf skóla í sveitarsamfélagi

**Nemendur í Krakkaborg og Flóaskóla eru þátttakendur í skemmtilegu og fræðandi verkefni sem heitir „Gullin í grenndinni“.**

Verkefnið byggir á nokkurra ára reynslu af samstarfi leikskólans Álfheimum á Selfossi/Árborg og Vallarskóla í gegnum skógartengt útinám. Samstarfsaðilar um verkefnið eru Flóahreppur og Skógræktarfélag Villingaholtshrepps.

Markmið verkefnisins er að auka þekkingu nemenda á mikilvægi þess að auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti með því að efla skógrækt.

Verkefnið er einnig unnið í góðu samstarfi við Skógræktarfélag Árnesinga og með ráðgjöf og stuðningi frá Skógræktinni. Nemendur skólanna munu vinna á vettvangi bæði í skógræktarreitnum í Skagaási og á lóð Flóaskóla og Þjórsárvers.

Samhliða plöntun og umhirðu í skógarreitunum munu nemendur fræðast um skógarnytjar, fuglalíf, aðrar lífverur og fjölbreytileika vistkerfisins. Verkefnið er vel til þess fallið að auka samstarf á milli skólastiga, auka fjölbreytni í verkefnum nemenda og samþættum námsleiðum.

Anna Gína Aagestad, Íris Grétarsdóttir og Ólafur Oddsson sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf. */MHH*

## Deilur um Laxabakka – Alviðrustofnun segist fylgjandi endurreisn:

# „Samþykkir ekki meiri háttar rask náttúruminja á landinu“

## – segir Auður Anna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

**Ágreiningur hefur verið uppi um lóðamörk á landi Laxabakka í Meðalholtum. Greint var frá þessu máli í Bændablaðinu 11. apríl og rætt við Hannes Lárusson, eiganda félagsins Íslenska bæjarins, sem er eigandi Laxabakka. Hann sagði allar aðgerðir til uppbyggingar á staðnum vera í gíslingu vegna afstöðu Landverndar og Héraðsnefndar Árnesinga.**

Auður Anna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir land það sem Laxabakki stendur á vera í eigu Alviðrustofnunar, en sú stofnun er í eigu Landverndar og Héraðsnefndar Árnesinga. Hún segir Alviðrustofnun hafa skýra afstöðu í málinu, stofnunin sé fylgjandi endurreisn Laxabakka og hefur heimilað breikkun vegslóða sem liggur að húsinu til að hægt sé að hefja þá vinnu.

„Stofnunin hefur jafnframt boðið skika undir húsið án endurgjalds til að það geti áfram staðið á þeim stað þar sem það var reist og að þar verði hægt að taka á móti gestum,“ segir Auður. Hún segir aðstandendur Íslenska bæjarins vera meðvitaða um að Alviðrustofnun eigi landið undir því og það sem þeir fylgdust með deilu stofnunarinnar við fyrrum eigendur hússins, Lögheimtuna.

„Þeir hafa einnig afrit af lögfræðiáliti sem unnið var um eignarhald á landinu undir Laxabakka þar sem fram kemur að landið sé í eigu Landverndar og Héraðsnefndar Árnessýslu.“



Suðurhlið Laxabakka eins og hún var vorið 2017. Óblíð veður hafa síðan leikið bæinn illa.

*Hafna hugmyndum um nýja vegagerð, bílastæði og þjónustuskála*

Auður segir að eftir að Íslenski bærinn eignaðist húsið Laxabakka hafi aðstandendur félagsins haldið því fram að húsinu hafi fylgt lóð og haft uppi áform um móttöku ferðamanna á svæðinu. Um sé að ræða hverfisverndað svæði með búsvæðum, náttúrulegu birkikjarri og hraunmyndunum, sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

„Alviðrustofnun getur ekki samþykkt meiri háttar rask náttúruminja á landi sínu til þess að Íslenski bærinn geti byggt upp þjónustu við ferðamenn. Húsið er einstakt, ekki bara vegna arkitektúrs og aldurs heldur einnig vegna þess að það stendur á ægifögrum stað. Með því að byggja upp móttökuskála fyrir ferðamenn er ekki bara um að ræða rask sem stangast á við náttúruverndarlög og hverfisvernd heldur verður þá einstöku umhverfi hússins raskað. Þar með tapast sú heild sem húsið og umhverfi þess myndar,“ segir Auður og bætir við að því hafni Alviðrustofnunin alfarið hugmyndum Íslenska bæjarins um nýja vegagerð, uppbyggingu bílastæða og þjónustuskála við Laxabakka, á landi stofnunarinnar.

Auður bætir við að rétt sé að taka fram að eigendur Íslenska bæjarins hafi ekki átt í neinum samskiptum við Alviðrustofnun nema í gegnum lögfræðing eftir að þeir eignuðust húsið. */MÞÞ*

# SUMARTILBOÐ

10% sumarafsláttur af öllum

GARÐHÚSUM af verðum á heimasíðunni okkar

Einnig eru valin gestahús á sérstöku sumartilboði, sjá nánar á heimasíðunni

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

www.volundarhus.is

VH/19-01



can-am | BRP

**TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á**



**OUTLANDER**
**650 FB 6X6**

VERÐ ÁN VSK
**2.250.000 KR**

VERÐ MEÐ VSK
**2.790.000 KR**



**MAVERICK**
**TRAIL 1000**

VERÐ ÁN VSK
**2.411.000 KR**

VERÐ MEÐ VSK
**2.990.000 KR**

**ELLINGSEN**

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**BRP@ELLINGSEN.IS**

## Matarferðaþjónustufyrirtækið Crisscross kynnir ferðamönnum fyrir íslenskum matarhefðum:

# Bændaheimsóknirnar vinsælastar

**Sigríður Anna Ásgeirsdóttir stofnaði matarferðaþjónustuna Crisscross árið 2016. Þar einbeitir hún sér að því að setja saman ferðir fyrir erlent ferðafólk þar sem markmiðið er að kynna íslensk matvæli fyrir því á leiðum þeirra um landið, með til dæmis heimsóknum til bænda.**

Hún er áður kunn af því að hafa búið til og framleitt drykkinn Íslandus, sem er blanda mysu, berjasafa og íslenskra jurta. Það vörumerki seldi hún Rjómabúinu Erpsstöðum á síðasta ári.

*Nytjaplöntur Íslands*

„Í júní ætla ég að bjóða upp á nýjung; auglýsa nýja gönguferð þar sem megináhersla er á að kynna villtar íslenskar nytjaplöntur. Jóhanna B. Magnúsdóttir á Dalsá í Mosfellsdal mun leiða þær göngur og fræða ferðafólkið um hvernig jurtirnar sem fólk sér á göngu sinni hafa verið nýttar. Ég sé það fyrir mér að við getum boðið upp á þessar gönguferðir alveg fram í september þar sem við erum með margar tegundir nytjaplantna sem vaxa á mismunandi tíma. Þetta geta verið hundasúrur, blóðberg, ætihvönn, túnfíflar, vallhumall, mjaðjurt, ber og fleira. Þetta eru þá bæði lækningajurtir og jurtir sem hafa verið nýttar til matar og drykkjar. Þessar stuttu gönguferðir geta verið spennandi jafnt fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn.

Meiningin er að það sé genginn stuttur hringur um Mosfellsdalinn sem býður upp á mikla náttúrufegurð, friðsæld og fjölbreyttan gróður, rétt utan borgarmarkanna,“ segir Sigríður.

„Jurtirnar eru tíndar á leiðinni og svo endar gönguferðin á Dalsá hjá Jóhönnu, en hún er sjálf með lífræna grænmetisræktun. Þar verður uppskeran úr göngunni nýtt til tegerðar og ef til vill til að búa til einfalda smárétti með. Það er gert ráð fyrir um þremur tímum í þessar gönguferðir þannig að það sé komið að Dalsá í kringum klukkan tólf á hádegi.“



Ferðafólkið fær að bragða á krásum úr heimavinnslu bændanna.

*Bændaheimsóknirnar vinsælastar*

Að sögn Sigríðar eru bændaheimsóknirnar, Food and farm, vinsælustu ferðirnar sem hún býður upp á. „Meðal áningarstaða í þessum ferðum hafa verið Bjarteyjarsandur í Hvalfirði, Háafell í Borgarfirði og Erpsstaðir í Dölum. Í þessum ferðum reynum við að fara um svæði sem fáir þekkja eða gefa gaum. Í þessum ferðum förum við gjarnan með matarhandverk með okkur í nesti sem við borðum á leiðinni á einhverja áhugaverða staði. Í Hvalfirði til að mynda er tilvalið að stoppa við Fossá eða í Brynjudal, en í þeim ferðum förum við einnig á Bjarteyjarsand þar sem bændurnir bjóða upp á eigin matvælaframleiðslu á eigin veitingastað. Þau hafa frá mörgu að segja um búskapinn og við sjáum að þetta gefur ferðafólki heilmikið, sem býr til dæmis í einhverjum af stórborgum Bandaríkjanna.

Það sem hefur verið hvað ánægjulegast að sjá í þessum ferðum er hvað ferðafólkið er almennt ánægt með matinn; hreinleikann og bragðgæðin sem íslensk matvæli búa yfir.“

*Mataráhugafólk í meirihluta*

Flestir viðskiptavina Crisscross hafa, að sögn Sigríðar, sérstakan áhuga á mat og matvælaframleiðslu. „Við fáum líka bændur, áhugafólk um landbúnað, náttúruunnendur og fólk sem hefur áhuga á að komast í persónuleg samskipti við Íslendinga. Hóparnir eru alltaf frekar fámennir til að hægt sé að sinna fólkinu betur.



Sigríður Anna Ásgeirsdóttir rekur matarferðaþjónustu og fer með ferðamenn í heimsókn til bænda. Myndir / Crisscross

*Slow Food-hugsjónin*

Það má segja að við störfum í anda Slow Food-hugmyndafræðinnar. Þeir bæði sem við erum í samstarfi við hafa allir tekið þátt í starfi Slow Food á Íslandi. Þetta eru smá fjölskyldubú sem leitast eftir því að nýta eigin afurðir í bland við afurðir náttúrunnar í nærumhverfinu til heimavinnslu matvæla.

Við höfum einnig haft Dóru Svavarsdóttur, matreiðslumeistara og eiganda Culina, með okkur í liði en hún er stjórnarmaður í Slow Food Reykjavík. Hún hefur frætt okkar gesti um íslenskar matarhefðir og komið að matreiðslu fyrir hópana við ákveðin tilefni.



Ferðafólk á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði.

Okkar ferðaþjónustu er kannski best lýst með *slow travel*, þar sem hugsað er um að njóta ferðalagsins í rólegheitum – dvelja í augnablikinu,“ segir Sigríður. */smh*

nettoline



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform
Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is

MAST ...frá heilbrigði til hollustu
Matvælastofnun

# Aðilaskipti að greiðslumarki sauðfjár óheimil frá 1. júní

**Samkvæmt tilkynningu sem Matvælastofnun hefur gefið út, verða aðilaskipti að greiðslumarki sauðfjár óheimil frá og með 1. júní 2019. Er það í samræmi við breytingu á búvörulögum sem samþykkt var á Alþingi 15. maí síðastliðinn.**

„Þó verður heimil tilfærsla greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila og við ábúendaskipti eða breytingu skráningar ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða. Aðilaskipti taka gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast nýjum handhafa frá sama tíma. Síðasti dagur til að tilkynna um aðilaskipti er 31. maí 2019.

Rétt er að taka fram að skv. stjórnarfrumvarpinu sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði upphaflega fram var gert ráð fyrir að aðilaskipti að greiðslumarki yrðu óheimil frá og með 1. september 2019, en dagsetningin var færð til 1. júní í meðförum Alþingis.

Við tekur síðan innlausnarfyrirkomulag, sem búnaðarstofa



Matvælastofnunar mun annast, í samræmi við endurskoðun á sauðfjársamningi sem var samþykktur af stjórnvöldum og sauðfjárbændum í upphafi ársins. Innlausnarfyrirkomulagið verður nánar útfært í reglugerð ráðherra, sem verður gefin út í sumar,“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar.

Ráðherra skrifaði undir breytingu á reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt þann 23. maí 2019 í samræmi við fyrrgreinda breytingu á búvörulögum. */smh*


Milwaukee
ALVÖRU VERKFÆRI
Á ALVÖRU TILBOÐUM
M18 FUEL
Alvöru verkfærasett
FPP4F2-502B
M18 með borvél 135Nm, höggskrúfvél 226Nm, stingsög, fjölnotavél, 5m málbandi, 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933471208
Tilboð 144.900 kr.
Áður 179.900 kr.
Kaupauki: BLUETOOTH HEYRNATÓL og PEYSA
M12 FUEL
Borvél og höggborvél
FPP2B-602X
Sett M12 með borvél 44Nm og höggborvél SDS+ 1.1J. Með 2x6.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933459813
Tilboð 69.900 kr.
Áður 81.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA og FLASKA
M18 FUEL
Borvél og höggskrúfvél
CBLPP2A-402C
Sett M18 með borvél 60Nm og höggskrúfvél 170Nm. Með 2x4.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933464536
Tilboð 62.900 kr.
Áður 79.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA og FLASKA
M18
Borvél 60Nm
CBLPD-202C
Borvél M18 kolalaus 60Nm, aðeins 165mm að lengd. Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933464320
Tilboð 39.900 kr.
Áður 48.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE BITASETT
M12
Borvél 32Nm
BPD-202
Borvél M12 32Nm með 10mm patrónu.
Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933441940
Tilboð 26.900 kr.
Áður 35.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE BITASETT
Packout töskusett
Grunneining með hjólum og 5 töskur.
Vnr. MW 4932464083-1
Tilboð 59.900 kr.
Áður 86.780 kr.
M18 FUEL
Alvöru borvé
og herslulyki
FPP2E2-502P
Sett M18 með borvél 135Nm og herslulykli 1/2" 610Nm í PackOut tösku. Með 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933459407
Tilboð 99.900 kr.
Áður 127.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA
KAUPAUKAR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Milwaukee
Nothing but HEAVY DUTY
Milwaukee BÍLLINN
Á ferðinni um landið
28. maí – 19. júní
Taktu þátt í happdrættinu! Þrír heppnir vinna glæsilegt Milwaukee kolagrill og tjald.
Prufaðu allt það nýjasta þegar Milwaukee bíllinn er nálægt þér
31. MAÍ og 1. JÚNÍ
Föstudagur og laugardagur
Milwaukee hátíðin á Akureyri
Verkfærasalan
3. JÚNÍ
Mánudagur
Ísafjörður
Vélsmiðjan Þristur
4. JÚNÍ
Þriðjudagur
Hólmavík
Pakkhús
5. JÚNÍ
Miðvikudagur
Milwaukee hátíðin í Hafnarfirði
Verkfærasalan
6. JÚNÍ
fimmtudagur
Akranes
Skaginn
11. JÚNÍ
Fimmtudagur
Reykjanesbær
Reykjafell
13. JÚNÍ
Fimmtudagur
Milwaukee hátíðin í Reykjavík
Verkfærasalan
18. JÚNÍ
Þriðjudagur
Höfn í Hornafirði
N1
19. JÚNÍ
Miðvikudagur
Fáskrúðsfjörður
Loðnuvinnslan
Smiðjan
VERKFÆRA SALAN
Sjáðu öll tilboðin á vfs.is
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

**Tilnefningar Íslands til Embluverðlaunanna**

# Íslensku tilnefningarnar kynntar

**Í síðasta blaði kynntum við þrjár tilnefningar Íslands til Norrænu Emblu-matarverðlaunanna, sem verða afhent í Hörpu í Reykjavík 1. júní. Hinar fjórar tilnefningarnar eru kynntar hér:**




- Miðlun um mat 2019: **Gísli Matthías Auðunsson matreiðslumaður**
- Mataráfangastaður Norðurlanda 2019: **Traustholtshólmi í Þjórsá**
- Embluverðlaun fyrir mat fyrir marga 2019: **Veitingadeild IKEA í Garðabæ**
- Hráefnisframleiðandi Norðurlanda 2019: **Vogabúið í Mývatnssveit**

/smh




Daníel Kári Stefánsson er veitingastjóri IKEA á Íslandi. Myndir / IKEA

### Veitingastaður IKEA:

# Vandaður matur á góðu verði fyrir fjöldann

**Veitingastaður IKEA er fjölsóttasti matsölustaður á Íslandi, en nálægt 3.500 til 4.000 gestir sækja hann daglega. Um helgar fer fjöldinn í um 6.000.**

Daníel Kári Stefánsson er veitingastjóri IKEA og gengur inn í þá hugmyndafræði og það umhverfi sem fráfarandi framkvæmdastjóri, Þórarinn Ævarsson, hefur mótað í kringum veitingareksturinn þar – með eftirminnilegum hætti. „Ég er búinn að starfa hér í um 35 daga og það er auðvitað ánægjulegt að byrja á því að fá þess tilnefningu – hún er viðurkenning á þeirri stefnu sem hefur verið mótuð hér,“ segir Daníel.

„Veitingarekstur hefur verið hluti af IKEA nánast frá stofnun fyrirtækisins í Svíþjóð árið 1943. Stofnandinn Ingvar Kamprad hugsaði IKEA þannig að það væri ódýr en góður matur á veitingastað í versluninni sem myndi laða fólk að. Það kæmi, skoðaði sig um, fengi sér að borða og við borðhaldið væri mögulega tekin ákvörðun um kaup,“ segir Daníel.

*Sérstaða IKEA á Íslandi*

„Það er mikil sérstaða hér á Íslandi þegar við skoðum aðsóknina að veitingastaðnum. Við höfum metið að sala á veitingastaðnum okkar sé um 15 prósent af heildarsölunni í versluninni. Í öðrum verslunum er þessi prósenta í kringum þrjú til fimm prósent. Það skýrist af því að við erum með umfangsmeiri veitingarekstur og þar er bakaríið okkar stór þáttur. Við fáum fólk sem þarf að leggja á sig smá ferðalag til að koma til okkar; iðnaðarmenn koma hingað gjarnan í hádeginu, saumaklúbbar eru fastagestir og mæðrahópar – svo ég nefni einhverja af fastakúnnahópunum.

Kjarninn í okkar hugmyndafræði er að bjóða upp á besta matinn miðað við verð; vera með vandaðan mat sem kostar ekki mikið. Það er ósköp einfalt. Þá nýtum við okkur talsvert hráefni sem er í ódýrari kantinum en hægt að búa til góðan mat úr – og í því sambandi mætti nefna lambaskankana sem slógu í gegn hjá okkur. Við erum gjarnan með þemadaga og um daginn vorum við með sænskt elgskjöt á matseðlinum. Við vorum með hálfan kjúkling sem rétt mánaðarins í apríl og í þá þemadaga þurfti 11 tonn af kjúklingi. Þetta er gott samspil við birgja, því þeir sjá stundum möguleika sem gætu hentað vel fyrir okkar þemadaga. Við skoðum allt, en grunnreglan er að það sem við leggjum upp með verður að fara vel í fjöldann; bæði verðið og gæðin. Í byrjun júní munum við leggja áherslu á lambasteikarsamloku.“



Stefnt er að stækkun veitingastaðarins um helming á næstu árum.

*Stækkun fram undan*

Daníel segir að skýringin á því hversu vinsæll staðurinn er sé fjölþætt. „Fyrst og fremst er það auðvitað verðlagningin og gæði matarins. Við hentum líka vel fyrir fjölskyldufólk því það geta allir fengið eitthvað við sitt hæfi hér. Við sjáum líka að börnin líta á það sem ákveðna upplifun að koma hingað til að borða.

Fram undan er að halda okkar striki og svo ætlum við að stækka veitingastaðinn. Stefnan er að stækka hann um helming, vonandi á næstu tveimur til þremur árum. Núna skapast þannig álagspunktar að það er bara erfitt að fá sæti, sem við verðum að bregðast við.“ /smh

### Vogafjós/Vogabú ehf.:

# Ferðaþjónusta með áherslu á íslenskan landbúnað

**Á Vogabúi ehf. í Mývatnssveit er stundaður blandaður búskapur með kýr og kindur. Árið 1999 var þar byggt nýtt fjós sem hýsti um 40 kýr og nautgripi og í framhaldinu lagður grunnur að ferðaþjónustu á bænum þegar kaffihús var byggt innan við fjósið, sem heitir Vogafjós og hefur notið mikilla vinsælda ferðafólks. Þar hafa þeir getað setið og fylgst með lífinu í fjósinu á meðan þeir gæða sér á léttum veitingum.**

Hægt er að fylgjast með mjöltum á bænum, klukkan hálf átta á morgnana og hálf sex síðdegis, auk þess sem gestum gefst jafnvel kostur á að bragða á mjólkinni beint úr spenanum.





*Veitingastaður tekur 90 manns*

Eigendur og rekstraraðilar Vogafjóss og Vogabús eru Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir, Jón Reynir Sigurjónsson, Leifur Hallgrímsson og Gunnhildur Stefánsdóttir. Árið 2005 voru tekin í notkun þrjú gistihús sem eru vönduð bjálkahús með 26 herbergjum.

Árið 2009 var veitingastaðurinn stækkaður með nýrri viðbyggingu sem rúmar um 90 manns og nú standa yfir framkvæmdir á nýrri móttöku og biðsvæði. Auk veitingastaðarins rekur Vogafjós litla sveitabúð þar sem íslenskt, landbúnaðartengt handverk er til sölu. Vogafjós er aðili að Beint frá býli, félagi heimavinnsluaðila, og Þingeyska matarbúrinu.

*Í ábúð sömu ættar frá 1890*

Að sögn Ólafar, sem er framkvæmdastjóri, hefur jörðin Vogar 1, sem Vogabú stendur á, verið í ábúð sömu ættar frá árinu 1890. „Á þessum árum hefur fyrirtækið síðan vaxið og dafnað – og þróast í átt sem við áttum sennilega aldrei von á. Frá upphafi hefur alltaf verið lögð áhersla á tengingu við landbúnað. Við leggjum mikinn metnað í matargerðina og bjóðum einungis upp á mat úr úrvals hráefni. Við notum mikið af okkar eigin afurðum; svo sem hangikjöt, reyktan silung, heimagerða osta, heimabakað bakkelsi, hverabrauð og að sjálfsögðu kjöt frá okkar eigin búi.

Svona tilnefning fyrir okkur er aðallega hvetjandi og enn frekar áminning um að halda áfram á sömu braut. Markaðslega séð er svona tilnefning jákvæð, eykur umræðu og kynningu,“ segir Ólöf.

Ferðafólki stendur líka til boða að fylgjast með sauðburði á Vogabúinu, en fjárhúsin þar geyma um 120 kindur. /smh

### Gísli Matthías Auðunsson:

# Miðlun á norrænni matarmenningu

**Gísli Matthías Auðunsson, veitingamaður og matreiðslumeistari, hefur verið virkur og áberandi í íslenskri veitingahúsaflóru á undanförnum árum við góðan orðstír.**

Hann stofnaði veitingastaðinn Slippinn í Vestmannaeyjum ásamt fjölskyldu sinni árið 2012, skömmu eftir að hann lauk matreiðslunámi sínu, og hefur upp frá því borið hróður íslenskrar og norrænnar matarmenningar víða, bæði á Íslandi og á erlendri grundu.

Auk Slippsins hefur hann komið að stofnun nokkurra annarra veitingastaða, bæði þriggja staða sem hann hefur sjálfur átt hlutdeild í auk þess að hjálpa félögum sínum í að koma stöðum sínum á koppinn. Hann á og rekur í dag veitingastaðinn Skál á Hlemmi Mathöll, en Slippurinn er rekinn yfir sumartímann.

*Pop up-eldhús*

Hann hefur verið duglegur í að sækja ýmsa matartengda viðburði víða um heim og sett upp svokölluð „pop up“-eldhús á þeim – þar sem þjóðlegt íslenskt hráefni er gjarnan haft í forgrunni. Þar hefur hann miðlað þekkingu sinni á gömlum íslenskum aðferðum við geymslu og vinnslu matvæla – sem eru gestum jafnan algjörlega framandi. Dæmi um slíkt er notkun á mysu við geymslu og til matreiðslu og hefur Gísli sjálfur notað þessa hliðarafurð óspart í sinni matargerð.

*Virkur í starfi Slow Food*

Þá hefur Gísli tekið virkan þátt í starfi Slow Food Reykjavík og verið fulltrúi hreyfingarinnar víða um heim á viðburðum. Hann hefur meðal annars ferðast sem sérstakur erindreki verkefnisins *Chefs' Allience*, sem alþjóðlega Slow Food-hreyfingin rekur í því skyni að breiða út hugsjónir þeirra um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika, menningarverðmæta matvæla og fágætra afurða.

*Ánægjulegt og óvænt*

Gísli segir að það sé ánægjulegt en jafnframt óvænt að vera tilnefndur í þessum flokki Embluverðlaunanna. „Ég hef auðvitað bara mikinn áhuga á því að vinna með þessa íslensku matarhefð og kynna hana líka, bæði hér heima og í útlöndum þar sem ég hef víða verið á „pop up“ viðburðum. Þar fæ ég heilmikið út úr því að kynna matinn okkar en ekki síður að fá innblástur frá þeim starfssystkinum sem eru með mér á þessum viðburðum. Þau koma oft úr öðrum matarmenningarheimi sem við kannski þekkjum ekki vel,“ segir hann. /smh



Gísli Matthías Auðunsson.

## Traustholtshólmi:

# Matarupplifun í friðsæld náttúrunnar

**Í hólma einum skammt ofan við árós Þjórsár, sem heitir Traustholtshólmi, hefur Hákon Kjalar Hjördísarson byggt upp matarferðaþjónustu þar sem áhersla er á sjálfbærni og náttúruupplifun.**

Í Traustholtshólma er boðið upp á gistingu í tjaldhýsum, laxveiði, kvöldverðarveislu og leiðsögn um hólmann – sem á sér sögu og mannvistarminjar sem rekja má til landnámsaldar.

„Tímabilið byrjar formlega hjá mér 3. júní og stendur til 15. september. Ég get mest tekið á móti sex fullorðnum, sem geta auðvitað verið með börn með sér. Stundum leigir fólk hólmann bara fyrir kvöldverð og þá geta um tíu manns tekið sig saman um slíkt. Ég hef haft hópa hér allt upp í 20 manns. Þriðji möguleikinn er svo að fara hingað í hádegisverð, en þá er upplifunin frá 12.30 til 16,“ segir Hákon.

***Ævintýrið hófst 2016***

Ég byrjaði sumarið 2016 á að fá til mín ferðafólk bara í dagstúra – og bara þá í matarupplifunina og kvöldmat, en ekki gistingu. Ég fjárfesti svo í þremur svona tjaldhýsum árið 2017 og byrjaði að bjóða upp á gistingu líka þá um sumarið.

Hólmurinn hefur verið í eigu fjölskyldu Hákons í þrjár kynslóðir og hefur hann dvalið þar mikið eftir að hann komst á fullorðins ár. „Það var lengi að gerjast í mér að gera eitthvað ferðaþjónustutengt hér þannig að ég gæti haft tekjur af því að vera hér. Ég fór svo inn í Startup Tourism-verkefnið árið 2016 sem var mjög markvisst og maður komst ekkert hjá því að hrinda hlutunum í framkvæmd.



Laxinn verkaður fyrir sashimi-smakkið. Myndir / Traustholtshólmi



Friðsældin í Traustholtshólma.



Laxinn kominn á steindiskinn. Mynd / AK Photography

***Grænmeti og lax***

Hákon ræktar grænmeti í matjurtagarði við húsið í hólmanum, sem hefur verið í notkun frá því að fjölskylda hans hóf að venja komur sínar út í Hólmann árið 1943 til sumardvalar. Tveir aðrir matjurtagarðar eru í hólmanum, ævafornir sem Hákon lífgaði við þegar hann byrjaði með matarferðaþjónustu sína. Maturinn sem ferðafólk fær að njóta í hólmanum er enda að uppistöðu heimaræktað grænmeti og nýveiddur lax.

„Það er ómetanlegt fyrir mig og heiður að geta nýtt þessa gömlu matjurtagarða. Þannig varðveiti ég ákveðna arfleifð, en um leið gera þeir mér kleift að hafa lífsviðurværi hér fyrir mig og gestina mína yfir sumarið. Það sem gefur mér mest varðandi þessa matjurtaræktun er meðvitundin um að vera með fingurna í sama jarðvegi og tíu kynslóðir á undan mér hafa ræktað – það veitir mér sérstaka tilfinningu um samkennd,“ segir Hákon.



***Laxa-sashimi á árbakkanum***

Nýveiddur íslenskur lax úr Þjórsá er eitt helsta aðdráttarafl matarferðamennskunnar í Traustholtshólma – auk náttúruupplifunarinnar; friðarins og kyrrðarinnar sem þar ríkir. „Ég byrja á því að sýna þeim kartöflugarðana mína og kálgarða áður en ég sýni þeim þegar ég dreg laxanetin inn. Laxinn er stjarnan í matarupplifuninni og býð ég upp á ferskan lax með sojasósu (sashimi) beint úr ánni, eftir að hafa dregið inn netin, slegið fiskinn og hreinsað. Hann er einnig í aðalhlutverki í kvöldveislunni, en þá grillaður. Ég sé einn um matreiðsluna í þessum kvöldverðarveislum og er leiðsögumaðurinn líka,“ segir Hákon. „Það má kannski frekar segja að ég sé gestgjafinn, því ég vil frekar líta svo á að ég sé með gesti hjá mér en viðskiptavini,“ bætir hann við.

/smh



## Regluverk og ríkisafskipti af landbúnaði:

# Heimaslátrun – Hvað má og má ekki víða um heim?

**Við bræður erum að talsverðu leyti aldir upp á heimaslátruðu lambakjöti og höfum margoft aðstoðað foreldra okkar við að slátra lömbum að hausti. Í mörgum tilvikum hefur kjöt frá Mælifellsá ratað í frystikistur og á grill ættingja og vina, sem notið hafa góðs af, enda margir hverjir ansi pattaralegir og vel haldnir. Löngu áður en umræða um dýravelferð komst í almenna umræðu var okkur kennt að umgangast ætti sláturlömb af virðingu og gæta þess að stress og álag á þeim væri sem allra minnst. Þannig liði lömbunum best og kjötið yrði af þeim gæðum sem mætti vænta af alvöru íslenskum fjallalömbum.**

Sjö systkina hópur flutti allur á mölina, eins og gengur, en tengslin við smalamennsku, heimaslátrun og umræðu um verðmætasköpun í landbúnaði hafa aldrei rofnað. Það er sama hversu mikið málin eru rædd, ekki fæst neinn botn í það hvers vegna bændur eigi ekki að geta unnið að eigin verðmætasköpun í anda „beint frá býlis“, enda öllum ljóst sem til þekkja að umtalsverð heimaslátrun á sér stað hvort eð er. Engin dæmi höfum við enn fundið um neytendur sem veikst hafa af neyslu heimaslátraðs lambakjöts og væru dæmi um það vel þegin, búi lesendur yfir slíku.

Í anda þessarar umræðu höfum við bræður, samhliða ferðalögum og störfum síðustu vikna, stundað skemmtilega rannsóknavinnu varðandi ríkisafskipti og regluverk þegar kemur að slátrun lamba. Heimskt er heimaalið barn og höfum við því lagt okkur eftir því að skilja það helsta sem einkennir slátrun bænda á nokkrum stöðum í heiminum.

Staðan á Íslandi og Gran Canaria virðist á margan hátt mjög svipuð. Bændur hafa ekki formlega leyfi til að stunda slátrun lamba. Margir hins vegar gera það. Um leið og byrjað er að spyrja nánar út í málin, er manni bent á mann sem þekkir mann sem getur komið þér í kynni við bónda sem slátrar heima og er tilbúinn að selja þér kjöt. Vöruþróun er hins vegar takmörkuð, enda um svarta atvinnustarfsemi að ræða og áhættan af vöruþróun því veruleg. Ríkið tapar skatttekjum og meðferð á úrgangi er vafasöm og alfarið undir þeim komin sem heimaslátrunina stunda.

Í Marokkó er heimilt að slátra lömbum og geitum hjá bændunum sjálfum. Í sumum tilvikum er um bændur að ræða í þeim skilningi sem við eigum að venjast, í öðrum tilvikum fremur um hirðingja að ræða. Kjöt er selt á mörkuðum og manna í millum. Nýting á aukahráefnum virðist góð, en hreinlæti á mörkuðum er mun takmarkaðra en við eigum að venjast og oft hægt að greina ýldulykt við sorpílát. Regluverk hefur verið einfaldað síðustu ár og stuðningur við bændur aukinn, ekki síst til að auka fæðuöryggi og draga úr vægi innflutnings á matvælum, en sveiflur á heimsmarkaði með hrávörur hafa reynst fátækari íbúum landsins erfiðar.



Kona af frumbyggjaættum í Andesfjöllunum með vænan kindahóp. Annar greinarhöfunda (SM) falaðist eftir kaupum á lömbum hjá nokkrum bændum og virtist sem gangverðið til ferðamanna væri um 100 dollarar m.v. svörin sem fengust við þeim umleitunum.



Kinda- og lambakjöt er mikilvægur hluti af fæðu hirðingja í Marokkó, ásamt því að vera vinsælt hráefni í tajine-rétti sem seldir eru á mörgum veitingahúsum. Myndin er tekin í útjaðri Sahara-eyðimerkurinnar.

Í Ekvador er heimilt að slátra lömbum og kindum. Bændur af frumbyggjaættum í Andesfjöllunum halda sauðfé í talsverðu magni og er þeim heimilt að slátra og vinna afurðir. Rafael Correa, fyrrverandi forseti Ekvador, sem dvalist hafði meðal fólks af frumbyggjaættum á námsárum sínum, innleiddi stuðningskerfi við uppbyggingu frumbyggja á ferðaþjónustu og er algengt að afurðir úr heimaslátrun séu seldar á veitinga- og gististöðum þeirra. Correa, sem flæktist í ýmiss konar spillingarmál á stjórnartíma sínum, getur vart talist vinsæll í Ekvador miðað við umtal margra íbúa borgarinnar Quito. Séu frumbyggjar hins vegar spurðir út í kauða, nýtur hann mun meiri stuðnings, ekki síst vegna þess að hann studdi við möguleika þeirra til að skapa aukin verðmæti í dreifðum byggðum Andesfjalla.

Á Kúbu er heimaslátrun leyfileg. Hægt er að kalla til dýralækna til að meta ástand dýra fyrir slátrun og afurðanna eftir slátrun, en það er ekki skylda. Viðskiptamódel framsækinna bænda og veitingamanna gengur út á milliliðalaus viðskipti, langtímasamband og þróun á vöruframboði í takti við breytta eftirspurn, en ferðamennska er orðin mikilvæg stoð efnahags Kúbu. Lífræn ræktun er á uppleið meðal þess hluta bænda sem stefna á sölu afurða til ferðamanna. Það er talsverð breyting frá fyrri árum þar sem áhersla var lögð á magnræktun (e. intensive farming) og notkun hjálparefna á borð við skordýraeitur, án þess að auka viðnámsþrótt lands með skiptiræktun. Þeir hlutar landbúnaðarframleiðslu sem háðir eru miklum ríkisafskiptum (sykur og kaffi sem dæmi) virðast vera í miklum vandræðum og búa við ósveigjanlegt kvótakerfi, þar sem ríkið tekur til sín um 90% framleiðslunnar á hrakvirði.

Í Sviss er hægt að kaupa heimaslátrað kjöt á bændamörkuðum, líkt og lýst var í 9. tbl. Bændablaðsins 2019, og fyrir hendi er skýrt regluverk um meðferð sláturdýra og afurða. Við höfum ekki enn lagt í að skilja til hlítar hvers vegna Svisslendingar geta farið þessa leið, á meðan Íslendingar telja sig síður geta gert það (þeir hafa a.m.k. ekki enn stigið það skref). Mögulega snýst það um pólitískt hugrekki, stefnu um fæðuöryggi eða þá að við Íslendingar höfum gengið skrefinu lengra í innleiðingu regla Evrópusambandins en aðrir meðlimir EES, eins og stundum virðist hafa verið raunin.





Nemendur í Hoyvíkurskóla taka spenntir þátt í árlegri sýnikennslu á sauðfjárslátrun.

Að lokum er vert að geta þess hvernig náfrændur okkar og vinir í Færeyjum líta á málin. Þar er ekki einvörðungu heimaslátrun leyfileg, heldur kennd í skólum. Sala á afurðum heimaslátrunar er leyfileg í verslunum, svo framarlega sem skýrt kemur fram á umbúðum að um heimaslátrað kjöt sé að ræða.

Ef horft er raunsæisaugum á málið má ljóst vera að heimaslátrun lamba er hluti af atvinnustarfsemi í íslenskum sveitum, líkt og víða erlendis. Sögulega séð hefur heimaslátrun lamba tíðkast allt frá landnámi og í áratugi í andstöðu við regluverk sem hefur verið ætlað að koma í veg fyrir hana. Í ljósi þessa má spyrja sig að því hvers vegna regluverkið er jafn stíft og raun ber vitni og hvaða samfélags- og efnahagslegar afleiðingar það gæti haft ef því yrði breytt, í átt að auknu frjálsræði og minni ríkisafskiptum. Það verður umfjöllunarefni síðustu greinar okkar um málið hér í Bændablaðinu.

***Sveinn Margeirsson og Ólafur Margeirsson, bændasynir***
*Grein nr. 3 af fjórum í greinaflokki Sveins og Ólafs um reglur og ríkisafskipti af landbúnaði.*





Haustlitir í Svartaskógi

5. - 12. október Haust 11
Fararstjórn: Þórhallur Vilhjálmsson

Djúpgrænir skógar og snotur þorp einkenna hóla og hæðir Svartaskógar. Við gistum í vínræktunarbænum Oberkirch í hjarta Svartaskógar. Vínakrar, gaukskluklur og kastalar eru aðalsmerki þessa fallega svæðis. Við förum í spennandi skoðunarferðir, t.d. til Strasbourg og Heidelberg, ökum klukkuveginn svokallaða og komum við á verkstæði þar sem gaukskluklurnar frægu eru smíðaðar.

**Verð: 184.400 kr. á mann í tvíbýli.**
**Mjög mikið innifalið!**

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík


ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM
IS HURÐIR
www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237


Leikföng í úrvali
BÚREKSTRARDEILD
www.kb.is
BORGARNESI
Netverslun
www.kb.is


Hótelrúmföt og handklæði
fyrir ferðaþjónustuna
Allt lín fyrir:
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna
Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
Þvottahúsið • Sérverslunina
Starfsmannafatnaður
fyrir hótel og veitingahús
Eigum allt fyrir:
• Þjóninn
• Kokkinn
• Gestamóttökuna
• Þernuna
• Vikapiltinn
• Hótelstjórnandann
86 ára
EDDA
HEILDVERSLUN
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 561 9200 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is


Ótrúlega ódýrar
íslenskar hliðgrindur
VIG
Fylgstu með okkur á
Facebook
Vélsmiðja Ingvars Guðna, Tanga, 801 Selfoss
Sími: 486-1810, Netfang: vig@vig.is
www.vig.is


Bændablaðið
Kemur næst út 13. júní


VALLARBRAUT ER FLUTT Í TRÖNUHRAUN 5 HAFNARFIRÐI
113 hestöfl !!!!!!!!
5% afsláttur
Frábært verð!! 2.750.000+vsk
50 hestöfl !!!!!!
"STÓRA" LITLA VÉLIN
26 hestöfl.
Vökvaúrtök.
pto
HATTAT 50 - 113 hö
Solis
20 - 26 - 50 - 60 - 75 - 90 hestöfl
GÓÐ TILBOÐSVERÐ Á NOKKRUM VÖRUFLOKKUM !!!!!!!!!!
Ávinnsluherfi galv. 4-6-8 m
10% afsláttur
Sláttuvélar 1,25 - 2,9 m
Heytætlur
10% af ryðfríum dreifurum
10% afsláttur
Steypuhrærivélar 600- 800-1200L
Tilboð gildir á meðan birgðir endast
Áburðardreifarar 200 - 2000 Kg
10% afsláttur
Rakstrarvélar 3,5 - 4,4 m
www.vallarbraut.is
vallarbraut@vallarbraut.is
S-8411200 & 8417300


NÁM MEÐ
STARFI
DREIFNÁM
Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:
Félagsliða
Viðbótarnám félagsliða
Leikskólaliða
Viðbótarnám leikskólaliða
Félags- og tómstundaliða
Stuðningsfulltrúa í skólum
Umsóknarfrestur er til 1. júní.
Upplýsingar um námið veitir Þórkatla Þórisdóttir
í síma 8561718 Netfang: thorkatla@bhs.is
Borgarholtsskóli
Nám á netinu

MENNING & SAGA



Einar 37 dráttarvélar á ýmsum aldri á hlaðinu á Blikastöðum. Flestar gætu þær örugglega tekið snúning við heyskap á Blikastaðatúninu. Trúlega er þó sprækust fagurrauða og glænýja Massey Ferguson dráttarvélin í hópnum sem er gott dæmi um þá miklu þróun sem orðið hefur í dráttarvélasmíði á 70 árum samfara stórauknum kröfum um vinnuhagræði og afköst í landbúnaði. Myndir / HKr.

# Ferguson með 70 ára sögu á Íslandi

## – Félagar í Ferguson-félaginu efndu til veglegrar sýningar á Blikastöðum í Mosfellsbæ

**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is



**Ferguson-félagið og félagar á Fornvélasetrinu efndu til sögusýningar á dráttarvélum á Blikastöðum í Mosfellsbæ 19. maí síðastliðinn. Var það í tilefni af því að 70 ár eru síðan fyrsta Ferguson dráttarvélin var kynnt á Íslandi. Þar gaf að líta mikinn fjölda uppgerðra Ferguson dráttarvéla auk nokkurra merkilegra véla af öðrum tegundum.**



Einn gamall og lúinn Ferguson frá Hróarslæk í Rangárþingi ytra. Hann á það þó fyrir sér að liggja að verða EKKI gerður upp eins og stendur á skilti sem á honum hangir.



Þrír félagar í Ferguson-félaginu á sýningunni á Blikastöðum. Talið frá vinstri; Albert Baldursson, flugstjóri hjá Atlanta, Magnús Sigsteinsson, fyrrum starfsmaður byggingaþjónustu Bændasamtaka Íslands og Ragnar Jónasson, fyrrum kennari og aðalhvatamaður að stofnun Ferguson-félagsins.

Magnús Þorlákur Sigsteinsson, fyrrv. ábúandi á Blikastöðum, segir að í gamla fjósinu á bænum hafi félagsskapur, sem heitir Fornvélasetrið, aðstöðu. Þar koma félagsmenn saman til að gera upp gamlar dráttarvélar og önnur tæki og stuðla þannig að varðveislu muna sem skipta sögu okkar Íslendinga verulegu máli. Þegar uppgerð véla er lokið og þær orðnar gljáandi og fínar fá þær þann heiður að vera stillt upp í „betri stofunni“, sem er í innsta hlutanum á gamla fjósinu.

Magnús á þar eina vél sem var fyrsta dráttarvélin sem var í eigu Sigsteins Pálssonar, föður hans og bónda á Blikastöðum, sem þar bjó ásamt Helgu Magnúsdóttur og börnum. Þar hættu þau búskap árið 1973, en bjuggu þó áfram á bænum. Þau seldu síðan jörðina, en nú er hún í eigu KB banka.

Vélin góða, sem Magnús gerði upp og að eigin sögn með góðra manna hjálp árið 2017, er Ferguson 35 de luxe sem Sigsteinn faðir hans keypti nýjan úr kassanum árið 1957. Mótorinn er Standard 23 C diesel, fjögurra strokka og skilar 37,5 hestöflum. Við mótorinn er tvöföld kúpling. Nú er vélin gljáandi og fín, rétt eins og þegar hún kom fyrst í hlaðið á Blikastöðum fyrir 62 árum.

Um allt land hafa áhugamenn verið að fást við að gera upp gamlar dráttarvélar og þá oft vélar sem hafa persónulegt gildi fyrir viðkomandi. Annars kom fyrsta dráttarvélin hingað til lands 12. ágúst 1918. Það var amerísk 16 hestafla hjóladráttarvél sem brenndi steinolíu. Vélin var oft nefnd „Akranes-traktorinn“ og var 2,5 tonn að þyngd og gat dregið 3 plóga, að því er segir í grein í Morgunblaðinu í mars 2003. Til Akraness mun hún hafa komið fyrir forgöngu Þórðar Ásmundssonar kaupmanns og fleiri manna. Hún var notuð við jarðvinnslu í þrjú sumur og síðan rifin í sundur.

Magnús segir mjög auðvelt að fá varahluti í gamlar Ferguson dráttarvélar og til séu fyrirtæki úti í heimi sem sérhæfa sig í smíði á varahlutum í slíkar vélar. Það sem ekki fæst er svo einfaldlega smíðað á staðnum.



Magnús Sigsteinsson við gamla Ferguson 35 de luxe árgerð 1957, sem hann hefur gert upp, en Sigsteinn Pálsson, faðir hans, keypti vélina fyrir búið á Blikastöðum sama ár.



Önnur af tveim Ferguson TF 20 dráttarvélum sem kynntar voru á Keldum þann 13. maí 1949. Þetta er jafnframt talin vera fyrsta dráttarvélin af þessari tegund sem seld var íslenskum kaupanda, þ.e. Tilraunastöðinni á Keldum. Kostaði hún 10.228 krónur. Þetta var jafnframt ein af átta fyrstu Ferguson vélunum sem komu til landsins snemma árs 1949. Þær voru með 24 hestafla bensínmótor. Dráttarvélar hf. (SÍS) fluttu þær inn og keyptu þessa vél aftur 1974 í tengslum við 25 ára afmæli Ferguson á Íslandi. Hún var síðan gefin Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri. Myndir / HKr.

# Flugstjóri á Boeing 747 júmbóþotum gerir upp dráttarvélar í frístundum

**Albert Baldursson, flugstjóri hjá flugfélaginu Atlanta, er alla jafna að þeytast um háloftin á Boeing 747 júmbóþotum, ýmist með fragt eða farþega. Þegar hann er á jörðu niðri þykir honum samt fátt skemmtilegra en að sökkva sér niður í að gera upp gamlar dráttarvélar.**

Albert, sem er frá Páfastöðum í Skagafirði, segir að þegar menn byrji á því sem tómstundagamni að gera upp gamlar dráttarvélar þá sé erfitt að slíta sig frá þeirri iðju. Hann nýtir aðstöðuna á Blikastöðum til að gera upp gamlar dráttarvélar ásamt félögunum í Fornvélasetrinu. Er hann búinn að gera upp þrjár vélar sem voru til sýnis í Betri stofunni í Blikastaðafjósinu og einn gráan Ferguson að auki sem stóð þar á útisvæði þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði. Sigurður hefur í fjölda ára flogið fyrir Atlanta í Sádi-Arabíu, óravegu frá menningarsamfélagi Fornvélasetursins í fjósinu á Blikastöðum.




Albert Baldursson, flugstjóri á m.a. eina uppgerða Farmal dráttarvél sem er frá Dálkstöðum á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. Þá er önnur Farmal 135 sem ættuð er úr Skagafirði og henni fylgir upphaflegur reikningur frá kaupfélagi Skagfirðinga upp á rúmar 135 þúsund krónur. Eins átti hann á sýningunni forláta Ford úr Hvítársíðunni frá 1966. Á innfelldu myndinni er eina af flugvélum Atlanta eins og Albert hefur atvinnu af að fljúga.

*Ekki bara Ferguson*

„Þetta snýst ekki bara um að gera upp Ferguson, heldur alla flóruna og helst eins margar tegundir og hægt er," sagði Albert. Ein af vélunum hans var t.d. blár og fallegur Ford af árgerð 1966. Hann sagði að Ford hafi verið vinsæll á sjöunda áratug síðustu aldar í sumum sveitum. Það hafi farið ansi mikið eftir því hvaða vélakost menn trúðu mest á og hvort kaupfélagið var innflytjandinn eða einhver annar.

„Það fór eftir trúarbrögðum hjá bændum, pólitíkinni og hversu kaupfélagið var öflugt."

Þessi Ford er svolítið sérstakur fyrir þær sakir að hann er með sjálfskiptingu. Þar var Ford í fararbroddi í þeirri tækni, en þessi skipting þótti þó ekki sérlega lipur og mun hafa verið erfitt að vinna á vélinni.

*Mikið um Ford í Eyjafirði*

Albert segir að mikið hafi verið um Ford dráttarvélar í Eyjafirði, í Norðurárdalnum og víðar í Borgarfirði. Er það svolítið skondið í ljósi mjög sterkra ítaka Sambands íslenskra samvinnufélaga á þeim svæðum. Virðast bændur í Eyjafirði og uppsveitum Borgarfjarðar hafa verið nokkuð uppreisnargjarnir hvað varðar tengsl við Framsóknarflokkinn og því valið aðrar dráttarvélagerðir en SÍS var að flytja inn. Það var Globus hf. í Reykjavík sem flutti inn Ford vélarnar, en í útlöndum komst dráttarvéladeild Ford í eigu Fiat samsteypunnar 1991. Þá hætti Ford að sjást sem dráttarvélamerki en í staðinn kom New Holland sem hélt í bláa litinn sem einkenndi Ford.

*SÍS, McCormic, Ferguson og Nallinn*

Samband íslenskra samvinnufélaga, eða SÍS, sem var samnefnari kaupfélaganna í landinu, átti dótturfélag sem hét Dráttarvélar hf. Það flutti m.a. inn Ferguson og síðan Massey Ferguson dráttarvélar. Hafði SÍS á árunum 1929 til 1931 einnig flutt inn International Harvester (IH) dráttarvélar (Nalla) sem röktu söguna allt aftur til 1847 og Cyrus McCormick. Árið 1902 sameinuðust McCormic, Dering og þrjú minni fyrirtæki og úr varð fyrirtækið International Harvester.

Fyrsta Farmal dráttarvélin kom svo á markað erlendis 1923. International Harvester sameinaðist J. I. Case dráttarvélaframleiðandanum 1985 undir nafninu Case IH. Árið 1986 sameinaðist svo Steiger dráttarvélaframleiðandinn inn í þá samsteypu. Árið 2003 var svo Farmal-nafnið endurvakið hjá Case IH.

*Farmal 135 kostaði 135 þúsund*

Albert á eina uppgerða Farmal dráttarvél sem er frá Dálkstöðum á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. Þá er önnur Farmal 135 sem ættuð er úr Skagafirði og Ford úr Hvítársíðunni. Segir Albert að það sé ekki bara áhuginn á að gera upp vélarnar sem skipti miklu máli, því sagan á bak við gripina sé ekki síður mikilvæg. Vísar hann m.a. á reikning í þessu sambandi sem fylgir Farmal 135 vélinni og er stílaður á Sigurð Sigurjónsson, bónda á Marbæli í Skagafirði. Reikningurinn er frá Kaupfélagi Skagfirðinga og gefinn út 1966. Hljóðar hann upp á eitt stykki af 135 dráttarvél sem kostaði 135.233 krónur og 20 aura.

---

## Kristján Bjartmarsson vinnur að uppgerð á merkilegri dráttarvél:

# Gerir upp Centaur-vél föður síns, séra Bjartmars Kristjánssonar á Mælifelli í Skagafirði

**Kristján Bjartmarsson er að gera upp ansi merkilega Centaur dráttarvél sem var eiginlega beinn tengiliður inn í vélaöld í landbúnaði við aflagningu hesta til dráttar á heyvinnutækjum.**

Þessi vél var hönnuð til að geta tengst hey- og jarðvinnslutækjum sem annars hestar voru notaðir til að draga. Kristján vinnur nú við að gera hana upp, en vélin er honum tengd og var hún síðast í notkun og í eigu föður hans, séra Bjartmars Kristjánssonar á Mælifelli í Skagafirði. Bjartmar var reyndar fæddur að Ytri-Tjörnum í Öngulsstaðahreppi 14. apríl 1915 og var settur prestur í Mælifellsprestakalli í Skagafirði 1946. Vorið 1968 fékk hann svo Laugalandsprestakall í Eyjafirði og var þar síðustu tvö árin prófastur þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir 1986.

Centaur var upphaflega framleidd af Central Tractor Company í Greenwich í Ohio-ríki í Bandaríkjunum. Árið 1940 urðu eigendaskipti á fyrirtækinu sem komst þá í eigu LeRoi Corporation sem varð reyndar gjaldþrota á fimmta áratug síðustu aldar.



Kristján Bjartmarsson við gamla Centaur dráttarvél föður síns, en hún kom til landsins 1934.

Sex Centaur dráttarvélar voru fluttar inn til landsins og annaðist Finnur Ólafsson, heildsali frá Fellsenda í Dölum, innflutning þeirra. Fyrstu vélina keypti Jóhannes Reykdal, bóndi og verksmiðjueigandi á Setbergi við Hafnarfjörð, árið 1927. Árið 1929 keypti Thor Jensen fjórar Centaur vélar fyrir búið á Korpúlfsstöðum og Ingólfur Kristjánsson, bóndi á Jódísarstöðum við Eyjafjörð, keypti svo síðustu vélina af þessari gerð, Centaur 2-C árið 1934. Eignaðist séra Bjartmar Kristjánsson svo vél Ingólfs.

*Var fyrst á Jódísarstöðum í Eyjafirði*

„Þessi vél kom fyrst í Eyjafjörð 1934 að Jódísarstöðum þar sem Ingólfur Kristjánsson var með búskap. Pabbi fékk svo vélina 1949 eða 1950 og notaði hana við búskap á Mælifelli í Skagafirði þar sem hann var prestur. Hann notaði þessa vél í um tíu ára skeið þar til hann fékk sér nýrri dráttarvél. Eftir það var þessi vél nánast ekkert notuð, en pabbi gaf svo Þjóðminjasafninu vélina 1990 og er hún búin að vera í geymslu hjá þeim alla daga síðan. Ég samdi við safnið um að fá að gera hana upp árið 2014 og þegar því verður lokið fer hún á Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri," segir Kristján.

Hann segir að mótorinn sé nú eins og nýr og gangsetti hann reyndar vélina á Hvanneyrarhátíð 6. júlí 2018. Síðan er Kristján búinn að vinna mikið við vélina og hefur sett á hana upphaflega sláttuvél, endurbætt vatnskassa og ýmislegt fleira.

Kristján segir að ein önnur vél af þessari gerð sé á Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri og sé sögð vera vélin sem Jóhannes Reykdal keypti 1927. Hann telur að það passi þó ekki miðað við verksmiðjunúmerið sem á henni er. Þar af leiðir er þar væntanlega um að ræða eina af vélum Korpúlfsstaðabúsins. Þá segir Kristján að vitað sé um tvö önnur hræ af vélum sem voru á Korpúlfsstöðum en ekki sé vitað um örlög tveggja af vélunum sex sem keyptar voru til landsins.

Kristján segir að fyrirhugað sé að fara með vélina í ferðalag á Hrafnagilshátíð í Eyjafirði í sumar. Þá muni hann einnig koma við á Mælifelli í Skagafirði með gripinn þar sem faðir hans notaði vélina við slátt um tíu ára skeið.

LÍF & STARF













# Skilti varða leiðina um Gullna söguhringinn í Dalabyggð

**Þann 12. maí sl. var efnt til sögulegra viðburða í Dalabyggð þegar ný söguskilti voru afhjúpuð við hátíðlega athöfn og sérstakt Sturlufélag var einnig stofnað.**

Að frumkvæði Sturlunefndar var efnt til framleiðslu á fjórum söguskiltum sem sett verða upp á Gullna söguhringnum sem liggur frá Búðardal, út fyrir Klofning og að Saurbæ. Dalirnir búa yfir ríkri sögu þar sem nokkrar af þekktustu Íslendingasögunum áttu sér stað og er óhætt að segja að svæðið sé sannkallað sögusamfélag þar sem fortíðin er falin í gömlum örnefnum og bæjarnöfnum.

Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, afhjúpaði fyrsta skiltið við Hjarðarholt og henni til aðstoðar voru fjórir fulltrúar ungu kynslóðarinnar í Dölum, þær Birna Ingvarsdóttir, Dagný Sara Viðarsdóttir, Jóhanna Vigdís Pálmadóttir og Katrín Einarsdóttir. Að því loknu var efnt til móttöku í Dalabúð þar sem boðið var upp á veitingar og létta dagskrá.

Meðal þeirra sem tóku til máls voru Svavar Gestsson, fv. ráðherra, Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar.

### *Sturlufélag formlega stofnað*

Í lok móttökunnar var sérstakt Sturlufélag stofnað. Stjórn Sturlufélags skipa:

Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, fráfarandi ferðamálafulltrúi Dalabyggðar og rekstraraðili Eiríksstaða, Einar Kárason rithöfundur, Einar K. Guðfinnsson, fyrrum ráðherra og forseti Alþingis, Guðrún Nordal, formaður Stofnunar Árna Magnússonar, Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Svavar Gestsson, fyrrverandi ráðherra og sendiherra.




Við afhjúpun söguskiltisins við Hjarðarholt. Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu í Reykholti, Einar Kr. Guðfinnsson, formaður nýstofnaðs Sturlufélags, Kristján Sturluson sveitarstjóri, Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, Svavar Gestsson, Dalamaður og fyrrum ráðherra og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



MS bauð til móttöku af tilefninu.



Gestir á öllum aldri nutu veglegra veitinga.




Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, afhjúpaði fyrsta skiltið við Hjarðarholt og henni til aðstoðar voru fjórir fulltrúar ungu kynslóðarinnar í Dölum, þær Birna Ingvarsdóttir, Dagný Sara Viðarsdóttir, Jóhanna Vigdís Pálmadóttir og Katrín Einarsdóttir.



Ari Edwald færði Svavari Gestsyni ostakörfu í þakklætisskyni fyrir framtakið og vinnuna.

### *Fjögur söguskilti sett upp*

Staðsetning skiltanna fjögurra við Gullna söguhringinn er valin af kostgæfni en þau verða staðsett við Hjarðarholt, afleggjarann að Fellsströnd, úti við Klofning og í Saurbæ. Hvert skiltanna prýða teikningar af merkum persónum úr Íslendingasögunum sem tengjast svæðinu og ber þar helst að nefna fóstbræðurna Bolla og Kjartan og Guðrúnu Ósvífursdóttur, Auði djúpúðgu, Eirík rauða og Sturlu Þórðarson. Auk teikninganna eru fróðleiksmolar um söguslóðirnar á íslensku og ensku, sem vonir standa til að vekja muni athygli og áhuga ferðamanna sem leið eiga um svæðið.

Það er Mjólkursamsalan sem kostar gerð skiltanna en þau voru unnin í samvinnu við Sturlunefnd og auglýsingastofuna Hvíta húsið. Myndirnar sem prýða skiltin teiknaði Ingólfur Örn Björgvinsson myndskreytir og Vegagerðin sá um að koma skiltunum fyrir.

LÍF & STARF

# Bláskelin er ný viðurkenning fyrir framúrskarandi plastlausa lausn

**Umhverfisstofnun hefur auglýst eftir tilnefningum til nýrrar viðurkenningar sem heitir Bláskelin. Viðurkenningin verður veitt fyrirtæki, stofnun, einstaklingi eða öðrum fyrir framúrskarandi lausnir sem stuðla að minni plastnotkun og plastúrgangi í samfélaginu.**



Í tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kemur fram að viðurkenningin sé hluti af aðgerðum umhverfis- og auðlindaráðherra til að draga úr neikvæðum áhrifum plastnotkunar. Henni sé ætlað að draga fram það sem vel er gert og hvetja til nýsköpunar. Sérstök úthlutunarnefnd velur viðurkenningarhafa en hana skipa fulltrúar frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Plastlausum september og Umhverfisstofnun.

*Mikilvægt að virkja kraftinn*

„Umhverfis- og auðlindaráðherra fékk í lok síðasta árs afhentar tillögur frá samráðsvettvangi sem hann skipaði um plastmálefni og voru viðurkenningar fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir þar á meðal. Af öðrum tillögum sem þegar hafa komið til framkvæmda má nefna átaksverkefni Umhverfisstofnunar til að auka meðvitund fólks um að draga úr notkun á einnota plastvörum og lög sem banna plastburðarpoka í verslunum frá og með 1. janúar 2021.

„Plast í hafi er víðtækt vandamál og örplast hefur greinst í æ fleiri lífverum, þar á meðal bláskel. Með viðurkenningunni Bláskelinni berjumst við gegn plastmengun, höldum á lofti því sem vel er gert og hvetjum til nýsköpunar og frumlegra lausna – án plasts," segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra. „Meðvitund fólks um plastvandann hefur aukist mjög á skömmum tíma. Það er ótrúleg gróska í samfélaginu og fullt af flottum lausnum þarna úti. Að virkja þennan kraft er mjög mikilvægt."

Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunum fyrir Bláskelina. Fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir geta hvort heldur tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Við val á verðlaunahafa er horft til eftirfarandi þátta:

- nýsköpunargildis viðkomandi lausnar
- dregur lausnin úr myndun úrgangs
- hvert er almennt framlag lausnarinnar til umhverfismála
- hvaða plastvöru er verið að komast hjá með lausninni
- hefur lausnin möguleika á að komast í almenna notkun

Tillögur skulu berast Umhverfisstofnun eigi síðar en 1. júlí næstkomandi, merktar „Tilnefning: Bláskelin" á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfis- og auðlindaráðherra mun veita viðurkenninguna þann 1. september 2019, á opnunarhátíð árvekniátaksins Plastlaus september," segir í tilkynningunni.

/smh

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 13. júní







Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook






VIÐ SKÓGARBÆNDUR

# Timbur er umhverfisvænsta hráefni til byggingaframkvæmda í heiminum

**Ísland er skóglítið land en möguleikar til skógræktar miklir. Hlýnun jarðar næstu áratugi er óumflýjanleg. Það mun hafa í för með sér mikla gróðureyðingu á heitum svæðum og bráðnun jökla, sem raskar jafnvægi hafstrauma. Vestrænar þjóðir reiða sig á skóga og timbrið sem úr þeim kemur. Ísland er þar engin undantekning. Mikill innflutningur á timbri er til landsins með tilheyrandi kolefnislosun.**

Mikill áhugi er á skógrækt meðal landeigenda um allt land. Skógarbændur á um 500 skógræktarjörðum eru með aðild að Landssamtökum skógareigenda. Langflestir skógarbændur eru að rækta skóg til timburframleiðslu og má því segja að aukið skjól, hefting jarðfoks, ríkulegri beitarmöguleikar, aukin uppskera, jafnari vatnsbúskapur og kolefnisbinding séu dæmi um aukaafurðir skógarins. Með skógrækt má byggja upp atvinnu á landsbyggðinni, allt frá plöntuframleiðslu, gróðursetningu og umhirðu jafnt og þétt þar til lokatakmarki er náð, sem verður væntanlega timbur í fyrsta flokki.



Í Þjórsárdal er timbrið úr skóginum nýtt sem byggingarefni.



Alaskaösp söguð í borð og planka.

### *Gæðaviður úr íslenskum skógum*

Úr íslenskum skógum má rækta og vinna gæðavið af ýmsu tagi. Sé timbrið nýtt hérlendis er kolefnissporið lítið en gæði viðarins geta verið stórgóð. Samhliða vel hirtum og stækkandi skógum fer skógarmenning á Íslandi einnig vaxandi og er það eftirsóknarverður möguleiki að vita til þess að Íslendingar geti orðið sjálfum sér nægir um timbur um eftir hálfa öld.

Skógræktin, Landssamtök skógareigenda, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands gerðu með sér viljayfirlýsingu um að efla gæðamál í nýtingu á timbri sem kemur úr íslenskum skógum á síðasta ári. Ýmsar leiðir eru til við að nýta skógarauðlindina.

Í einkageiranum eru mörg fyrirtæki farin að sýna samfélagslega ábyrgð í umhverfismálum og leita leiða til að minnka kolefnislosun. Límtré Vírnet er dæmi um fyrirtæki sem lætur sig loftslagsmálin varða. Í samvinnu við skógargeirann og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, gerir það tilraunir með að vinna límtré úr íslenskum viði. Ef verkefnið skilar tilætluðum árangri er það allra hagur. Innflutningur á timbri minnkar, skógargeirinn selur timbrið í vinnslu og loftslagið nýtur góðs af öllu saman. Auk þess hefur Límtré Vírnet hafið vinnu við að meta kolefnisspor fyrirtækisins og hafið kolefnisjöfnun með því að gróðursetja tré á 1 hektara lands núna á vormánuðum hjá Skógræktinni sem vonandi verður hægt að nýta til framleiðslu á timbri á næstu áratugum. Með því skapast heilbrigð hringrás kolefnisbindingar í skógunum og nýting viðarafurða til framleiðslu á byggingarefnum í framtíðinni. Límtré Vírnet setti persónulegt met í framleiðslu á límtré árið 2018, þar sem rúmlega 3000 m$^3$ af límtrésbitum úr u.þ.b. 4000 m3 af timbri úr FSC vottuðum norrænum nytjaskógum voru framleiddir.

### *Mikil aukning á timburnotkun í bygggingariðnaði*

Mikill þrýstingur er kominn til notkunar timburs í byggingariðnaði í heiminum og nú þegar er gríðarleg aukning í notkun þess. Með aukinni eftirspurn eftir timbri er alveg ljóst mikilvægi þess að hefja sjálfbæra timburvinnslu í mannvirkjagerð á Íslandi og skapa hér blómlegan, hátækniváeddan timburiðnað, sem gæti gert okkur kleift að vera sjálfbær með okkar eigið byggingarefni í framtíðinni. Hvort að það sé hægt á Íslandi er meðal annars verið að reyna að svara með þessum rannsóknum á íslensku timbri.

### *Tvöfaldur ávinningur af skógrækt*

Við getum minnkað $CO_2$ í andrúmsloftinu á tvennan hátt, með því að minnka útstreymið og með því að fjarlægja það og binda í fast form. Með trjám gerum við hvort tveggja.

Ef við notum 1 m$^3$ af timbri í hús, þá minnkum við losunina um 1 tonn af $CO_2$, sem er kolefnið í trénu. Við framleiðslu á byggingum með öðrum byggingaraðferðum er notað að meðaltali 1 tonn af $CO_2$. Með því að nota timbur í staðinn fyrir önnur byggingarefni spörum við því 2 tonn af $CO_2$. Eitt tonn af $CO_2$ samsvarar útblæstri frá 430 lítrum af bensíni.

### *Íslenksir skógar binda nú um 400 þúsund tonn af $CO_2$ á ári*

Skógar á landinu binda nú um 400 þúsund tonn af $CO_2$ árlega. Í dag þekja ræktaðir skógar aðeins 0,42 % landsins. Unnið er að því að ræktaðir og náttúrulegir skógar geti þakið um 4 prósent landsins árið 2040. Tré eru að mestu leyti kolefni og er tilvalið byggingarefni. Þess vegna eigum við að nota timbur til að bæta umhverfisgæði okkar.

***Landssamtök skógareigenda***
*Starfshópur um viðargæði*



Niðursöguð Alaskaösp.



SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA




Þorlákshafnarskógar verða á 4.620 hektara svæði í nágrenni Þorlákshafnar.

# Þorlákshafnarskógar komnir vel af stað

**Nú er verkefnið Þorlákshafnarskógur komið vel af stað. Ýmis fyrirtæki hafa tekið að sér reiti, m.a. Landsbjörg vegna sölu plantna í kringum áramótin.**



Þar með talið Endurvinnslan hf. sem tekur að sér að rækta 30.000 plöntur í 30 hektara reit. Hér má sjá gróðursetningarferð sem farin var 19. maí.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að um sé að ræða samstarfsverkefni um landgræðslu og skógrækt. Framkvæmdin felist annars vegar í stöðvun sandfoks, sem muni aðallega byggjast á sáningu melgresis, og hins vegar í skógrækt. Umrædd skógrækt verði annars vegar blandaður skógur til útivistar á 2.440 hekturum á austurhluta svæðisins, með t.d. birki reyni, víði, elri, alaskaösp, sitkagreni og stafafuru, og hins vegar endurheimt birkiskógar á 2.180 hektara svæði, samtals 4.620 hektarar. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að gróðursetja í trjálundi a um 20% landsins og að skógar breiðist í kjölfarið út. Svæðið afmarkist af Suðurstrandarvegi í suðri en landgræðslugirðingu í vestri, norðri og austri. Áætlað sé að skipta framkvæmdatímanum í fjögur 5 ára tímabil og framkvæmdir verði aðallega unnar af verktökum undir stjórn verkefnisstjóra. */HKr.*



**Ný stjórn Landbúnaðarklasans; Einar Gunnar Guðmundsson, Tjörvi Bjarnason, Oddný Anna Björnsdóttir, Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir, Sunna Gunnars Marteinsdóttir og Finnbogi Magnússon.** Mynd / smh

## Aðalfundur Landbúnaðarklasans:
# Finnbogi áfram formaður

**Aðalfundur Landbúnaðarklasans var haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 24. maí. Finnbogi Magnússon var endurkjörinn formaður.**

Ein breyting varð í stjórn Landbúnaðarklasans; Þórir Haraldsson frá Líflandi fór úr stjórn en Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir frá Landsvirkjun kom inn. Aðrir í stjórn eru auk Finnboga þau Sunna Gunnars Marteinsdóttir frá Mjólkursamsölunni, Tjörvi Bjarnason frá Bændasamtökum Íslands, Einar Gunnar Guðmundsson frá Arion banka og Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi og bóndi. Berglind Hilmarsdóttir bóndi er verkefnisstjóri hjá Landbúnaðarklasanum.

### *Áherslur áfram á sprotastarf*

Á aðalfundinum var samþykkt starfsáætlun fyrir þetta ár, þar sem áherslur á sprotastarf verða í forgrunni og áframhaldandi stuðningur við frumkvöðla.

Landbúnaðarklasinn var stofnaður árið 2014 að frumkvæði Bændasamtaka Íslands. Klasinn samanstendur af fyrirtækjum og félögum sem tengjast landbúnaði. Markmiðið er að stuðla að aukinni arðsemi gegnum nýsköpun og fagmennsku í landbúnaði á Íslandi, gæta sameiginlegra hagsmuna og að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem tengist landbúnaði.

Starfsemi Landbúnaðarklasans fór rólega af stað en í byrjun árs 2016 stóð hann fyrir gerð fræðsluþátta um landbúnað og síðar sama ár var gerður tímabundinn samningur við Matarauð Íslands um rými fyrir frumkvöðla á vegum Landbúnaðarklasans í húsi Sjávarklasans, auk þess sem samið var um samstarf við Sjávarklasann og þátttöku í viðburðum. Á síðasta ári varð klasinn einn af bakhjörlum viðskiptahraðalsins „Til sjávar og sveita", í samstarfi við Icelandic Startups. */smh*





Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi



GARÐNYTJAR

# Vel hirtur matjurtagarður er heimilisprýði

**Margir hafa gaman af því að rækta matjurtir til heimilisins og ræktunin er auðveldari en flesta grunar. Fyrir byrjendur er best að stíga fyrstu skrefin með því að rækta harðgerðar plöntur sem nokkuð öruggt er að gefi uppskeru. Smám saman öðlast fólk svo reynslu og færir sig yfir í viðkvæmari tegundir.**

Vel hirtur matjurtagarður er heimilisprýði og ættu sem flestir að keppa að því að eiga slíkan reit.

Heppilegasta svæðið fyrir matjurtagarð er í skjóli og örlitlum halla til suðvesturs. Þessar aðstæður eru sjaldnast til staðar í venjulegum heimilisgarði og því best að velja matjurtareitnum stað í góðu skjóli þar sem hann nýtur sólar.

Eftir að búið er að hreinsa burt allt grjót og illgresi úr garðstæðinu er garðurinn tilbúinn til vinnslu. Hægt er að stinga garðinn upp með gaffli eða nota jarðtætara í verkið, sem er mun auðveldara, sérstaklega ef verið er að brjóta nýtt land. Ef notaður er jarðtætari verður að gæta þess að ofvinna jarðveginn ekki því þá getur hann orðið of þéttur og loftlaus.


Kartöflugrös. Mynd / VH

*Blanda saman mold og sandi*

Jarðvegur í matjurtareitnum þarf að vera hæfilega blanda af mold og sandi og yfirleitt þarf að blanda hann með lífrænum áburði og stundum bæta í hann kalki. Ekki skal setja kalk í kartöflugarða því það eykur hættuna á kartöflukláða.

Hæfilegt magn af lífrænum áburði á 10 fermetra eru tvær til þrjár hjólbörur af hrossaskít eða tveir lítrar af þurrkuðum hænsnaskít sem vinna þarf vel ofan í gróðurmoldina. Ef notaður er tilbúinn áburður er hæfilegt magn tvær matskeiðar á fermetra.

*Forræktun og útplöntun*

Gott er að forrækta flestar matjurtir inni í 6 til 8 vikur áður en þeim er plantað út í garð. Kjörhiti við spírun er 18 til 20°C en 10 til 17°C við áframræktun. Plöntum er síðan dreifplantað þegar komnir eru á þær tveir blaðkransar auk kímblaða. Þeir sem ekki hafa áhuga eða aðstöðu til að forrækta sínar plöntur sjálfir geta keypt þær tilbúnar til gróðursetningar í gróðrarstöðvum.


Stilkbeðja. Mynd / Odd Stefán

Áður en plantað er í garðinn er gott að stinga fyrir beðum sem eru höfð 20 til 30 sentímetra há, vegna þess að þá hitna þau fyrr, og um metri á breidd. Til að auðvelda vinnu í garðinum er hæfilegt bil á milli beða tvö fet eða 60 sentímetrar.

Þeir sem vilja vanda enn meira til verksins og vera snyrtilegir geta smíðað ramma utan um beðið til að halda jarðveginum á sínum stað.


Gulrófur. Mynd / VH

**Dæmi um skiptiræktun:**

- *Fyrsta ár: Kál, rófur og aðrar tegundir körfublómaættarinnar.*
- *Annað ár: Gulrætur, pastinakka, steinselja og sellerí.*
- *Þriðja ár: Salat, rauðrófur og spínat.*
- *Fjórða ár: Kartöflur*
- *Síðan er ræktuninni víxlað á milli beða frá ári til árs.*

Þar sem rými er takmarkað mælir ekkert með því að rækta matjurtir í keri og innan um sumarblóm.

Algengt er að planta matjurtum út um mánaðamótin maí og júní. Útplöntunartími er háður því að jarðvegurinn sé orðinn sæmilega hlýr, að minnsta kosti kominn yfir 6°C, og hætta á næturfrosti liðin hjá. Heppilegast er að gróðursetja í skýjuðu veðri og jafnvel svolítilli rigningu. Gott er að breiða akrýldúk yfir plönturnar fyrstu vikurnar til að hjálpa þeim af stað. Dúkurinn heldur hita á plöntunum og hann er líka ágæt vörn gegn kálflugu.


Gulrófur. Mynd / VH

**Tegundir sem sá má beint í beð:**

- *Gulrætur.*
- *Hnúðkál.*
- *Næpur.*
- *Mizuna-kál.*
- *Pastinakka.*
- *Radísur.*
- *Salat.*
- *Sinnepskál.*
- *Spínat.*

*Áburður og næring*

Ef borinn er tilbúinn áburður á matjurtagarðinn er æskilegt að skipta áburðargjöfinni í tvennt með um það bil mánaðar millibili. Sé miðað við 10 fermetra garð skal gefa um 1 kíló af alhliða áburði um 15. maí og 0,5 kíló um það bil mánuði síðar. Best er að bera á tilbúinn áburð í þurru og ekki er ráðlagt að gefa of mikið af honum því hann getur brennt plönturnar og þannig gert meira ógagn en gagn.

Við blómkálsrækt getur reynst þörf á að bera á hálft til tvö grömm af natríummólýbdati á hverja 10 fermetra og 10 til 15 grömm af bór. Bór í sama magni er einnig æskilegur þar sem rækta á gulrófur, hreðkur og gulrætur. Yfirleitt er nóg af þessum efnum í húsdýraáburði þannig að ekki þarf að gefa þau aukalega sé hann notaður reglulega.

*Umhirða*

Allt illgresi sem læðir sér inn í matjurtagarðinn ætti að fjarlægja jafnóðum. Með því móti er komið í veg fyrir að það nái að skjóta rótum. Illgresið keppir við matjurtirnar um næringu og birtu í garðinum, auk þess sem sniglar þrífast vel í skugganum af því. Sé þurrt í veðri verður að vökva matjurtirnar reglulega, sérstaklega hraðvaxta og stórblaða jurtir.

*Skiptiræktun*

Ólíkar tegundir matjurta nýta næringarefnin í jarðveginum misvel og þess vegna er gott að breyta um ræktunartegundir á hverju ári. Með því að skipta reglulega um tegundir dregur úr líkum á jarðvegsþreytu og að sjúkdómar nái að festa sig í sessi. Einföld skiptiræktun felst í að rækta rótarávexti eitt árið en plöntur þar sem ofanjarðarhlutinn er nýttur það næsta og svo koll af kolli. /VH


Hvítkál. Mynd / Odd Stefán


Vel hirtur matjurtagarður. Mynd / Einar Örn Jónsson

## Ræktun eykur lífsgæði

**Rannsóknir sýna að það eitt og sér að horfa á græn svæði hefur góð áhrif á geðheilsu fólk og eykur líkurnar á að það slaki á og minnki stress.**

Læknar víða um heim eru farnir að ráðleggja fólki að fara í göngutúr um næsta útivistarsvæði í stað þess að skrifa út lyf til að róa taugarnar.

Ýmislegt bendir einnig til að mörgum sé hollara að leggja stund á ræktun og garðyrkju en að keyra sig út í ræktinni. Garðyrkja er róandi og hverjum og einum er hollt að rækta plöntur og horfa á þær vaxa. Það að fikta í moldinni er líka hollt því að í jarðvegi er að finna bakteríur sem geta verið hollar og hafa áhrif á sælustöðvar líkamans. Ræktun eykur ábyrgðartilfinningu fólks vegna þess að flestir sem á annað borð njóta þess að rækta leggja alúð í ræktunina. /VH

HAGIR LANDS & ÞJÓÐAR

## Tölur Hagstofu Íslands um innflutning á gúmmíverjum:

# Hver Íslendingur notaði að meðaltali um 0,1 kg af smokkum á síðasta ári

### – en verulegur samdráttur í innflutningi á fyrstu þrem mánuðunum 2019

**Sala á smokkum á Íslandi virðist vera hreint með ólíkindum, en á síðasta ári nam innflutningur á slíkum varningi sem svaraði 0,1 kílógrömmum á hvert mannsbarn. Þar sem þetta er engin þungavara má ætla að stykkjafjöldinn sé ansi mikill á raunverulega notendur.**



Alls voru flutt inn 4.588 kg af smokkum til Íslands á fyrstu þrem mánuðum þessa árs samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Er það gríðarlegur samdráttur frá sömu mánuðum 2018 þegar fluttir voru inn 8.947 kg. Ekki kemur þó fram hvort sá samdráttur sé lýsandi fyrir breytingar á félagslegum athöfnum Íslendinga á þessu tímabili.

Ef rýnt er nánar í þessa tölfræði Hagstofunnar um innflutning á ýmsum varningi til landsins kemur í ljós að á árinu 2017 voru flutt tæp 29,8 tonn af smokkum til landsins, eða 29.764 kg. Á árinu 2018 voru flutt inn rúm 34,7 tonn, eða nánar tiltekið 34.689 kg. Þetta er aukning upp á nærri 5 tonn á milli ára.

Þetta hlýtur að teljast vel í lagt svo ekki sé meira sagt, því séu þessar tölur réttar þýðir það að hvert einasta mannsbarn á Íslandi keypti um 0,1kíló af smokkum á síðasta ári.

Eflaust ætla margir að þarna hljóti að vera um einhvern misskilning að ræða og verið sé að tala um smokkfisk eða eitthvað álíka. Það fer þó ekkert á milli mála að þetta fellur undir tollskrárnúmer 40141001 sem er í flokki með öðrum gúmmívörum.

Ef litið er á tölur Hagstofu um innflutning á öðrum getnaðarverjum úr „vúlkaníseruðu" gúmmíi í tollskrárnúmeri 40141009, er það hreint smáræði í þessum samanburði. Á árinu 2017 voru flutt inn 245 kg af slíkum varningi, en slíkur innflutningur jókst þó verulega á árinu 2018 og fór í tæp tonn, eða 932 kg. */HKr.*





















LESENDABÁS

# Tamning bragðlaukanna

**Í Bændablaðinu 11. apríl sl. var kynning á því sem nefnist HNV landbúnaður. Þetta er stefna sem tími er kominn til að innleiða á Íslandi, nú þegar landið er að fara í auknum mæli í vanhirðu vegna grisjunar búsetu.**

Við mannskepnur erum bæði rándýr og grasbítar að náttúrufari og lifum af gróðri landsins, bæði beint og þó í meira mæli afurðum hans, grasbítunum og svo af fiskunum úr sjó og vötnum.

Hundana, kettina og ættingja þeirra höfum við hins vegar ekki lagt okkur til munns að nauðþurftarlausu gegnum tíðina. Hinsvegar höfum við mjög fært í vöxt að greftra þær tegundir með viðhöfn og skapað umtalsverða atvinnu við að þjónusta þær lífs og liðnar, rétt eins og okkur sjálf.

Er hún og að vonum, virðingin fyrir þeim, sagt er að a.m.k. þær sem villtar ganga fúlsi hreint ekki við mannketi sé það í boði.

Sjálfur ólst ég upp við það að kjöt og fiskur var aðaluppistaðan í fæðunni, en garðávextir og ferskt kál jafnan með, þann tíma árs sem það var að hafa. Búðir með þá vöru á boðstólum voru hreint ekki við höndina. Mamma mín hafði græna fingur og framanaf sumri áður en kál og aðrir garðávextir spruttu, notaði hún njóla í mat. Ekki vegna bragðgæða hans, heldur hafði hún trú á grænmetisneyslu með öðrum mat.

### *Hollast væri okkur fæðið úr okkar nærumhverfi*

Á fullorðinsárum kynntist ég því sjónarmiði að hollast væri okkur fæðið fengið úr okkar nærumhverfi. Þessi boðskapur féll mér í geð og ég viðraði hann á bændafundi. Þar var þessu illa tekið fyrst fyrir þann misskilning að ég væri að tala um plöntur einar samar. Það leiðréttist og ég veit ekki hvaða málstaður væri betri grasbítakjötinu okkar og umhirðu landsins þar með.


Jóhannes Geir Gíslason úr Skáleyjum. Mynd /HKr.

Nú á síðustu árum er þeirri kenningu mjög að vaxa þróttur að matur sem alla tíð hefur haldið lífinu í okkur og stórum hluta mannkyns sé bráðóhollur og bústofn okkar jarðarbúa sé óðum að eyðileggja gufuhvolfið með ropum og viðrekstrum. Ég trúi að það sé staðreynd að gufuhvolfið okkar sé að spillast og að það sé mannaverk og að þessi spilling hafi orðið til í seinni tíð.

En hví ættu skepnurnar okkar sem hafa verið okkur samtíða frá örófi að fara að valda því endilega núna? Nei, það er annað sem veldur.

### *Áróður vegna hagsmuna einhverra sem gróða sjá*

En áróðurinn lætur ekki að sér hæða! Að baki honum eru hagsmunir einhverra sem gróða sjá í því að koma framleiðslu sinni á markað sem víðast og að vinna að þeirri dreifingu.

Á borðum okkar aukast framandi réttir. Fólk situr álútt og slafrar uppí sig bragðlausum hveitidræsum langt aðkomnum og segir þetta bragðgott. Mér hinsvegar virðist þetta bragðlítið og önnur efni gefi því bragðið, ef eitthvert er. Smakkað hefi ég kjötrétt rækilega matreiddan, en af honum var ekki kjötbragð, hins vegar var hann kryddaður svo rækilega að sveið í kok og garnir. Með þannig aðferðum er hægt að koma óorði á mat.

### *Hvílíkur þvættingur*

Og fast er róið og víða komist að. Okkar virtasti fjölmiðill RUV hefur um sinn haft á sunnudagskvöldum vísindalega og vel fram borna þætti: „Hvað höfum við gert?", til að benda á hættuna sem að gufuhvolfinu steðjar af lifnaðarháttum mannskepnunnar. Það skyldi nú vera að boðskapur þeirra þátta sé markleysa ein? Sé hann allur jafn óvandaður og einn þátturinn var (pálmasunnudagsþátturinn, held ég?) Í þeim þætti var einmitt ráðist á landbúnaðinn og grasbítana. Þetta var endurtekið sunnudaginn 19. maí sl. Ráðamenn ættu að skammast sín fyrir að hleypa í loftið þessum verslunaráróðri, sem svona vegur að landbúnaðinum og kynna þetta sem vísindi. Það má vera hverjum meðalaulabárði ljóst hvílíkur þvættingur þetta er. Jurtafæði er gott með öðru, en það er enginn ávinningur fyrir það svona þvættingur og árás á neyslu kjötmetis. Ef að nú einhæfisgrænmetisætur allra landa sameinast um að útrýma grasbítum úr fæðukeðjunni og taka við hlutverki þeirra, sem þeir geta sjálfsagt, mannskepnunni fjölgar hratt og veldur vanda, finnist ekki haldgóð ráð til að sporna við því. Færist þá þessi hættulega iðragasmengun ekki bara yfir? Maðurinn er augljóslega yfirstétt á lífríki jarðar. Hann á auðvitað einkarétt á að ropa og reka við.

Nei, það er ekki þetta sem spillir gufuhvolfinu. Heldur er það rápið heimshorna milli, m.a. matvælaflutningar. „Maður, líttu þér nær" og éttu það sem nær þér verður til, hvort sem þú ert heima eða erlendis. Það er þér hollast.

Ég trúi þeim vísindum sem segja að gufuhvolfinu sé hættulegri sá bruni sem fram fer úti í það en sá er verður á jörðu niðri.

Það hefur líka komið fram í þáttunum sem ég vitnaði til. Talað er um rafvæðingu flugflotans, kannski kemur hún, en langt er í land og ekki séð fyrir endann á hver eitrun verður afleiðing þess.

### *Nýting landsins þarf að vera stefnumál*

Þessar hugleiðingar mínar segja mér að pólitíkina þurfi að nota til að stjórna umhirðu landsins. Nýting landsins þarf að vera stefnumál. Til þeirrar stefnu duga markaðsmálin ekki ein og sér. Sé hægt að lifa af umhirðunni fást starfskraftar, það fæðast og alast upp gnægð hirðingja sé það starf ekki talað niður af hagsmunum einhvers annars. Enn er til fólk sem talar um ofbeit lands. Það er fáfræði. Sé einhvers staðar ofbeit þarf að stýra nýtingunni inn á vanhirtu svæðin, sem vart er hægt að ganga um fyrir sinubeðjunni. Ég þekki yfirgang hvannarinnar, sem yfirgengur annan gróður svo rækilega að hún steindrepur hann og skilur eftir svart flag á haustin. Þetta gerist þar sem ekki er beitt.

Margir hafa farið um Hornstrandir og séð kerfilinn. Hversu eftirsótt beitarjurt hann er, veit ég ekki, en þar eru ekki grasbítar.

Kvartað er og kveinað undan lúpínunni og fólk trúir ekki að hún víki fyrir öðrum gróðri í fyllingu tímans, enda hefur orðið bið á því. Hins vegar er þekkt að féð er gráðugt í hana fái það aðgang.

### *Vanti grasbítinn fer gróðurinn úr jafnvægi*

Þannig er háttað sambúð gróðurs og grasbíta. Náttúran ætlar þessum tveimur öflum samstarf. Vanti gróðurinn sveltur grasbíturinn. Vanti grasbítinn fer gróðurinn úr jafnvægi. Til dæmis verða þar sinueldar margþekktir svo magnaðir að svörður brennur og hafa orðið tjón. Síðan má nefna skógarelda og slíka ógn er nóg að nefna. Allir gera sér ljóst hvílíkur skandall það yrði í okkar ört vaxandi skóglendi.

Ofbeit á landinu víðast hvar átti sín ævilok á seinni hluta 20. aldar við vaxandi heyskapartækni og minnkandi vinnulið á bæjunum. Hér um sunnanverðan Vestfjarðakjálka var fénu beitt á skóglendi, sem annað og um þessa skóga var hægt að ganga á sumrin og tína ber. Núna síðan vetrarbeitin hætti, hafa þessir birkiskógar orðið svo þéttir, að um þá fer enginn maður. Fé fer eitthvað í þá á sumrinu og nær vissulega nokkrum vænleik á skógarbotnum, en þangað inn sækir það enginn og þarf oft að bregða skjótt við ef kindur sjást koma út úr skóginum og góma þær. En hvort einhverjar skepnur fá sinn aldurtila í þeim skógarflækjum er ekki ljóst, það fer enginn um þessa skóga, þeir eru með öllu ófærir. Þetta er mikil gróska og hljóta að vakna þær spurningar hvort ekki megi með umhirðu rækta þar nýtilegan skógvið.

### *Ófært að láta innflutningsverslunina flengríða íslenskum neytendum*

Niðurstaða þessara hugleiðinga minna verður sú að innflutningsverslun og erlend framleiðsla hafi mjög rutt úr vegi íslenska matnum sem þjóðin áður lifði af. Nefna má sem dæmi að súrmatur er nú aðeins notaður sem snobb á þorranum.

Inni á heimilunum er matreiðsla ekki í þeim mæli sem var. Fólki þykir þægilegt að grípa til aðkeypta pakkamatarins og iðnvarningsins. Það væri þarft verkefni matreiðslumanna að koma íslensku hráefni í auknum mæli í þann búning.

Verslunin lætur aldrei að sér hæða. Fólki finnst gaman að versla. En það er með öllu ófært að láta innflutningsverslunina flengríða íslenskum neytendum í þeim mæli sem hún gerir.

Það þarf að leiðrétta vinnubrögðin við tamningu bragðlaukanna.

*Jóhannes Geir Gíslason*



## Eplauppskeru- og ævintýraferð til Noregs 4. – 8. október 2019

Flogið í beinu flugi til Bergen með Icelandair, gist í 1 nótt í Harðangursfirði, 1 nótt í Voss og 2 nætur í Bergen. Ferðin er stútfull af áhugaverðri dagskrá og hér má sjá brot af því sem þátttakendur munu upplifa:

- Heimsækjum bændur sem selja beint frá býli og fáum þjóðlegar veitingar.
- Skoðum stafkirkjuna í Fantoft í Bergen.
- Náttúruperlur kannaðar og kíkt á kraftmikla fossa.
- Tökum þátt í eplauppskeru íslensku eplabændanna í Harðangursfirði.
- Heimsækjum glæsilega eplavínsverksmiðju í Ulvik.
- Fáum kynnisferð um Oleana-prjónaverksmiðjuna í Bergen, ofl., ofl.
- ***Verð á mann í tvíbýli: 140.300,-***
  ***Verð á mann í einbýli: 165.900,-***
  *(Allt innifalið fyrir utan 2 hádegisverðir og 2 kvöldverðir ásamt drykkjum)*



***Fararstjóri:*** Erla Hjördís Gunnarsdóttir, epla- og eggjabóndi í Harðangursfirði og blaðamaður Bændablaðsins.
Skráning á erlagunn@gmail.com fyrir 20. júlí 2019.
Fyrir frekari upplýsingar og ferðadagskrá er hægt að senda tölvupóst á erlagunn@gmail.com eða í síma 563-0320.

# 45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4% á höfuðborgarsvæðinu
45,6% á landsbyggðinni
29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

Bændablaðið — Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

LOFTSLAGSMÁL

## Aðgerðir í loftslagsmálum:

# Samvinna er lykilatriði

**Ísland hefur allt sem þarf til að gera landið leiðandi í loftslagsmálum og bindingu koltvísýrings, að sögn tveggja skógræktarmana sem leita leiða til að fá fyrirtæki og stofnanir til að starfa saman að lausn vandans.**

Gunnlaugur Guðjónsson, sviðsstjóri hjá Skógræktinni, stundaði nýlega mastersnám, Master of International Forestry, við University of Brithish Columbia í Kanada. Þar kynntist hann William Nikolakis, stjórnanda við skógræktardeild University of Brithish Columbia.

Gunnlaugur segir að hann og William hafi farið að ræða saman um hvaða möguleika Ísland hefur til að draga úr losum gróðurhúsalofttegunda og bindingu koltvísýrings. „Í framhaldi af því fórum við að skoða enn frekar hvað Ísland gæti gert og hvað Íslendingar eru að gera vel og hvað mætti gera betur.“

Þeir segja að Ísland hafi sett sér skýr markmið í loftslagsmálum og að Íslendingar vilji skila náttúru landsins í góðu ástandi til komandi kynslóða og að hvort tveggja séu skref í rétta átt.

***Ræða við fulltrúa ólíkra starfgreina og stofnana***

„Næsta skref var að skoða hvað þeir aðilar sem eru að vinna í tengslum við loftslagsmál væru að gera og hvort þeir væru að vinna saman og þá á hvaða hátt. Það sem við erum að gera núna er að hitta yfir 20 forsvarsmenn hinna ýmsu greina atvinnulífsins, skógræktarinnar, landgræðslunnar, bændasamtakanna, sjávarútvegsins, iðnaðarins og ferðamála, og kanna hvernig samvinnu þeirra er háttað um þær aðgerðir sem þarf að fara í. Auk þess sem við leitumst eftir að ná fram sjónarmiðum sem flestra um hvað eigi að gera og hvernig sé best að gera það. Í lokin munum við taka efnið saman og birta sem grein í erlendu tímariti og kynna á Íslandi,“ segir Gunnlaugur.



**William Nikolakis sem starfar við skógræktardeild University of British Columbia og Gunnlaugur Guðjónsson, sviðsstjóri hjá Skógræktinni.** Mynd / HKr.

***Miklir möguleikar til að draga úr losun***

William segir að verkefnið sé einskorðað við Ísland og að svona athugun hafi ekki verið gerð áður með það að markmiði að vinna gegn loftslagsbreytingum. „Ástæða þess að Ísland varð fyrir valinu er sú að stjórnvöld hafa sett sér markmið í loftslagsmálum, landið er eyja og því gott rannsóknarsvæði. Að mínu mati er staðan þannig að ef það er ekki hægt að draga úr losun koltvísýrings á Íslandi þá séum við í verulega vondum málum þegar kemur að því að draga úr losuninni á heimsvísu.

Ísland hefur allt sem til þarf til að draga úr losun og auka bindingu koltvísýrings. Möguleikar til að endurheimta land á Íslandi eru miklir, hvort sem það er gert með endurheimt votlendis eða með aukinni skógrækt.

Fólk um allan heim er að leita að lausnum og hvernig hægt sé að takast á við loftslagsmálin og að mínu mati hefur Ísland allt sem til þarf til að verða leiðandi og til fyrirmyndar á því sviði.“

***Leita leiða til samstarfs***

Gunnlaugur og William beita akademískum aðferðum í verkefninu og skoða meðal annars hvernig fyrirtæki starfa saman að sameiginlegum verkefnum og reyna að finna leiðir sem gera fyrirtækjum og stofnunum fært í sameiningu að draga úr og binda koltvísýring.

„Við vitum fyrirfram að markmiðið er skýrt og að leiðin að því er fær en við þurfum að finna leiðir til að gera það sameiginlega og vera samstiga þegar kemur að leiðum til að ná takmarkinu. Það er engin ein leið sem hentar öllum og því þarf að skoða möguleikana til lausnar í sem víðustu samhengi,“ segir William.

Gunnlaugur segir að þeim virðist grundvöllur til samstarfs í loftslagsmálum vera meiri í dag en fyrir nokkrum árum. „Þó svo að enn geti verið einhver núningur á milli einstakra fyrirtækja eða stofnana gera allir sér grein fyrir því að til lengri tíma náum við mun meiri árangri með því að vinna saman en hver í sínu lagi.“ /VH

Lambamjólkurduft
-Óerfðabreytt innihaldsefni
-Hátt hlutfall mjólkurprótína
-Auðmeltanleg prótín
-Vítamín og steinefnabætt
-Einstaklega bragðgott
-Hentar einnig fyrir kið
-Auðuppleysanlegt
-Seljum einnig eftir vigt
12.500kr 25kg


BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
Egilsholti 1 310 Borgarnesi Verslun opin 8-18 virka daga 10-16 laugardaga, sími: 430-5500
Höfum opnað netverslun: www.kb.is

Lely Center Ísland
RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ

John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Drifsköft og drifskaftsefni
Eigum til mikið úrval af drifsköftum, einnig allt drifskaftsefni, jókar, krossar, rör og hlífar.

Sendum um land allt, ókeypis ef keypt er fyrir 30 þúsund eða meira!
VÉLAVAL
560 VARMAHLÍÐ
453 8888 - velaval@velaval.is

Lífræn hreinsistöð

• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar


IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



*Case IH 620 Quadtrac.*

# Ofurdráttarvélar

**Þeir eru engir kettlingar stærstu traktorarnir sem hægt er að fá í dag og væru varla í vandræðum með að rusla af slætti eða rakstri á methraða.**

Nokkrar risadráttarvélar hafa verið settar á markað, en enn fleiri hafa aldrei komist lengra á framabrautinni en sem tilraunatæki og sýningargripir.

### *Case IH 620 Quadtrac*

Líklega má segja að í fremstu röð meðal jafningja í hópi stóru dráttarvélanna sé Case IH 620 Quadtrac sem fæst með allt að 682 hestafla mótor. Þessi dráttarvél er liðskipt og með fjórhjóladrif og á beltum. Hún fæst þó líka á hefðbundnum hjólum. Mótorinn kemur frá Fiat og er 12,9 lítra og skiptingin er 16F/2R powershift. Í heild vegur vélin tæp 9 tonn og er hámarkshraði 40 kílómetrar.



Einn af risunum, John Deere 9R með 620 hestöfl.



New Holland T9.

### *New Holland T9*

Annar dráttarvélarrisi er New Holland T9 með allt að 682 hestafla mótor eins og Case. Vélbúnaðurinn kemur frá Fiat. Gírskiptingin er 16F/2E powershift eða CVT. Oft er erfitt að greina á milli hvað er hvað í dráttarvélategundum þar sem skyldleiki er mikill milli tegunda eins og Case og New Holland.

### *John Deere 9R með 640 hestöfl*

John Deere 9RX er líka öflugt tæki með öll sín 620 hestöfl. Vélin er 15 lítra Cummins og við hana er 18F/6R powershift gírkassi. Þessi dráttarvél er fjórhjóladrifinn og á fjórum beltum til að tryggja betra flot á gljúpum jarðvegi, en samt er hámarkshraði í akstri 40 km á klukkustund.

### *Big Roy frá Steiger*

Á miðjum áttunda áratug síðustu aldar, eða árið 1977, kom á markaðinn frá Steiger í Kanada vél sem kölluð var Big Roy eftir stjórnanda fyrirtækisins, Roy Robinson. Þetta var átta hjóla vél með 600 hestafla Cummins



Big Roy.

mótor sem var aftast á tækinu. Við prófanir úti á akrinum komu í ljós margvíslegir erfiðleikar svo aldrei var smíðuð nem ein dráttarvél af þessari gerð.



Deutz-Fahr sína Agro XXL.

### *Deutz-Fahr Agro XXL*

Árið 2009 kynnti Deutz-Fahr sína Agro XXL 1630 dráttarvél með fjórhjóladrifi. Hún er með 16 lítra Deutz V8 mótor sem skilar 600 hestöflum. Skiptingin er 18F/6R powershift og hámarkshraði er 40 km. Þessi vél er sérstaklega hönnuð til að draga þung tæki og er með mjög öflugu vökvakerfi.



Caterpillar MT875E.

### *Caterpillar MT875E*

Caterpillar MT875E er rétt undir 600 hestafla mörkunum, eða 598 hestöfl. Það mun þó vera hægt að fá hana með allt að 646 hestafla mótor.



Fendt Trisix.

### *Fendt Trisix*

Í þessu samhengi má einnig nefna Fendt Trisix sem smíðuð var frumgerð af árið 2007. Þessi vél var sex hjóla með stýringu á fremsta og aftasta öxli. Hún var með 540 hestafla mótor og stiglausri sjálfskiptingu (Vario). Hámarkshraðinn var töluverður, eða 60 km á klukkustund.



Lely Multipower 420.

### *Lely Multipower 420*

Enn ein vélin sem nefna má var smíðuð á áttunda áratug síðustu aldar, eða 1977. Þetta er Lely Multipower 420.

Vélin var smíðuð í Texas í Bandaríkjunum og hönnuð sérstaklega fyrir Norður-Ameríkumarkað. Hún var með tvo 210 hestafla Caterpillar V-8 mótora sem skiluðu samanlagt 420 hestöflum. Hvor mótor var með sinn 10 gíra gírkassa.

Hægt var að nota báðar vélarnar samtímis eða keyra aðeins á annarri ef verkefnin voru minni háttar. Svona tveggja mótora vélar þóttu ekki sérlega vænlegar til brúks og kaupendur biðu þar ekki í röðum. */HKr.*





YTO dráttarvél að störfum í norðurhluta Kína.

# Kínverjar auka framleiðslu á landbúnaðartækjum

**Reiknað er með að Kínverjar muni leggja um 50 milljarða dollara í framleiðslu á landbúnaðartækjum til ársins 2025. Í Kína er einna mest framleitt af landbúnaðartækjum í heiminum en um 2.500 fyrirtæki standa fyrir framleiðslunni.**

Árið 2004 lögðust kínversk stjórnvöld á sveif með aðilum í þessum geira og var gagngert unnið að því að vélvæða landbúnað í landinu. Stjórnvöld hafa hvatt til þess og veitt stuðning þannig að bændur í Kína hefðu efni á að nútímavæða starfsemi sína. Á tíu ára tímabili frá 2004–2014 hafa kínversk stjórnvöld lagt til um 120 milljarða kínversk yen, sem samsvarar um 150 milljörðum norskra króna, til að standa að uppbyggingu og sjálfvirkni í kínverskum landbúnaði. Á sama tímabili hafa selst um 16 milljónir traktora sem framleiddir eru á ákveðnum svæðum í Kína. Eftirspurn eftir háþróaðri landbúnaðartækjum hefur aukist mikið í landinu og þurfa Kínverjar að flytja slík tæki inn þar sem innanlandsframleiðslan samanstendur helst af ódýrum og einföldum tækjum. Kínverjar framleiða einungis um 25 prósent af háþróaðri tækjum. */ehg*

# Ræktuðu bakteríu sem étur gróðurhúsalofttegundir

**Rannsóknarfólk við norðurslóðaháskólann í Noregi hafa ræktað bakteríu sem borðar gróðurhúsalofttegundirnar metan og koltvísýring úr andrúmsloftinu. Rannsóknin, sem birtist í hinu þekkta vísindariti Proceedings of the National Academy of Sciences of the United States of America (PNAS), er mikilvæg til þess að skilja jafnvægið milli jarðarinnar og andrúmsloftsins.**



„Við höfum fundið bakteríu sem lifir af að borða þessar gróðurhúsalofttegundir beint úr andrúmsloftinu. Það að auki getur hún notað fjórar aðrar lofttegundir úr loftinu sem þýðir að hún þarf í raun eingöngu andrúmsloft til að lifa á,“ segir einn af vísindamönnunum á bakvið rannsóknina, Alexander Tøsdal Tveit.

### *Bakterían til um allan heim*

Bakterían getur lifað á annan hátt en það sem vísindamenn hafa áður upplifað sem er að lifa á nánast engu. Því getur uppgötvunin meðal annars fært mönnum nær því að skilja hvernig líf er á erfiðum lífvænlegum stöðum, eins og til dæmis á Mars eða öðrum plánetum.

„Fæðan fyrir bakteríuna eru gróðurhúsalofttegundir svo hún er nauðsynlegur hluti af jafnvæginu milli jarðarinnar og andrúmsloftsins, sem býr til loftslagið okkar. Í dag eru eingöngu örverur í jarðvegi sem er eina tegund lífs sem við þekkjum til sem fjarlægir metan beint úr andrúmsloftinu,“ segir Alexander og bætir við:

„Við fundum bakteríuna í jarðvegi fyrir utan Tromsø og þar sem þetta var á gömlum ruslahaugi þá áttum við von á að finna bakteríur sem lifa á metan en slíkar bakteríur finnast um allan heim og í öllum heimsálfum fyrir utan á Suðurskautslandinu. Það er hugsanlegt að bakteríur í ætt við þessa finnist þar en lítil gögn eru til um það svo hægt sé að bera það saman.“

### *Sérstök ræktunaraðferð*

Vísindamennirnir Alexander Tøsdal Tveit, Anne Grethe Hestnes og Mette Svenning við háskólann ásamt erlendum samstarfsmönnum tókst að einangra og rækta bakteríuna sem borðar metan sem hefur fengið nafnið Methylocapsa gorgona MG08.

„Bakteríur sem vitað var um áður sem lifa á metani finnast í venjulegum jarðvegi og borða um 30 milljónir tonna árlega af metani. Við uppgötvuðum líka að bakteríur sem eru í ætt við þessa geta einnig vaxið eingöngu á lofti þannig að hæfileikinn til að nota metan sem orkugjafa á þennan hátt er útbreiddari en áður var talið,“ útskýrir Alexander.

„Mikilvæg ástæða þess að við höfum náð að framkvæma þessar rannsóknir með að bakteríur geti vaxið á lofti er sérstök ræktunaraðferð. Við ræktuðum bakteríufrumur á síu sem flýtur á lausn með söltum og bakteríurnar mynduðu lítil örsamfélög. Það var mikilvægt að hafa myrkur á bakteríunum þannig að öruggt væri að ljós hjálpaði ekki til við vöxt bakteríanna. Það kom í ljós að bakteríurnar gátu einnig notað koltvísýring, kolmónoxíð, vetni, köfnunarefni og súrefni til að umbreyta sér. Þessi fjölhæfni er lykillinn að því að geta lifað á lofti og því er þetta mikilvæg uppgötvun til að kanna upptöku af metani í andrúmsloftinu. Við sáum einnig að því meira metan sem bakteríurnar fengu því hraðar uxu þær og borðuðu meira,“ segir Alexander og bendir á að uppgötvunin muni í fyrstu lítið gagnast við að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda á jörðina en að síðar meir, með fleiri rannsóknum, geti það orðið raunhæfur möguleiki. */ehg -UiT*

# Nýr vörubæklingur 2019




Fáið sent frítt eintak með því að hafa samband í síma: 577 1000, í gegnum facebook eða með tölvupósti á info@khvinnufot.is Vörubæklingurinn er 80 bls. í A5 broti.

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Eignatorg

Björgvin Guðjónsson lögg. fast. í s. 615-1020 / bjorgvin@eignatorg.is



**Eignatorg kynnir: Tobbakot 3 Rangárþingi ytra.**

Um er að ræða gott 251,6 fm íbúðarhús á tveimur hæðum byggt 1980 með innbyggðum bílskúr ásamt 106,2 fm eldra húsi sem þarfnast uppgerðar. Húsin standa á samtals tveggja hektara eignarlóð. **Verð kr. 32.000.000.-**

*Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is*

**Skipholt 50b I 105 Reykjavík I s. 510-3500 I www.eignatorg.is**




SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

**Bændablaðið**

*Kemur næst út 13. júní*



**Traktor og moldarblandari (fóðurvagn)**

Fiatagri 80-90 DT 1992 4WD árg 1992 og UNIMIX fóðurblandari notaður til að blanda gróðurmold.

**Selskógar ehf. s. 893-8090 - danielth@nett.is**

**Bændablaðið** *Auglýsingar 56-30-300*

# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir




- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

STRÚKTÚR

Hús - gluggar - hurðir og klæðningar






| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



Okra er með allra hitaþolnustu aldinplöntum sem þekkjast. Plönturnar þola vel leirjarðveg og löng þurrkatímabil en illa kulda og frost.

# Okra eða dömufingur



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Áætluð heimsframleiðsla FAOSTAD, Tölfræðideildar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, á okra árið 2017 var rúm 9,6 milljón tonn.

**Okra er áhugaverð planta sem er hluti af daglegri fæðu milljóna fólks í Suðaustur-Asíu og Vestur-Afríku. Aldin plöntunnar er fáséð í verslunum hér á landi en plantan er auðveld í ræktun hvort sem það er í glugga eða gróðurhúsi. Við góð skilyrði blómstrar planta 60 dögum eftir sáningu og myndun aldins tekur ekki nema nokkra daga eftir það.**

Áætluð heimsframleiðsla samkvæmt FAOSTAD, Töl-fræðideildar Matvæla- og land-búnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, á okra árið 2017 var rúm 9,6 milljón tonn. Indland er langstærsti framleiðandi okra í heiminum og er framleiðslan þar ríflega sex milljón tonn á ári og hefur aukist um rúmlega helming frá síðustu aldamótum. Nígería er í öðru sæti með rúm tvö milljón tonn á ári. Þar á eftir kemur Súdan sem framleiðir tæp 300 þúsund tonn árlega, Malí er í fjórða sæti með rúm 200 þúsund tonn á ári og Fílabeinsströndin í því fimmta með 158 þúsunda tonna ársframleiðslu. Lönd eins og Níger, Pakistan Kamerún, Gana, Írak, Malasía, Malasía, Egyptaland, Benín, Mexíkó og Filippseyjar fylgja svo í kjölfarið og framleiddu frá rúmum 153 þúsund tonnum og niður í 31 tonn af okra árið 2017.

Líkt og vænta má er Indland langstærsti útflytjandi okra í heiminum með um 75% markaðshlutdeild, Nígería er í öðru sæti með 12% og Súdan því þriðja með 3% af heimsmarkaðinum.

Þegar kemur að innflutningi eru lönd í Afríku og Asíu stærstu kaupendurnir en í Evrópu eru það Bretland og Frakkland sem flytja inn mest af okra og er það rakið til mikils fjölda fólk frá Afríku og Asíu sem búa í landinu.

Ekki fundust upplýsingar um innflutning á okra á heimasíðu Hagstofu Íslands enda innflutningur á tegundinni lítill og ekki skráður sér.

### *Ættkvíslin Abelmoschus og tegundin okra*

Fimmtán tegundir blómstrandi plantna sem finnast villtar í Afríku, Asíu og norðurhluta Ástralíu teljast til ættkvíslarinnar Abelmoschus. Plöntur innan ættkvíslarinnar Abelmoschus heyrðu áður undir ættkvíslina Hibiscus en teljast sér ættkvísl í dag.

Plöntur innan ættkvíslarinnar eru tví- eða fjölærar, með trefjarót og ná allt að þriggja metra hæð með rauðleitum stilk. Laufið þriggja til sjö fingrað og grófTennt, 10 til 40 sentímetra langt og breitt, dökkgrænt á rauðleitum stilk og stundum með rauðar æðar. Blómin fjórir til átta sentímetrar í þvermál, krónublöðin fimm, hvít og gul og oft rauðleit eða bleik við blómbotninn. Ein tegund sem finnst villt á Indlandi ber rauð blóm. Aldinið, grænt eða rautt, 5 til 20 sentímetra langur belgur með mörgum ljósum fræjum.

Flesta tegundir innan ættkvíslarinnar eru ætar, bæði aldin og lauf og sumar tegundir eru nýttar í trefjar. Tegundin Abelmoschus esculentus, eða okra, er þekktust og sú sem mest er notuð til matargerðar.

### *Erfðir, uppruni og útbreiðsla*

Þrátt fyrir að okra hafi víða breiðst út frá ræktun út í náttúruna er plantan sem slík ekki þekkt villt og líklegt að hún sé ræktunarblendingur A. ficulneus og A. tuberculatus.

Flestir sem láta sig slíkt varða telja víst að uppruna okra sé að finna þar sem rússneski grasa- og erfðafræðingurinn Nikolai Vavilov flokkaði sem útbreiðslusvæði frá Eþíópíu eða það sem áður var kallað Abyssína en er í dag Eþíópía, Erítrea og hluti af Sómalíu. Auk þess sem okra breiddist út frá þessu svæði gerðu nytjaplöntur eins og hveiti, bygg, millet, lín sesam, indigó og kaffi það líka.

Talið er að okra hafi borist frá Abyssína-svæðinu til Norður-Afríku, landa við botn Miðjarðarhafs, Arabíu og Indlands. Okra barst til Asíu yfir Rauðahafið eða frá Eþíópíu yfir Adelsund sem aðskilur Eþíópíu og Jemen. Talið er að plantan hafi breiðst út frá Arabíuskaga til Asíu með kaupmönnum.

Egyptar og Márar á tólftu og þrettándu öld kölluð plöntuna bamya, heiti sem er líklega upprunnið í Eþíópíu. Mári frá Spáni segist hafa séð okra í heimsókn sinni til Egyptalands 1216. Hann segir Egypta rækta plöntuna og borða aldinið á meðan þau eru fersk. Engar leifar af okra hafa fundist í grafhýsum í Egyptalandi.

Okra barst til Mið- og Suður-Ameríku með þrælum frá vesturströnd miðbiks Afríku eða þrælaströndinni og til er heimildir sem getur um plöntuna í Brasilíu árið 1658 og Súrínam 1686. Talið er að okra hafi borist til Norður-Ameríku snemma á átjándu öld. Plantan var ræktuð í Fíladelfíuborg 1748. Talið er að plantan hafi verið þekkt um öll suðurríki Bandaríkjanna um aldamótin 1800 og sex árum síðar má sjá auglýst ólík

okrayrki í bandarískum frælistum. Thomas Jefferson, þriðji forseti Bandaríkjanna Norður-Ameríku, sáði henni í Monticello garði sínum í Virginíu árið1809.

Í dag er plantan ræktuð víða í hitabeltinu, við Miðjarðarhafið, suðurríkjum Bandríkjanna og í Evrópu allt norður á Bretlandseyjar.

Eins og með flestar nytjaplöntur er til fjöldinn allur af ólíkum yrkjum og afbrigðum af okra sem eru ólík að lögun, lit, bragði og stærð. Auk þess sem ólík yrki eru mislengi að vaxa. Eftirfarandi yrki eru öll sögð fremur harðgerð og bragðgóð: Baby Bubba Hybrid, Blondy, Burgundy, Cajun Delight, Clemson Spineless, Cow Horn, Emerald, Go Big, Hill Country Red, Louisiana Green Velvet, Perkins Long Pod, Red Velvet og Silver Queen.

### *Nafnaspeki*

Uppruni ættkvíslarheitisins Abelmoschus er í arabísku أَبُو المِسْك, abū l-misk, og þýðir faðir muskus-ilmsins. Tegundarheitið esculentus þýðir að plantan sé æt.

Á ensku kallast plantan okra, ladies' fingers eða ochro. Á Filippseyjum, eyjum Karíbahafsins og Nígeríu kallast hún okro með margs konar ólíkum framburði. Uppruni okra eða okro heitisins mun vera hjá ættbálki Igbo fólksins í suðausturhluta Nígeríu sem kalla plöntuna og aldin hennar ọ́kụ̀rụ̀.

Í suðausturríkjum Bandaríkjanna Norður-Ameríku, Norður- og Suður-Karólínu, Georgíu, Mississippi og Louisiana, er aldinið mikið notað í kássur. Talið er að heitið á kássu, gumbo, þar um slóðir megi rekja til þræla sem þangað voru fluttir frá þrælaströnd Vestur-Afríku þar sem plantan kallast (ki)ngombo.

Portúgalar kalla aldini quiabo en Spánverjar quingombo en á Indlandi kallast það vendakkai, bendakkai eða bhindi.

### *Ræktun og nytjar*

Okra er með allra hitaþolnustu aldinplöntum sem þekkjast. Plönturnar þola vel leirjarðveg og löng þurrkatímabil en illa kulda og frost. Í ræktun eru fræin látin í bleytu næturlangt eða lengur áður en þeim er sáð á eins til tveggja sentímetra dýpi. Að öllu jöfnu tekur fræin eina til þrjár vikur að spíra eftir rakastigi. Ungar plöntur þurfa talsvert vatn til að ná góðum vexti en eftir því sem planta stækkar minnkar vatnsþörfin.

Vegna þess hversu plönturnar eru þolnar fyrir þurrki eru bundnar miklar vonir við aukna ræktun á henni á þurrkasvæðum í Afríku.

Við góð skilyrði blómstrar planta 60 dögum eftir sáningu og myndun aldins tekur ekki nema nokkra daga eftir það. Eftir blómgun trénar aldinið fljótt og því nauðsynlegt að safna því óþroskuðu eigi að nýta það til átu.

Aldinbelgina má borða hráa eða matreidda með öðrum mat. Aldinið sem er hitaeiningasnautt er 90% vatn, 2% prótein og 7% kolvetni og í því er engin fita. Það inniheldur C og K vítamín og magnesíum. Laufið er ríkt af kalsíum, járni og A vítamíni.

Lauf okra er hluti af daglegri fæðu hundruð þúsunda ef ekki milljóna fólks í Suðaustur-Asíu og Vestur-Afríku. Á meðan laufið er ungt er það matreitt á svipaðan hátt og lauf rótarkáls eða fíflablöð, auk þess sem það er borðað hrátt sem salat. Fræin má steikja á pönnu en þau er líka þurrkuð og möluð og notuð í uppáhellingu eins og kaffi. Á tímum borgarastyrjaldarinnar milli Norður- og Suðurríkja Bandaríkjanna var víða kaffi-skortur. Til að vega upp skortinn var reynt að telja almenningi trú um að okrakaffi væri allt eins gott og innflutt kaffi frá Ríó. Einnig er búið til te úr laufi plöntunnar.

Aldin okra er mikið notuð í suðurríkjum Bandaríkjanna í matseld sem kennd er við kreóla og kajun.



**Blómin eru fjórir til átta sentímetrar í þvermál, krónublöðin fimm, hvít og gul og oft rauðleit eða bleik við blómbotninn.**



**Við góð skilyrði blómstrar plantan 60 dögum eftir sáningu og myndun aldins tekur ekki nema nokkra daga eftir það.**



**Dömufingur á akri.**



**Til eru yrki af okra sem bera rauð aldin.**



**Þversnið af aldini.**



**Okrafræ má rista og mala í kaffi.**

Úr fræjunum má pressa okraolíu sem sögð bæði ilma og bragðast vel, fræin eru einnig notuð til að búa til tofu og árið 2009 sýndu rannsóknir að olían var góð sem lífdísill. Trefjar plöntunnar eru notaðar í snæri, vandaðan pappír og talsvert til að styrkja fiberplast og -gler. Auk þess sem plantan hefur reynst ágætlega til að búa til sápu og þegar kemur að því að hreinsa mengandi efni úr jarðvegi.

### *Bragðvont og slepjulegt*

Ekki eru allir sammála um bragðgæði og lystugleika okra. Sumir segja aldinið bragðgott og góða viðbót í matargerð en aðrir segja aldinið bæði slepjulegt og bragðvont. Í bandarískri könnun, að vísu nokkuð gamalli, sem gerð var á huga fólks til aldins okra flokkuðu fullorðnir það sem eitt af fjórum bragðverstu og ólystugustu aldinum sem það hafði smakkað og börn settu í annað sæti sem versta grænmetið í heimi á eftir brokkolí.

Þeim sem þykir aldinið gott segja það hafa mikla möguleika og skilja ekkert í óvinsældum þess. Plantan er enn sem komið er nánast laus við sjúkdóma og afætur sem herja á aðrar nytjaplöntur.



**Okra er yfirleitt uppskorin með höndum.**



**Aldinbelgina má borða hráa eða matreidda með öðrum mat.**

Önnur nýrri könnun sýndi að okra er það grænmeti sem fólk á Fílabeinsströnd Afríku þykir best og borðar mest af.

Hvað svo sem vinsældum okra viðkemur er aldinið gríðarlega mikið notað í löndum hitabeltisins og þurrum svæðum Afríku þar sem litið er á plöntuna sem góða uppskeru fyrir lítil samfélög og þorp.

Best þykir aldinið á meðan það er glansandi grænt og ferskt og ferskast er það ef það hrekkur í sundur með smelli sé það sveigt. Ekki er mælt með að þvo aldinið fyrr en rétt fyrir notkun, annars á það til að verða slepjulegt viðkomu og ólystugt á að líta. Best þykir að vindþurrka aldinið eigi að geyma það. Einnig er hægt að fá okra niðursoðið.

Slepjukennt innihald aldinsins er sagt vinna gegn of háu kólesteróli og sykurmagni í blóði og aldinið því líklegt til vinsælda sem heilsuvara. Slepjan er einnig laxerandi og því góð við hægðatregðu eldri borgara og annarra sem lenda í slíkum vanda.

Nánast öll okra á markaði í dag er ræktuð í litlu magni í heimagörðum nema þá helst á Indlandi

Talið er að ræktun á okra eigi eftir að aukast mikið í framtíðinni, sérstaklega á svæðum sem eiga eftir að þola þurrka vegna veðurfarsbreytinga. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða verulega vannýtta nytjaplöntu.

Í Tyrklandi eru fersk okrablöð notuð til að draga úr bólgum og safi hennar er sagður græðandi á svipaðan hátt og safi aloa vera.

### *Dömufingur og þjóðtrú*

Hvíli á þér bölvun er sagt gott að fylla fötu með volgu vatni og kreista nokkra okraaldinbelgi út í vatnið og leysa þá upp á meðan farið er með bæn eða Sálm 37 sem hefst á þessu versi:

*Ver eigi bráður þeim sem illt vinna,*
*öfunda eigi þá sem ranglæti fremja*
*því að þeir fölna skjótt sem grasið,*
*visna sem grænar jurtir.*

Því næst skal standa í baðkari og hella innihaldi fötunnar yfir höfuðið þannig að það renni niður eftir líkamanum og nudda því á húðina með því að strjúka höndunum niður á við á meðan beðin er bæn.

Að þessu loknu er okraseyðinu og bölvuninni skolað í niðurfallið með því að fara í sturtu.

### *Okra á Íslandi*

Tilraunir með að rækta okra á Íslandi lofa góðu. Lubova Cvedkova og Hlynur Sigurbergsson sem reka Garðyrkjustöðina Kinn í Ölfusi gerðu tilraun með að rækta okra í sameldi með fiskum, aquaponics, fyrir nokkrum árum.

Lubova segir að ræktunin hafi gengið vel í alla staði. „Ræktunin var eingöngu til heimanota og aðallega til að prófa hana. Fræin spíruðu vel og plönturnar voru fljóta að vaxa og mynda aldin.“ Lubova segir að blóm okra séu einstaklega falleg og aldinið mjög gott á bragðið sé það steikt á pönnu með smjöri og hvítlauk.

„Plönturnar verða fremur hávaxnar og því þarf að rækta þau í gróðurhúsum með talsverðri lofthæð og hentuðu því ekki til ræktunar í stórum stíl hjá okkur.“

Auk þess hefur Dagur Brynjólfsson, sem á garðyrkju-stöðina Birkihlíð í Reykholti í Biskupstungum ræktað okra í sameldi með góðum árangri.

Aldin plöntunnar er fáséð í verslunum hér á landi en plantan er auðveld í ræktun í stórum potti og venjulegri pottamold, hvort sem er í glugga eða gróðurhúsi.

Við góð skilyrði blómstrar planta 60 dögum eftir sáningu og myndun aldins tekur ekki nema nokkra daga eftir það.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Sólboði er af ættkvíslinni Osteospermum og tilheyrir körfublómaætt. Myndir / Ingólfur Guðnason

# Sólboði – færir okkur sumarið

**Áhugafólk um pottaplöntur, sem hefur farið mjög fjölgandi undanfarin misseri og ár, þekkir vel til ýmissa afbrigða begónía. Þessar blómríku plöntur bjóða upp á mikið litaúrval og ekki spillir fyrir að laufblöðin eru oft mjög litrík og sérkennileg.**



Blóm sólboðans eru klassísk körfublóm, pípukrónur í miðju og tungukrónur í röð í kring.

Þau eru ólík blöðum flestra annarra plantna því annar helmingur hvers laufblaðs er stærri en hinn og gefur það plöntunni óvenjulegt útlit. Af þessu útlitseinkenni er íslenska heitið skáblað dregið. Annað sem gerir laufblöðin ólík öðrum algengum plöntum er að hægt er að skera búta af þeim og nota sem græðlinga til fjölgunar. Begónía, eða öllu heldur skáblað, hefur stökka stöngla og blaðstilka sem geta verið nokkuð brothættir og ætti því að meðhöndla þær varlega við umpottun og gróðursetningu.

*Blómríkt garðskrúð*

Útibegóníur sem hér fást eru af harðgerðari yrkjahópum en þær sem notaðar eru sem stofublóm. Þær hafa verið í boði á vorin og sumrin í garðplöntustöðvum og blómaverslunum og njóta sífellt meiri vinsælda. Þegar frosthætta er liðin hjá er tilvalið að setja þær í blómaker á valda staði í heimilisgarðinn, til dæmis á veröndina eða hlý blómabeð, þó ekki nauðsynlega þar sem birtan er mest því þetta eru hálfgerðar skuggaplöntur. Litaúrvalið er mikið en mest ber á rauðum, hvítum og bleikum blómum.



Blómgunartíminn sólboða er langur.

Tveir tegundahópar eru algengastir, annars vegar „Elatior“ og hins vegar „Semperflorens“. Sú fyrri verður hávaxnari, með upprétttum blómum og er algengari í ræktun. Hin tegundin er talin harðgerðari í görðum hér og er fremur lágvaxin og ber blómin á hangandi blómstilkum. Báðar gerðirnar fást í mörgum litum, fylltar og einfaldar og eru mikil garðaprýði yfir sumartímann.

Þessar tegundir hafa verið notaðar sem pottaplöntur en reynslan hefur sýnt að þær standa mun lengur í blóma utanhúss, þar sem er svalara en inni og þær verða hraustar og fallegar allt sumarið. Til að svo verði þurfa þær góða gróðurmold, skjól og jafna vökvun, en rætur plantnanna eru fíngerðar og ekki ýkja kröftugar.

*Kóngaskáblað er stofublóm*

Sömu tegundir má nota sem stofublóm en þar koma einnig aðrar gerðir við sögu og er meiri áhersla lögð á blaðlögun, blaðstærð og liti þeirra. Hér er aðallega notað kóngaskáblað, sem er samheiti yfir hóp blendinga og fæst í ótal afbrigðum, sérstaklega hvað varðar lit og oft furðulega snúna lögun laufblaðanna. Þau eru líka sérkennilega loðin og hrjúf á neðra borði. Plönturnar þola vel að vera klipptar niður öðru hvoru til að þær viðhaldi fallegri lögun og þéttu vaxtarlagi.

Kóngaskáblað myndar auðveldlega nýja sprota eftir klippingu. Það sem helst er til vandræða er að lofthiti innanhúss er yfirleitt í hærri kantinum, sérstaklega fyrir þær sem eiga að blómstra mikið. Hitastig á milli 15 og 22°C hentar henni best. Loftraki í heimahúsum er einnig í lægri kantinum fyrir þær. Kóngaskáblað ætti ekki að standa í beinni sól nema kannski á veturna. Sé plantan höfð í víðum potti getur hún náð álitlegri stærð, myndað allþykkan jarðstöngul og lifað árum saman. Kóngaskáblað þarf minni áburðargjöf en margar aðrar „grænar“ pottaplöntur og best er ef hún er vökvuð neðan frá, í pottahlífina og umframvatni hellt af henni þegar jarðvegurinn er orðinn rakur.

*Ingólfur Guðnason,*
*brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu LBHÍ, Reykjum*

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

# Hvað þurfum við að vita?

**Þættir RÚV „Hvað höfum við gert?“ hafa vakið verðskuldaða athygli og opnað augu alls þorra manna fyrir þeim skaða sem hinn velmegandi vestræni maður hefur valdið með neysluháttum sínum. Framundan er risavaxið verkefni í að leiðrétta kúrsinn. Þar er allt undir: Hvernig við nýtum landið, hvað við borðum, hvernig við skipuleggjum sveitir, borgi og bæi, hvernig við ferðumst og hvernig við rekum fyrirtæki.**



Snorri Baldursson.

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) er í lykilaðstöðu til þess að stuðla að þeirri byltingu hugarfars og lífshátta sem nauðsynleg verður til að snúa af braut ofneyslu til sjálfbærari lífshátta. LbhÍ, sem stundum er nefndur háskóli lífs og lands, sérhæfir sig í kennslu og rannsóknnum í jarð- og garðrækt, búfjárhaldi, matvælaframleiðslu, landnýtingu og skipulagi hennar. Á öllum þessum sviðum þurfum við að taka okkur á og jafnframt þarf að efla alla lykilþætti í starfi LbhÍ, rannsóknir, nýsköpun og kennslu.

> Landbúnaðarháskóli Íslands er í lykilaðstöðu til þess að stuðla að þeirri byltingu hugarfars og lífshátta sem nauðsynleg er til að snúa af braut ofneyslu til sjálfbærari lífshátta.

*Aðgerðaáætlun nær skammt*

Í október 2018 kynnti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Ákveðið var að verja tæpum 1,4 milljörðum króna á ári næstu fimm árin í þessar aðgerðir, alls 6,8 milljörðum. Helstu áhersluatriði aðgerðaáætlunarinnar eru átak í kolefnisbindingu fyrir fjóra milljarða og orkuskipti í samgöngum fyrir 1,5 milljarða. Auk þess verður 500 milljónum króna varið til nýsköpunarverkefna í gegnum Loftslagssjóð og um 800 milljónum króna í annað, svo sem rannsóknir á súrnun sjávar, bætt kolefnisbókhald og alþjóðlegt starf og fræðslu.

Tæpir sjö milljarðar króna er býsna væn fjárhæð en dugar því miður skammt þegar stærð verkefnisins sem við blasir er höfð í huga. Vísindanefnd loftslagssamnings SÞ hefur áætlað að árlegt framlag einkaaðila og opinbera geirans til loftslagsmála þurfi að nema um 2,5% af vergri landsframleiðslu hvers lands á næstu árum og áratugum. Verg landsframleiðsla Íslands nam árið 2018 um 2800 milljörðum króna. Tvö og hálft prósent af þeirri upphæð eru 70 milljarðar króna. Í því ljósi þarf að vega og meta aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar (1,4 milljarðar; 0.05% af vergri landsframleiðslu).

Fyrir háskóla- og rannsóknastofnanir voru það sérstök vonbrigði að aðgerðaráætlunin minnist vart á rannsóknir nema í tengslum við súrnun sjávar – sem er vissulega þarft verkefni. Gert er ráð fyrir um 100 milljónum króna ár hvert í nýsköpunarverkefni sem úthlutað verður í gegn um væntanlegan Loftslagssjóð. Tugir háskóla, fyrirtækja og rannsóknastofnana munu því þurfa að keppa um fjármagn sem samsvarar nokkrum meðalstórum rannsóknarverkefnum. Þá er óljóst hvort sköpun nýrrar þekkingar varðandi t.d. ástand, flokkun og nýtingu lands, betri nýtingu búfjárábúrðar og þróun nýrra nytjategunda og ræktunaraðferða, falli undir hugtakið „nýsköpun“ eins og það verður skilgreint af Loftslagssjóði.

*Verkefnin sem bíða*

Það er gleðiefni að leggja eigi um 800 milljónir á ári í aðgerðir sem snúa að losun og bindingu koltvísýrings með endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt. En til þess að þær aðgerðir verði markvissar og skili hámarksárangri þarf aðra eins upphæð í rannsóknir.

Við þekkjum t.d. ekki raunverulegt umfang óraskaðs votlendis á landinu, umfang votlendis á mismunandi stigum röskunar, kolefnisforða og bindigetu mismunandi gerða votlendis og umfram allt ekki hvaða votlendissvæðum ætti að forgangsraða til endurheimtar, þ.e. hver þeirra skila mestum árangri með tilliti til samdráttar í losun og bindingar kolefnis.

Sama á við um þurrlendi í mismunandi ástandi hnignunar vegna gróðureyðingar eða gróðurbreytinga og jarðvegsrofs. Nákvæmt mat á ástandi, rofi, næringarástandi o.fl., og kortlagning þessara svæða er nauðsynleg til að við getum gert okkur nákvæmari mynd af kolefnisbúskap svæðanna og mögulegum endurheimtaraðgerðum.

Evrópusambandið gerir sífellt meiri kröfur til upplýsinga um kolefnislosun og bindingu alls lands. Líklegt er að fjarkönnun gegni lykilhlutverki við öflun þeirra upplýsinga á næstu árum og áratugum. Líka þar erum við langt á eftir öðrum Evrópuþjóðum; við getum ekki tekið beint upp aðferðir, staðla og þekkingu þeirra vegna sérstöðu íslenskra gróðurlenda sem m.a. tengist eldfjallajarðvegi, hnattstöðu, einangrun og sögu landnýtingar.

Rannsóknir skortir á sviði nýtingar lífræns úrgangs til orkuvinnslu, á hringrásum næringarefna í dreifbýli og þéttbýli og breyttri fóðrun sem lágmarkar metanmyndun í meltingarvegi húsdýra, svo dæmi séu tekin. Stórefla þarf áherslu á sjálfbæra landnýtingu í stað þess einungis að einblína á uppskeru. Nýting landgæða með uppbyggingu jarðvegsauðlindarinnar sem meginmarkmið kallar á stefnubreytingu og þar er þörf á leiðbeinandi rannsóknum, prófunum og þekkingarmiðlun.

Á öllum ofangreindum sviðum er LbhÍ í sterkri stöðu til sóknar, en fjármagn skortir. Hjá undirmönnuðum, fjárvana stofnunum færist áherslan oft yfir á öflun skammtímastyrkja meðan grunnrannsóknir og miðlun til þeirra sem nýta landið sitja á hakanum. Við köllum því eftir margföldun opinbers rannsóknarfjár, eyrnamerktu til loftslagsrannsókna.

***Snorri Baldursson***
*forseti Auðlinda- og umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands*



Mygluleitarhundurinn Hanz, sem er þýskur Scheffer-fjárhundur. Mynd / MHH

# Fyrsti mygluleitarhundur landsins tekinn til starfa

**„Hann er að standa sig ótrúlega vel og er fljótur að finna mygluna, Hanz er magnaður hundur, sem ég hef verið að þjálfa í þessi verkefni í rúmt ár,“ segir Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir, hundaþjálfari á bænum Selási í Holtum.**

Hanz hefur vakið athygli þegar hún mætir með hans á heimili fólks eða í fyrirtæki til að leita að myglu. Þegar Hanz hefur fundið mygluna, stendur hann alveg kyrr í smástund, eða þar til Jóhanna lætur hann hafa bolta eða leikfang sem verðlaun fyrir vel unnin störf. Jóhanna og Hanz starfa á vegum verkfræðistofunnar Mannvits. /MHH

LÍF&STARF

# Uppskeruhátíð Til sjávar og sveita

**Lokahóf viðskiptahraðalsins Til sjávar og sveita var haldið í Tjarnarbíói á föstudaginn. Tíu frumkvöðlar tóku þátt í hraðlinum í ár, sem stóð yfir á tímabilinu frá 28. mars til 23. maí. Markmið viðskiptahraðalsins er að leita eftir nýjum lausnum sem auka sjálfbæra verðmætasköpun í landbúnaði og sjávarútvegi.**

Á lokahófinu kynntu frumkvöðlar verkefni sín og greindu frá framvindu þeirra, auk þess sem boðið var upp á að smakka nokkrar matar- og drykkjarvörur úr þeirra smiðjum.

Frumkvöðlarnir höfðu aðstöðu í Íslenska ferðaklasanum á Grandanum í Reykjavík. Hraðallinn fólst meðal annars í sjö vinnusmiðjulotum á fimmtudögum og föstudögum í rúmar átta vikur, auk funda með yfir 40 leiðbeinendum, sérfræðingum og fjárfestum. Verkefnið er rekið af Icelandic Startups, Sjávarklasanum, Matarauði Íslands, HB Granda, Landbúnaðarklasans og IKEA.

Frumkvöðlar Til sjávar og sveita 2019 eru:




**Þór Sigfússon, stofnandi Sjávarklasans, ávarpaði samkunduna í upphafi viðburðarins.** Myndir / smh

*Arcana Bio*
Ný háhraðatækni sem útbýr DNA greiningarpróf, allt frá matvælaiðnaði yfir í líftækni

*Álfur*
Bruggar bjór úr kartöfluhýði sem færi annars til spillis

*Beauty by Iceland*
Framleiðir snyrtivörur úr gulrótum og rófum sem færu annars til spillis

*Feed the Viking*
Sprotafyrirtæki sem starfar með það að markmiði að auka virði íslenskra matvæla með nýsköpun og öflugri markaðssetningu




**Viðar Reynisson, stofnandi og framkvæmdastjóri Ljótu kartaflanna.**

*Íslenskur dúnn*
Fullvinnsla æðardúns á Íslandi

*Ljótu kartöflurnar*
Framleiða kartöfluflögur úr annars flokks hráefni sem annars yrði fargað

*Pure Natura*
Framleiðir hágæða íslensk fæðuunnin bætiefni úr lambainnmat og íslenskum jurtum

*Stafræn veiðibók*
Færir veiðibókina af pappírnum upp í skýin

*Tracio*
Næsta kynslóð rekjanleika og upplýsingakerfa sem á nýjan hátt eykur skilvirkni og traust í virðiskeðju matvæla

*Urtasjór*
Framleiðsla á jurtabragðbættu og kolsýrðu steinefnaríku drykkjarvatni úr sjó. /smh



**Stemningin var góð í anddyrinu þar sem frumkvöðlarnir kynntu vörur sínar.**



**Góð aðsókn var á uppskeruhátíðina í Tjarnarbíói.**













LESENDABÁS

## Aðalfundur Búnaðarfélags Auðkúluhrepps:

# Engar álfakindur hafa sést í vetur!

**Aðalfundur Búnaðarfélags Auðkúluhrepps fyrir árið 2018 var haldinn í Mjólkárvirkjun 10. apríl. Fundurinn var vel sóttur að vanda og gengu fundarstörf vel fyrir sig. Ekkert var rifist á fundinum og voru menn bara kátir sem fyrr. Formaður félagsins, Hreinn Þórðarson, hreppstjóri á Auðkúlu, stjórnaði samkomunni á sinn hógværa hátt. Sagði ekki líka sá góði maður, Njáll á Bergþórshvoli: „Kemst þó hægt fari, húsfreyja.“**

Ályktanir nokkrar voru samþykktar til að leggja fyrir landsmenn. Undir liðnum önnur mál kom í ljós að mönnum liggur ýmislegt á hjarta í Auðkúluhreppi hinum forna. Ekki var það nú allt fært til bókar, sem betur fer, en þó sumt, og skal nú stiklað á stóru í þeim efnum.



**Hreinn Þórðarson, formaður Búnaðarfélags Auðkúluhrepps, á tröppum útibús Kaupfélags Dýrfirðinga á Auðkúlu. Sem kunnugt er af fréttum var brotist inn í útibúið í haust er leið. Það mál er enn í rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu Auðkúluhrepps.** Mynd / H.S.

### *Dýrafjarðargöng*

Steinar R. Jónasson, stöðvarstjóri í Mjólká, upplýsti, að kl. 14.30 á fundartímanum væru eftir 36,5 mtr. ósprengdir af Dýrafjarðargöngum. Hrópað var ferfalt húrra fyrir gangnamönnum.

### *Kostulegt béf frá Íslandspósti*

Árni B. Erlingsson á Laugabóli upplýsti að Jón Halldórsson, sjó- og landpóstur, væri hættur. Var hann búinn að þjóna Auðkúluhreppi í rúm 26 ár, alls 2.600 ferðir. Síðasta ferð Jóns var 29. mars 2019. Áður hafði faðir hans þjónað sömu leið í 20 ár. Árni sagði að honum hefði verið úthlutað ókeypis pósthólfi á Patreksfirði og ætti hann að tæma það reglulega. Annars yrði því lokað! Jæja. Steinar lagði fram myndband frá síðustu póstferðinni. Las Jón upp bréf frá Íslandspósti sem nauðsyn ber til að birta. Hlegið var skart að bréfinu og jafnvel reknar upp rokur. Teitur Magnússon kom á fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Einnig Pétur Oddsson fyrir hönd Ísfirðinga.

### *Húsdýrin og dýr merkurinnar*

Hvorki útigöngu- né álfakindur hafa sést á svæðinu í vetur, sagði Pétur Oddsson. Engar sauðkindur eru heldur á húsi í hreppnum, var bætt við.

Tólf melrakkar og álíka margir minkar hafa verið felldir í vetur á svæðinu frá Mjólká út að Dynjanda. Friðrik Skagfirðingur, gangastarfsmaður, var veiðimaðurinn. Engin assa hefur sést í vetur og er það fyrsti veturinn sem Árni á Laugabóli hefur ekki séð örn. Spurt var um músagang á svæðinu að vanda. Steinar í Mjólká sagðist ekki hafa séð eina einustu mús í allan vetur. Einhver slatti hefur þó verið af mýslu á Laugabóli. Steinar sagði að laxveiði hefði gengið vel í Mjólká í fyrra. Þyngsti laxinn var 14 pund. Sá fór til Tékklands. (Það eru líka Tékkar sem sprengja í Dýrafjarðargöngum sem kunnugt er). Ólafur Kristjánsson mætti nú á fundinn sem þriðji áheyrnarfulltrúinn.

### *Jörðin Laugaból er nú til sölu*

Nýja kaffivélin í Mjólká kom sér vel. Enda hefur það komið fram í félaginu að sumir halda ekki heilsu nema drekka þetta 5–10 stóra fanta á dag! Nú, nú. Atvinnumál voru rædd á víðum grundvelli sem kemur vel fram í skörpum og hnitmiðuðum ályktunum fundarins. Rætt var um málefni Orkubús Vestfjarða og hins opinbera. Flogið hefur fyrir að sameining Rariks og O. V. standi jafnvel fyrir dyrum.

Bókaútgefandinn lagði fram 50.000 kr. í seðlum í hendur Hildigunnar gjaldkera. Er það ágóði félagsins af bókinni Að fortíð skal hyggja, sem fjallar einmitt um nágrenni Dýrafjarðarganga, Borgarfjarðarmegin. Það fylgdi að ekki mætti kaupa karamellur fyrir félagsmenn í Kaupfélaginu á Kúlu. En brjóstsykur, Nikk Nakk og límonaði frá Niðaróss gosdrykkjafabrikku hf. útibú í Norge væri í lagi fyrir hluta af fjármununum! Eins og komið hefur fram áður, er K. D. útibú, umboðsaðili þeirrar fabrikku á Íslandi. Er það í gegnum Bör Börsson júníor á Öldurstað. Pétur sagði að búið væri að einkavæða andrúmsloftið, sbr. síðustu fréttir af WOW air og kolefniskvóta þess. Er það svipað og með fiskveiðikvótann. Mikið var rætt um svokölluð umhverfismál.

Að lokum skal þess getið að fram kom á fundinum að jörðin Laugaból í Mosdal er nú til sölu með gögnum og gæðum. Er það eina jörðin í hreppnum sem svo er ástatt um.

***Hallgrímur Sveinsson***

Bændablaðið
Kemur næst út 13. júní

# Samkeppni um hreinan uppruna raforku

**Í byrjun nóvember á síðasta ári beindi greinarhöfundur fyrirspurn til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um sölu á upprunaábyrgðum raforku. Barst svar ráðherra nú í lok apríl. Í svarinu kom fram að ástæða þess að Evrópusambandið hafi sett upp kerfið sé aðferð til þess að setja markaðsverð á hreinleika raforku.**

### *Vottorð um hreinan uppruna*

Kaupendur raforku sæju sér hag í því gagnvart viðskiptamönnum að geta framvísað vottorði um að orkan sem þeir nota ætti uppruna sinn í endurnýjanlegum orkugjöfum og sem gæfi þeim forskot gagnvart samkeppnisaðilum.

Með þessu móti skapast grundvöllur fyrir íslenska raforkuframleiðendur að selja sérstaklega vottorð um uppruna sinnar raforku á markaði í Evrópu. Þýðing þessa er augljós í því ljósi að nær öll raforka hér innanlands er unnin úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Þetta hafa íslenskir aðilar sannarlega nýtt sér því á árinu 2017 voru seldar 14,8 TWst til erlendra aðila og hefur salan aukist ár frá ári.

### *Upprunavottorð seld fyrir 800–850 milljónir*

Í svari ráðherra kom fram að umtalsverðar tekjur hafa skapast fyrir íslensku raforkusölufyrirtækin á umliðnum árum vegna þessarar sölu og fara vaxandi. Fyrirtækin sem um ræðir eru Landsvirkjun, HS Orka, Orka náttúrunnar og Orkusalan. Söluverðið er samkvæmt svari ráðuneytisins eitthvað á reiki, en gera má ráð fyrir að á árinu 2018 fái íslensku raforkusölufyrirtækin um 800–850 milljónir fyrir sölu á þessum vottorðum.



**Karl Gauti Hjaltason.**

Því er haldið fram í svarinu að salan hafi ekki áhrif á raforkuverð hér innanlands og fremur megi telja að með tilkomu þessara auknu tekna sem fáist með sölunni skapist frekar svigrúm til lækkunar á raforkuverði eða aukinna fjárfestinga af hálfu fyrirtækjanna.

### *Hreinleikinn er sjálfstæð auðlind*

Þá kemur fram að á Íslandi er svo til öll raforka framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Orkugjafarnir sjálfir eru auðlind en líta má á hreinleika þeirra sem sjálfstæða auðlind út af fyrir sig. Neytendur hér innanlands hafa margir hverjir talið það sanngirnismál að þeir fái þessi verðmæti afhent án endurgjalds.

### *Samkeppni eða niðurgreiddur hreinleiki*

Með tilliti til ofangreinds má velta því fyrir sér að hver framtíðin sé varðandi verðmæti þessarar sjálfstæðu auðlindar, hvort íslenskir raforkukaupendur geti gengið að því sem vísu að fá notið hennar án aukagjalds. Þá sérstaklega með það í huga að raforkuframleiðendum er í lófa lagið að selja hana til erlendra kaupenda á mun hærra verði. Gefur ekki auga leið að það megi telja tímaspursmál hvenær kaupendur innanlands þurfi að reiða fram fé fyrir þessa auðlind? Íslensk fyrirtæki sem standa í samkeppni erlendis gætu þurft að sanna uppruna raforku sinnar, en tapa ella viðskiptavinum sínum og þá jafnframt þurft að keppa um verð á vottorðunum við erlenda aðila. Hvert leiðir slík framtíð til annars en hækkunar á raforku hér innanlands? Eða er það eðlilegt að erlend fyrirtæki niðurgreiði þannig raforkuverð fyrir innlend fyrirtæki?

***Karl Gauti Hjaltason***
*alþingismaður*

# Evrópa styrkir þá smærri

**Evrópusambandið samþykkti nýlega reglur til að vernda alla bændur, og mikinn meirihluta afurðafyrirtækja innan ESB, gegn ósanngjörnum viðskiptaháttum.**

Nýju lögin taka til viðskipta með landbúnaðarafurðir í matvælakeðjunni og banna sextán ósanngjarnar tegundir viðskiptahátta þar sem einn viðskiptaaðili beitir annan þvingunum. Þá eru ákveðnir viðskiptahættir til viðbótar skilgreindir þannig að þeir eru einungis heimilaðir ef til staðar er skýrt samkomulag milli hlutaðeigandi aðila.

Þetta er í fyrsta sinn sem þess háttar Evrópulöggjöf er innleidd á þessu sviði. Með henni fá löndin sem eru í ESB heimild til að framfylgja henni og beita sjálf viðurlögum þegar reglurnar eru brotnar. Evrópusambandið vonast til þess að þetta setji gott fordæmi fyrir önnur lönd þar sem bændur þurfa að kljást við ósanngjarna viðskiptahætti.

### *Hvað er sanngjarnt í samkeppni?*

Það reyndist flókið að setja reglur um ósanngjarna viðskiptahætti þar sem samkeppnisréttur tekur ekki endilega til þess hvað sé „sanngjarnt“ eða „ósanngjarnt“ heldur til einfaldari aðstæðna þar sem einn eða fáir aðilar eru ráðandi á markaði. Það er hins vegar ljóst að markaðurinn er óheilbrigður ef birgir getur aðeins valið úr fjölda kaupenda í orði kveðnu þegar í raun er einungis um að ræða nokkrar öflugar smásölukeðjur.

Sjálfstæðir bændur bera gjarnan mestan skaða vegna þessa. Þeir eru einkar berskjaldaðir gagnvart ósanngjörnum viðskiptaháttum þar sem þeir eiga oft ekki annarra kosta völ en að reiða sig á stórar smásölukeðjur til að koma vörum sínum til neytenda.

Smásalar verða sífellt stærri, færri og valdameiri. Framleiðendur og birgjar eru hins vegar enn af öllum stærðum og gerðum, allt frá einyrkjum og fjölskyldubýlum til alþjóðlegra stórfyrirtækja. Langflestir evrópskir framleiðendur eru litlir eða meðalstórir og það ætti að vera pláss á markaði fyrir alla birgja, burtséð frá stærð þeirra eða samningsstyrk.



**Michael Mann, sendiherra ESB á Íslandi.**

Reglurnar í heild sinni gilda um alla aðila í matvælakeðjunni með veltu yfir 350 milljónum evra, en að auki eru mismunandi verndarstig sem eiga við um aðila undir þessum viðmiðunarmörkum. Nýju reglurnar taka til smásala, matvinnslufyrirtækja, samvinnufélaga og samtaka framleiðenda eða til tiltekins framleiðanda sem hefur stundað einhverja af þeim ósanngjörnu viðskiptaháttum sem tilteknir eru.

### *Dæmi um ósanngirni*

Á meðal óheimilla viðskiptahátta eru, héðan í frá, dráttur á greiðslum fyrir vörur sem hætt er við skemmdum, afpantanir á síðustu stundu, einhliða eða afturvirkar samningsbreytingar, kvöð á birgjum til að greiða fyrir óseldar vörur og að neita að gera skriflega samninga.

Aðrir viðskiptahættir eru einungis heimilaðir ef til staðar er skýrt samkomulag milli aðila, t.d. um skil kaupanda á óseldum matvörum til birgis, greiðslur birgis til smásala til að tryggja eða viðhalda birgðasamningum og fjármögnun birgis á kynningum, auglýsingum eða markaðsherferðum kaupanda.

### *Líka gott fyrir neytendur*

Mikilvægt er að geta þess að þessar nýju reglur munu ekki leiða til hærra verðlags til neytenda. Raunar hafa mörg neytendasamtök mælt mjög fyrir þessum breytingum, einmitt vegna þess að neytendur hafa fundið fyrir neikvæðum keðjuverkandi áhrifum af þessum ósanngjörnu viðskiptaháttum.

Samkvæmt lögunum geta aðildarríkin líka ákveðið að ganga lengra en reglur ESB segja til um og í lögunum er endurskoðunarákvæði til að meta árangurinn af kerfinu að fjórum árum liðnum.

Hvert ESB land útnefnir eftirlitsstofnun til að framfylgja nýju reglunum, leggja á sektir og hefja rannsóknir á grundvelli kvartana. Aðilar sem leggja fram kvörtun geta farið fram á trúnað til að koma í veg fyrir mögulegar hefndaraðgerðir. ESB mun koma á fót samræmingaraðferð svo eftirlitsyfirvöld geti miðlað bestu starfsvenjum sín á milli.

Nýlegar skoðanakannanir sýna að almenningur er sammála um að bændur skuli fá sanngjarna greiðslu fyrir afurðir sínar, að neytendur eigi að greiða sanngjarnt verð og að smásalar eigi að njóta sanngjarnrar hlutdeildar. Bændur geta þá haldið áfram að fjárfesta í nýsköpun og framleiða afurðir sem uppfylla kröfur neytenda hvað varðar gæði og siðlega framleiðsluhætti.

### *Hluti af stærri pakka*

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur unnið að ýmsum álíka aðgerðum undanfarin átta ár. Árið 2017 var samþykkt að auðvelda bændum að gera sameiginlega kjarasamninga til að bæta stöðu sína í matvælakeðjunni. Nú hefur verið samþykkt þetta bann við ósanngjörnum viðskiptaháttum. Til umræðu er nú að gera sérstakt átak til að auka gagnsæi verulega.

Þessar aðgerðir koma til með að styrkja stöðu bænda í matvælakeðjunni og skapa sanngjarnara og gagnsærra viðskiptaumhverfi. Allt mun þetta bæta hag bænda, neytendum og samfélaginu öllu til hagsbóta.

***Michael Mann,***
***sendiherra ESB á Íslandi,***
*og fyrrverandi blaðamaður um landbúnaðarmál*

LÍF & STARF



Anna Linda, sem er hér fjórða frá vinstri, með síðasta hópinn sem hún kenndi íslensku í vor hjá Fræðsluneti Suðurlands á Selfossi. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Anna Linda Sigurðardóttir á Selfossi:

# Hefur kennt útlendingum úr öllum heimsálfum íslensku í 17 ár

**Anna Linda Sigurðardóttir, kennari við Vallaskóla á Selfossi, hefur haft það sem aukastarf hjá sér síðustu 17 ár að kenna útlendingum íslensku hjá Fræðsluneti Suðurlands. Nú ætlar Anna Linda að segja þetta gott, enda hefur hún tekið að sér starf verkefnisstjóra yfir fjölmenningarveri í Vallaskóla.**

„Ég hef eignast marga góða vini í gegnum þessa kennslu enda hefur starfið verið mjög skemmtilegt og gefandi, alltaf líf og fjör og nemendur ánægðir það að ég best veit,“ segir Anna Linda. Á þessum 17 árum hefur Anna Linda kennt um 1.500 útlendingum íslensku. Þjóðernin koma víða að, hún hefur t.d. verið með nemendur frá Úkraínu, Moldóvu, Hvíta-Rússlandi, Nepal, Chile, Kína, Filippseyjum, Taílandi, Grænlandi, Færeyjum, Ástralíu, Bandaríkjunum, Sýrlandi, Írak, Íran og margir nemendur hafa verið frá Norðurlöndunum. „Ég held ég hafi kennt fólki úr öllum heimsálfum, allt yndislegt fólk sem hefur verið gaman að kynnast,“ segir Anna Linda. /MHH



Mæðgur frá Sýrlandi sem voru í íslenskunámi hjá Önnu Lindu en fjölskyldur þeirra komu sem kvótaflóttamenn á Selfoss fyrir tveimur árum.


Bindi og pökkunarlausnir fyrir allan iðnað

Ísfell er með margar gerðir bindivéla fyrir stál- og plastborða. Handbindivélar, hálfsjálvirkar og alsjálfvirkar einnig brettavafningsvélar fyrir plastfilmur.






Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

FYRIR HEYSKAPINN

Eigum til tinda og hnífa í flestar gerðir heyvinnuvéla, einnig slöngur og dekk með eða án felgu.





Sendum um land allt, ókeypis ef keypt er fyrir 30 þúsund eða meira!

VÉLAVAL
560 VARMAHLÍÐ
453 8888 - velaval@velaval.is

BATEMAN

*Hliðgrindur í mörgum stærðum og gerðum.*
Einnig rekstrargangar, hestagerði og fleira.





Hliðgrindur: **Verð frá 10.093 án/vsk.**

LANDSTÓLPI

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300

BÖRN OG VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

**Bílar, dráttarvélar, vöruflutninga- eða mjólkurbílar ættu aldrei að nálgast leiksvæði barna.**

Það er góð hugmynd að girða leikvelli tryggilega af og sjá til þess að vélknúin ökutæki þurfi ekki að snúa eða bakka í námunda við þá.

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* bondi.is

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?




UTAN ÚR HEIMI




Fjöldi bænda í miðríkjum Bandaríkjanna segja að stefna eða öllu heldur stefnuleysi í landbúnaðarmálum sé að draga úr þeim allan þrótt enda hafi kosningaloforð Trump reynst orðin tóm.

## Miðríki Bandaríkjanna:

# Óveður og uppkaup jarða

**Um 450 þúsund hektarar af kornökrum og 34 þúsund af beitilandi í miðríkjum Bandaríkjanna skemmdust vegna vatns sem huldi landið í kjölfar fellibyls sem gekk yfir ríkin í mars síðastliðnum. Stór matvælafyrirtæki kaupa upp jarðir í stórum stíl í von um nýjan markað í kjölfar Brexit.**

Skemmdir í kjölfar flóðanna eru gríðarlegar, bæði á korni og vegna dauðs búfjár og mun hafa veruleg áhrif á afkomu margra bænda sem nú þegar eru skuldum hlaðnir.

### *Veðrið að breytast*

Fulltrúi bænda á svæðinu segist aldrei hafa upplifað annað eins og að það eigi eftir að taka mörg ár að lagfæra verstu skemmdirnar. Hann segir að fellibylurinn hafi komið í kjölfar metkulda í janúar og óvæntrar snjókomu í febrúar. Veðurfræðingar segja að loftslagsbreytingar séu farnar og munu í framtíðinni hafa veruleg áhrif til breytinga á landbúnaði í Bandaríkjunum. Spár gera ráð fyrir meiri öfgum í veðri í miðríkjunum og að víða muni verða erfitt að stunda landbúnað af þeim sökum.

### *Uppkaup risafyrirtækja í jörðum*

Á sama tíma og bændur víða í miðríkjum Bandaríkjanna eiga erfiðara með að ná endum saman sjá stór matvælafyrirtæki sér hag í að kaupa upp jarðir og leigja þær leiguliðum. Uppkaup fyrirtækjanna stafa meðal annars af því að þau sjá fyrir sér nýjan markað í Bretlandi eftir að Brexit gengur að fullu í gildi.

Í samningum leiguliðanna kemur fram að þeim beri að framleiða það sem fyrirtækin segja þeim og oftar en ekki á fyrirfram ákveðnu verði og hefur slíkt þegar leitt til fjölgunar verksmiðjubúa til að halda kostnaði niðri. Leiguliðarnir bera aftur á móti sjálfir ábyrgð á uppskerunni og kostnaðinum ef hún bregst. */VH*



Hjartaígræðsla. Á innfelldu myndinni er svínshjarta.

# Líffæri úr dýrum í menn

**Framförum í erfðatækni fleytir stöðugt fram og ekki er talið langt í að hægt verði að nota líffæri úr dýrum í menn og það styttist í að fyrstu ígræðslur af slíku tagi fari fram.**

Vísindamenn í Suður-Kóreu segja að á næstunni muni þeir geta flutt hornhimnu á augum svína í menn og kollegar þeirra í Norður-Ameríku segjast bjartsýnir á að hægt verði að græða svínshúð á líkamshluta manna sem hafa brunnið illa. Auk þess sem uppi eru hugmyndir um að græða svínsnýru í fullorðið fólk sem á við nýrnavandamál að stríða og grísahjarta í ungbörn sem fæðast með hjartagalla.

### *Ekki ný hugmynd*

Hugmyndin um að nota líffæri úr dýrum sem varahluti í menn er ekki ný af nálinni en lengi vel var talið að slíkt væri pípudraumur og óframkvæmanlegt. Í fyrstu tilraunum sem gerðar voru með að flytja líffæri úr dýrum í menn tók innan við fimm mínútur fyrir mannslíkamann að hafna líffæri úr annarri tegund.

Nýjar rannsóknir og framfarir í svonefndri Crispr-genatækni benda til að hægt sé að gabba eða blekkja mannslíkamann til að samþykkja líffæri úr öðrum dýrategundum og sérstaklega svínum.

### *Gríðarleg þörf fyrir ný líffæri*

Tilraunir á bavíönum og öðrum tegundum prímata en mönnum sýna að apar geta lifað í allt að sex mánuði með hjarta úr svíni sem grætt er í dýrin með hjálp nýjustu erfðatækni.

Aðstandendur rannsóknanna binda miklar vonir við að fljótlega verði hægt að gera tilraunir á mönnum enda markaður fyrir líffæraskipti stór. Í Bandaríkjunum einum bíða yfir 75 þúsund manns eftir líffæraskiptum og þar í landi er talið að tuttugu manns á biðlistum vegna líffæraskipta látist daglega.

Í dag þurfa þeir sem bíða eftir líffæraskiptum að bíða eftir því að einhver með líffæri sem líkami þeirra sættist við látist. Verði aftur á móti hægt að nýta líffæri úr dýrum til líffæraskipta munu lífslíkur hundruð þúsunda manna um allan heim aukast gríðarlega. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Legubásainnréttingar eru af ýmsum toga. Þessi mynd var tekin fyrir fjórum árum af fallega grænum innréttingum í fjósinu í Mið-Görðum á Snæfellsnesi þar sem kýrnar liggja á mjúku undirlagi. Mynd / HKr.

# Legutími kúa skiptir miklu máli



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

**Það eru gömul sannindi og ný að kýr sem ná að hvílast vel, mjólka einfaldlega betur en aðrar kýr og yfirleitt er talað um að hvíldartími kúa eigi að vera 12–14 klukkustundir á dag. Það er þó ekki svo að legutíminn sé samfelldur yfir daginn enda skipta kýrnar legutímanum upp í margar styttri legulotur.**

Á hverju ári standa kýr upp og leggjast niður um 5-7 þúsund sinnum og það reynir auðvitað á kýrnar og gerir einnig kröfu til þess að nærumhverfi þeirra sé hannað til þess að þeim líði sem best bæði þegar þær leggjast niður, liggja niðri eða standa á fætur.

Ef legusvæði kúnna er ekki þeim mun betra þá veigra þær sér við því að standa oft á fætur nema nauðsyn beri til og það getur því hæglega bitnað á gróffóðuráti þeirra ef legusvæðið er ekki vel mjúkt og stamt. Kýrnar velja með öðrum orðum að liggja umfram það að éta og það gefur því auga leið að ef legusvæðið er ekki nógu gott bitnar það auðvitað um leið á hámarksframleiðslugetu kúnna.



Þekking á hönnun legubása hefur tekið miklum framförum á undanförnum áratugum og sérstaklega varðandi atriði sem skipta velferð kúnna mestu máli. Þannig er staðsetning á herðakambsslá og bringuröri ekki eitthvað sem er alltaf eins og þarf því að endurskoða reglulega og færa til eftir þörfum.

### *Misjafn legutími á milli kúa*

Legutími kúa er afar breytilegur á milli einstaklinga og þar skipta máli atriði eins og aldur, staða á mjaltaskeiði og árstími. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að yngri kýr liggja að jafnaði skemur en eldri kýr og þá breytist legutími kúnna og lengist eftir því sem líður á mjaltaskeiðið. Enn fremur er þekkt að kýr liggja að jafnaði minna á sumrin en á veturna auk þess sem beiðsli og annað slíkt sem veldur óróa í hjörðinni hefur að sjálfsögðu áhrif á legutímann.

### *Mýktin skiptir máli*

Tíð notkun kúa á legubásadýnum veldur auðvitað sliti á þeim og dregur úr mýkt þeirra eftir því sem líður á. Í danskri tilraun með mismunandi undirlag fyrir kýr fengu þær að velja á milli átta ólíkra gerða af legubásadýnum. Í ljós kom að latexdýnur leiddu til lengri legutíma hjá kúnum í samanburði við hefðbundnar gúmmíkurlfylltar dýnur eða þar sem voru hefðbundnar básamottur. Þá kom í ljós að kýrnar völdu jafnt dýnur með ólíku yfirborði, en sumar þeirra voru með gúmmídúk og aðrar með trefjadúk. Það sem mestu réð um val kúnna á legusvæði var staða þeirra í virðingarröðinni í fjósinu sem og hvar legubásinn var staðsettur innan fjóssins. Helst vildu kýrnar velja að liggja þar sem friður og ró var.



Ef kýr myndu sjálfar ráða undirlaginu í legubásum myndu þær velja sand eða hálm, en þar sem það er ekki alltaf tæk lausn þarf að mýkja básana með góðri dýnu og nota svo vel af undirburði ofan á svo kýrnar fái ekki nuddsár.

Í kjölfar rannsóknarinnar hafa nú verið gefnar út leiðbeiningar fyrir bændur þegar þeir velja undirlag í básana. Dýnurnar eiga að lágmarki vera 50 mm og gjarnan 60 mm þykkar, mýkt þeirra, sem er mæld í kg/m$^3$, má ekki vera undir 260 kg/m3 og gjarnan vera 300 kg/m$^3$ og þá á yfirborð dýnanna að




Kýr standa upp og leggjast niður mörg þúsund sinnum á ári og fylgir því mikið álag á undirlagið í legubásnum sem og á hné kúnna sjálfra.

vera þannig hannað að það ýti ekki undir hárslit eða hárlausa bletti á kúnum. Í sömu leiðbeiningum kemur fram að undirlagið eigi að gefa eftir um 16-28 mm þegar kýrin stígur fæti á það en það er talið tryggja að legusvæðið geti lagast að líkama kúnna, þegar þær liggja, auk þess sem slík mýkt ætti að tryggja að kýrnar eigi ekki á hættu að renna til þegar þær stíga upp í eða fara niður úr legubásnum.

### *Mat á legutíma*

Ætli kúabóndi að meta ástandið í sínu fjósi er mikilvægt að gera það rétt. Hægt er að nota upplýsingar úr fjóstölvunni, ef búið er með atferlisskynjara á kúnum sem fyrst og fremst eru notaðir til að greina beiðsli. Það er þó varasamt að nota gögnin beint enda gefa flest tölvukerfi upp meðallegutíma á sólarhring, en hann segir ekki nóg um hvíld kúnna enda geta verið á bak við slíka tölu margar stuttar legulotur sem eru kúm ekki eins gagnmiklar og lengri hvíld í einu. Þá eru mjög langar hvíldarlotur ekki heldur til bóta! Það er því brýnt að fylgjast með kúnum og leggja mat á leguloturnar.

Þegar gert er svona mat á leguhegðun kúa þarf að fylgjast með að lágmarki 10 kúm sem leggjast niður og standa óhvattar aftur á fætur. Ef allt er eins og best verður á kosið ætti það að taka kýrnar að jafnaði um 5-6 sekúndur að standa á fætur og 15-20 sekúndur að leggjast niður eftir að kýrnar eru komnar upp í básana. Ef þær standa í básunum eða eru með einhverjar tilfæringar við að leggjast niður þarf að skoða vel hvað skýri það, enda eru þær í eðli sínu latar og vilja helst leggjast niður ef það er á annað borð í boði. Rétt er að minna á það sem hér að framan var sagt að það er eðlilegur munur á leguhegðun á milli kúa og því þarf að tryggja að meta þessa leguhegðun rétt.

### *Hönnun nærumhverfisins*

Ef í ljós kemur að hvíldartíminn hjá kúnum í fjósinu er of lítill þarf að skoða nánar ástæður þess. Oftast felast skýringarnar í óheppilegum aðbúnaði eins og ekki nógu mjúku undirlagi í legubásunum eða ranglega stilltum innréttingum sem þrengja að kúnum. Þá eru sumar innréttingar í legubásafjósum afar óheppilega hannaðar og hefta hreyfigetu kúnna. Hver bóndi þarf að meta þetta í sínum fjósi og góð regla er t.d. að skoða það hvort eitthvað geti truflað kýrnar þar sem þær hafa höfuðið alla jafnan. Sumar básainnréttingar eru t.d. með rör sem liggur þvert við endann á legubásnum í 20-40 cm hæð yfir legubásnum. Þetta er eitt af því sem bændur erlendis hafa verið að fjarlægja unnvörpum til að fá kýrnar til að liggja lengur.

Af einstökum áhrifaþáttum á hvíld kúa hefur líklega undirlagið og lengd bássins mest áhrif. Vegna bæði kynbóta og bætts aðbúnaðar hafa kýrnar verið að stækka og því gæti það verið svo að í einhverjum fjósum geti legubásarnir hreinlega verið of stuttir í dag, þó svo að þeir hafi etv. passað hér áður fyrr. Það eru til einföld ráð til að lengja legubásana án þess að fara í dýrar fjárfestingar við endurnýjun. Sé þetta gert, lengist legutími kúnna og afurðasemin fylgir með.

Annað atriði sem getur haft áhrif á legutímann eru mjóir gangar meðfram legubásunum og mjóir þvergangar. Í fjósum þar sem svona er háttað geta sterkar og fúllyndar kýr hreinlega einokað ákveðið svæði og komið í veg fyrir að minni og veikburða kýr komist framhjá til þess að geta hvílt sig.

Þegar og ef búið er að útiloka áhrif nærumhverfisins á legutímann og hann er enn of stuttur þarf að skoða aðra þætti sem hafa áhrif og má þar nefna óróa í hjörðinni vegna of stórra hópa eða að kúnum er hreinlega ranglega skipt upp í hópa. Þannig má t.d. nefna að kýr á sínu fyrsta mjaltaskeiði skila í Danmörku að jafnaði 9% meiri afurðum ef þær eru hafðar í sér hópi og aðskildar frá eldri kúm. Skýringin felst í því að þegar þær eru hafðar sér hvílast þær mun betur og eykst hvíldartími þeirra einmitt um sömu prósentu og afurðirnar eða um 9%. Ástæðan fyrir meiri hvíld í svona hópi felst fyrst og fremst í svokallaðri virðingarröð sem myndast í öllum kúahópum, en þar eru yngstu kýrnar alltaf neðstar í virðingarröðinni og þurfa sí og æ að víkja fyrir sér eldri kúm.

### *Aukinn legutími skilar sér í arðsemi*

Í Danmörku hafa verið gerðar margar og ítarlegar rannsóknir á atferli kúa og samhengi við ýmis atriði eins og nyt og arðsemi kúnna. Þar hefur m.a. komið skýrt fram að legutíminn hefur bein áhrif á arðsemi kúabúanna vegna samhengis á milli betri aðstöðu hvíldaraðstöðu kúnna og afurðasemi þeirra. Þá liggur fyrir að með auknum meðalafurðum eykst framlegð kúnna jafnt og þétt en þau bú sem eru með hæsta framlegð eftir hverja kú skipa sér öll í efstu sætin þegar horft er til meðalafurða. Að sama skapi eru þau bú, sem eru með lægsta framlegð eftir hverja kú, með afar lága meðalnyt að jafnaði. Þegar þetta samhengi á milli góðs hvíldarsvæðis kúa og framlegðar er skýrt hefur verið bent á atriði eins og aukinn hraustleika kúnna, auknar afurðir og át og bætta frjósemi og endingu almennt.





Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!



RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

**Erfðaframfarir með nýju erfðaefni af Angus** – annar hluti:

# Aðstaða fyrir holdakýr




**Jóna Þórunn Ragnarsdóttir**
ráðunautur í fóðrun
jona@rml.is


**Í fyrsta hluta greina um holdakúabúskap var fjallað um mikilvægi góðrar umgengni og undirbúnings fyrir árangur sæðinga hjá holdakúm. Næsta skref er eflaust að fjalla um aðstöðuna sem þarf til við meðhöndlun gripanna.**

Margir fróðir menn hafa skrifað lærðar greinar um umgengni í kringum nautgripi og flokkunaraðstöðu og um að gera að sækja sér upplýsingar í þeirra brunn. Þeirra fremst er kannski Temple Grandin sem hefur skrifað margar greinar og bækur um þetta efni, en einnig hannað meðhöndlunaraðstöður og sláturhús þar sem stuðlað er að réttri meðhöndlun húsdýranna okkar, allt frá alifuglum til nautgripa. Grípum aðeins niður í hennar fræðigrein.

*Smalabrjálæði skilar engu*

Rólega gripi er mun auðveldara að eiga við í aðhaldi en þá sem æsast upp, og getur tekið um hálftíma fyrir gripina að róast aftur æsist þeir upp vegna óvarlegrar meðhöndlunar. Æstir og hræddir gripir hópast saman og leita eftir stuðningi við hver annan sem getur valdið því að erfitt er að flokka þá í sundur án þess að allur hópurinn taki á rás. Gripir á beit bregðast við hættum með því að reigja höfuð sitt hátt, skoða sig vel um og byrsta sig (virðast stórar) – að endingu tekur flóttaeðlið við og við sjáum undir klaufirnar á þeim. Augu gripanna sýna hræðslustig – stressaðir gripir sýna fyrr hvítuna í augunum en þeir sem eru yfirvegaðir og rólegir. Halinn fer einnig á ferð og að lokum getur áreitið orðið svo mikið að gripirnir grípa til örþrifaráða og reyna að brjótast út eða slá.

*Aðstaða til meðhöndlunar og flokkunar*

Þegar kemur að meðhöndlun og flokkun holdagripa er gott að hafa nægilega stórt safngerði til að allir gripir hjarðarinnar komist fyrir án þrengsla. Frá safngerði að meðhöndlunaraðstöðu þarf að vera rekstrargangur sem álast til baka í hálfhring. Þannig halda gripirnir að þeir séu að fara tilbaka til þess staðar þaðan sem þeir komu, því heima er best.



Mynd 1: Kúrekar á upphækkuðum göngupalli fyrir utan rekstrargang.

Rekstrargangar þurfa að hafa heilklæddar hliðar og mjókka frá því að rúma nokkra gripi á breiddina þar til myndast einföld röð þar sem gripirnir geta ekki snúið við, gjarnan með veggjum sem halla aðeins út. Í rekstrarganginum mega ekki vera stallar eða þröskuldar sem draga úr flæði gripanna. Nautgripir hafa ekki góða þrívíddarsjón nema á litlu svæði fyrir framan sig og til að skoða hindranir þurfa þeir að lækka höfuðið – slíkt hægir á rekstrinum. Sé flokkunar- og meðhöndlunaraðstaðan innandyra þarf að vera nægilega mikil birta til að gripirnir hreyfi sig eðlilega, betra er að hafa marga litla ljósgjafa en einn skæran sem getur blindað og býr til skugga sem gripirnir hræðast.

Þar sem veggir rekstrargangs og flokkunaraðstöðu eru oft mannhæðar háir getur verið gott að hafa upphækkaðan göngupall fyrir utan. Þannig getur bóndinn gengið meðfram rekstrarganginum til að fá gripina til að leita í rétta átt, ekki ólíkt því þegar við göngum inn með fénu í þröngri kró, án þess þó að leggja líf og limi í hættu. Bóndinn stígur svo niður af pallinum, hverfur úr augsýn gripanna og byrjar aftur fremst á göngupallinum til að fá næsta hóp til að fara rétta leið. Að framlengja handleggina með smalastaf getur einnig verið gott. Honum er veifað rólega og lokar fyrir undankomuleið gripanna ætli þeir að reyna að sleppa fram hjá manninum. Fyrstu kynni hjarðarinnar af meðhöndlunaraðstöðunni þarf að vera góð, t.d. bara reka inn og gefa kjarnfóður, og svo smátt og smátt læra gripirnir að þetta sé þægilegur staður fyrir þá, sér í lagi eftir því sem árin líða og ákveðnar kýr taka að sér forystuhlutverkið.

Gott er að hafa hlið til að loka á eftir gripum sem streyma inn í rekstrarganginn og taka nokkra gripi, t.d. 5-10, í einu inn í rekstrarganginn til að allt gangi smurt. Að reka 60-100 gripi í einu eykur stress á þeim sem næst manninum eru án þess að þeir sem fjærst eru færist endilega úr stað. Meðhöndlunar- eða tökubás er staðsettur í endann á rekstrargangi. Einnig er gott að hafa stuttan, einbreiðan biðgang við meðhöndlunarbásinn þar sem hægt er að koma í veg fyrir að gripirnir bakki og séu því tilbúnir að koma inn í básinn þegar þörf er á. Meðhöndlunarbásinn þarf að vera sterkur og hafa læsingu um háls gripanna og best er hægt er að stilla breidd básins þannig að hann „klemmi" passlega utan um gripina. Það hefur róandi áhrif á þá, því nautgripir sem hafa rými til að djöflast gera sjálfum sér illt verra með því að æsa sjálfa sig. Bakkvörn og jafnvel sparkvörn er nauðsynleg eigi að sæða eða fangskoða kýr fyrir öryggi frjótæknis/dýralæknis. Almennt þarf ekki að meðhöndla íslenska gripi mikið, en opnanlegar hliðar geta þó verið þægilegar ef á að raka kýr sem koma af inn af útigangi. „Hauslyfta" getur auðveldað vinnu við ormalyfsgjafir eða innsetningu steinefnastauta, en einnig þegar endurnýja á eyrnamerki o.þ.h.



Mynd 2: Tökubás með hausalyftu.



Mynd 3: Einföld skífuvog til að vigta kálfa.

Gólf eða jarðvegur þarf að vera sléttur og óskreipur, hálka eykur á stress gripanna. Utandyra þarf að huga að því að jarðvegurinn dreni vel, staðsetja réttina á föstu undirlendi þar sem hægt er að keyra möl í til að forðast drullusvaðið í blautum haustum. Innandyra myndi sandur, fíngerð möl eða jafnvel hálmur kannski henta hvað best, þó ekki þannig að gripunum líði svo vel í safngerðinu að þeir leggist bara niður í kósí.

*Vigtun lifandi gripa*

Mikilvægasta verkfæri kynbótafræðinnar er tölfræðin. Réttar tölfræðiupplýsingar um fæðingar- og fráfæruþunga kálfanna okkar stuðlar að því að við getum valið réttu nautin til notkunar út frá afkvæmaupplýsingum, en einnig hjálpað til við ásetning framtíðargripanna með því að velja þá gripi sem þyngjast hratt og vel – og áttu jafnframt auðvelt með að komast í heiminn.

Að vigta nýfæddan kálf ætti að vera nokkuð auðvelt, annaðhvort nota baðvigt og halda á kálfinum (og draga svo eigin þunga frá) eða nota einfalda skífuvog til verksins. Hægt er að lyfta kálfinum upp í einfaldri rólu úr ullarballa og hengja á vogina.

Vigtun við fráfærur ætti ekki að vera stórmál heldur. Erlendis er miðað við að fráfærur séu um 200 daga aldurinn og þá eru gripir vigtaðir á stórgripavigt. Hægt er að koma þeim fyrir í meðhöndlunarbásnum, þannig venjast gripirnir strax á að fara í básinn án þess að tengja það við einhvern sársauka eða beina meðhöndlun. Fráfæruþunginn gefur vísbendingar um mjólkurlagni móður og vaxtargetu kálfsins, sem aftur er samspil umhverfis og erfða móður og fóður.

LESENDABÁS

# Meira flokkað og minna hent í Rangárvallasýslu

**Það er ekki ofsögum sagt að mikil vakning hefur átt sér stað á Íslandi þegar kemur að flokkun og endurvinnslu. Rangárvallasýsla er þar engin undantekning og strax í byrjun árs fór Sorpstöð Rangárvallasýslu, sem sér um sorphirðu frá heimilum í sýslunni, af stað með veigamikið kynningarstarf.**

Opnuð var Facebook-síða fyrir Sorpstöðina og þar er miðlað upplýsingum um sorphirðu og flokkun í sýslunni ásamt því að svara öllum þeim spurningum um málaflokkinn sem kunna að brenna á íbúum. Það er mikil umferð um Facebook-síðuna og ljóst að íbúar eru virkilega áhugasamir um að flokka rétt, vernda umhverfið og þar með spara peninga í sorphirðugjöldum.

Næsta skref var að bæta við flokkunarmöguleika og um miðjan maí var farið af stað með að flokka lífrænt sorp frá almenna sorpinu. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur útvegað hverju heimili í sýslunni brúnt ílát til að setja ofan í tunnuna með almennu sorpi, litla tunnu til að hafa inni, sem og ársbirgðir af maíspokum.



Ágúst Sigurðsson.

Til að kynna þennan nýja flokkunarmöguleika og skerpa almennt á flokkun og sorphirðu í sýslunni voru tveir afar fjölmennir kynningarfundir haldnir 21. og 22. maí.

Ágúst Sigurðsson, formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, opnaði fundina með nokkrum orðum um þetta ferli sem búið er að vinna að. Jón Sæmundsson hjá Verkís fór yfir flokkun og nýtt sorphirðudagatal og Árný Lára Karvelsdóttir og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, markaðs- og kynningarfulltrúar Rangárþings ytra og eystra, fóru yfir helstu spurningar sem borist hafa í gegnum Facebook-síðu Sorpstöðvarinnar ásamt því að segja frá því sem fram undan er í kynningarmálum. Sævar Helgi Bragason kom svo með afar skemmtilegt og fræðandi innlegg sem hann nefndi „Hvað höfum við gert?" og byggði að nokkru leyti á samnefndum þáttum sem sýndir hafa verið á RÚV í vetur.



Eins og áður sagði er ljóst að mikil vakning hefur átt sér stað í málaflokknum og spurningar fundargesta báru það sannarlega með sér að íbúar eru virkilega áhugasamir um að flokka og flokka rétt. Allar nánari upplýsingar um flokkunarstarf og sorphirðu í Rangárvallasýslu má finna á títtnefndri Facebook-síðu https://www.facebook.com/sorpstodrangarvallasyslu/ og á heimasíðum sveitarfélaganna þriggja er standa að Sorpstöð Rangárvallasýslu, Ásahrepp, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra.

*Árný Lára Karvelsdóttir*
*markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra*

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

### Vísindamenn og sérfræðingar í plöntukynbótum:

# Setja fram níu tillögur um aðlögun norræns landbúnaðar að loftslagsbreytingum

**Stofnun norræns þekkingarseturs, auknar rannsóknir og frekari samvinna milli opinberra stofnana og einkafyrirtækja. Þetta er meðal tillagna frá fulltrúum norrænna háskóla, fyrirtækja í plöntukynbótum og samtaka í landbúnaði í nýrri skýrslu sem fjallar um nauðsynleg viðbrögð landbúnaðar á Norðurlöndum við loftslagsbreytingum.**

Síðastliðin tvö sumur, þegar úrkoma var nánast engin á Norðurlöndum utan Íslands, hafa leitt í ljós áhrif loftslagsbreytinga á landbúnað á norðursláðum. Uppskera varð mun minni en í venjulegum árum og margir bændur neyddust til að senda gripi til slátrunar vegna skorts á fóðri. Hópur leiðandi norrænna vísindamanna og sérfræðinga í plöntukynbótum ásamt fulltrúum landbúnaðarsamtaka hafa nú sett fram tillögur í því skyni að draga úr líkum þess að sambærilegir atburðir endurtaki sig. Níu tillögum er beint til norrænna stjórnmála- og embættismanna og eiga þær að hvetja þá til aðgerða sem geta tryggt framtíð landbúnaðar á Norðurlöndum.




„Þessar níu tillögur fela í sér aðgerðir sem tryggja að landbúnaðurinn geti staðist þær áskoranir sem leiða af loftslagsbreytingum og aðlagast þeim. Hlýnandi loftslag getur einnig haft jákvæð áhrif fyrir okkur á Norðurlöndum. Nauðsynlegt er að nýta vel þau tækifæri sem skapast til hagsbóta fyrir landbúnaðinn og hugsa til langs tíma. Sú vinna verður skilvirkust ef hún er unnin í norrænni samvinnu", segir Sören K. Rasmussen, prófessor við Institut for Plante- og Miljövidenskab við Kaupmannahafnarháskóla.

***Mikilvægur þáttur í heildarmyndinni***

Tillögur í skýrslunni beinast einnig að mikilvægi þess að kortleggja og tryggja varðveislu erfðaauðlinda til langs tíma, að fjölga nemendum sem mennta sig í plöntukynbótum og tryggja aðstöðu til útitilrauna á plöntum um öll Norðurlönd. Skýrslan setur fram mikilvæg atriði um hvernig standa eigi að fjárfestingum til framtíðar í norrænum landbúnaði.

„Tillögurnar eru settar fram af færustu sérfræðingum á þessu sviði. Nú vonum við að þær leiði til kröftugs átaks í þá átt að tryggja matvælaframleiðslu okkar til framtíðar á Norðurlöndum", segir Lise Lykke Steffensen, forstjóri NordGen.

***Tillögurnar eru eftirfarandi:***

1. Að koma á fót norrænu þekkingarsetri í þeim tilgangi að þróa nýjar nytjaplöntur sem tryggt geti matvælaframleiðslu á Norðurlöndum til framtíðar.
2. Að stuðla að verkefnum sem kortleggja eiginleika erfðaauðlinda sem eru mikilvægar fyrir landbúnað.
3. Að sjá til þess að erfðaauðlindir verði varðveittar á öruggan hátt til langs tíma.
4. Að halda áfram þróun norrænna samstarfsverkefna milli opinberra aðila og einkafyrirtækja.
5. Að tryggja aðstöðu til útitilrauna með plöntur við mismunandi loftslagsaðstæður á Norðurlöndum.
6. Að styðja rannsóknir á sviðum sem eru mikilvæg fyrir aðlögun matvælaframleiðslu að breyttu loftslagi.
7. Að styðja rannsóknir sem draga úr áhrifum loftslagsbreytinga s.s. ræktun þekjuplantna, ræktun fjölærra plantna og fleiri aðgerða sem binda kolefni.
8. Að flýta rannsóknum á mikilvægustu tegundum nytjaplantna á Norðurlöndum og á þróun nýrra yrkja og tegunda.
9. Að koma á fót norrænu námi á sviði plöntukynbóta og í skyldum faggreinum.

Skýrslan „Nordic Agriculture and Climate Change: Mitigation and Adaptation" er árangur vinnufundar sem skipulagður var af NordGen og NordForsk, en það eru stofnanir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Skýrsluna má nálgast á slóðinni: http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1314281&dswid=2966 eða með því að leita að titli hennar.

NordGen (Nordisk Genresource Center) er sameiginlegur plöntugenbanki Norðurlandanna og þekkingarsetur um erfðaauðlindir. NordGen starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í þeim tilgangi að vernda og styðja notkun erfðaauðlinda sem tengjast matvælum, landbúnaði og skógrækt. Aðsetur NordGen er í Alnarp í Svíþjóð og Ási í Noregi.

***Þýðing, Emma Eyþórsdóttir***




**Ari Guðlaugsson með hross sitt, Hagalín frá Efri-Rauðalæk, inni í verslun BYKO á Akureyri.**

### Akureyri:

# Hagalín heillaði viðskiptavini Byko

**„Viðtökurnar voru mjög góðar og tiltækið vakti verðskuldaða athygli, enda gríðarlega flottur og efnilegur stóðhestur á ferðinni. Svo ekki sé nú talað um ræktandann sem auðvitað er í fremstu röð," segir Haukur Már Hergeirsson, verslunarstjóri í Byko á Akureyri.**

Sá góðkunni hestamaður Baldvin Ari Guðlaugsson kom sér á dögunum fyrir inni í versluninni með hross sitt, Hagalín frá Efri-Rauðalæk. Haukur Már segir að bryddað hafi verið upp á þessari skemmtilegu nýjung í verslunarrekstrinum í tilefni af því



að Byko ætli sér að sækja á með vörur tengdar hestamennsku og eins almennri bændavöru.

„Við höfum um árin verið sterk í girðingarefni og vorum núna að taka upp rafmagnsgirðingarefni auk annars sem snýr að bændum og þeirra rekstri."

*/MÞÞ*






VÉLABÁSINN

# Renault Zoe rafmagnsbíll



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Í umræðunni um hlýnun jarðar er stefnan sett á að skipta bílum og öðrum farartækjum í umhverfisvænni farveg með aukningu á rafmagnsbílum og öðrum bílum sem menga minna. Margir veðja á rafmagnsbíla sem umhverfisvænsta kostinn á komandi árum.**

Með betri tækni eru rafmagnsbílar alltaf að komast lengra í kílómetrum talið á hverri hleðslu og einnig eru bílarnir orðnir ódýrari í framleiðslu. Hjá BL er í boði smábíllinn Renault Zoe, rafmagnsbíll sem á að ná um 300 km drægi við bestu aðstæður á einni hleðslu. Ég tók 120 km kvöldrúnt á svona bíl í síðustu viku.

*Gott að keyra, en mætti vera betur hljóðeinangraður*

Bíllinn er frekar fábrotinn að innan og ekki mikið af aukabúnaði eins og hita í sæti, stýri, speglum og fl. Hins vegar er gott að keyra bílinn, hann er lipur sem innanbæjarbíll og ágætlega snöggur að ná umferðarhraða sé maður ekki með vélina stillta á „eco“, en þá kemst maður að vísu styttra á hverri hleðslu.

Á litlum hraða, eða undir 30 km, heyrist svolítið í rafmagnsbúnaðinum, þ.e. hvinur sem er frekar leiðinlegur. Þegar komið er á meiri ferð hverfur þetta hljóð og við taka umhverfishljóð utan frá.

Að mínu mati hefði alveg mátt eyða meiru í að hljóðeinangra innrýmið í bílnum betur frá umhverfinu.

Í nánast öllum tilfellum þegar ég prófa bíla þá geri ég hávaðamælingu í desíbelum (db) á sama stað inni í öllum bílum og á sama vegi á milli 80 og 90 km hraða. Þessi bíll var að mælast á bilinu 66,9 til 71,0 db. Á meðan ég mældi tók framúr mér frekar hávært mótorhjól sem olli því að mælingin fór upp á 75,3 db. Hluta af þessari háu mælingu má örugglega skrifa á gróf vetrardekkin sem undir bílnum voru þegar hann var prófaður.

*Einhver ódýrasti rafmagnsbíll á markaðnum, en samt vel útbúinn*

Renault Zoe er frekar ódýr bíll miðað við aðra rafmagnsbíla á rafmagnsbílamarkaðnum, en samt með flestum þeim öryggisbúnaði sem er í öðrum bílum samanber, bremsur (ESP, ABS, EBD og Bremsuaðstoð), ASR spólvörn, brekkuaðstoð, loftþrýstinema í dekkjum, barnastólsfestingar, tímastillir á miðstöð, bakkmyndavél og fleira.

Rafmótor á að skila 110 hestöflum (sem er alveg nóg fyrir ekki stærri bíl) og drægi rafhlöðu við bestu aðstæður á að vera um 300 km.

Í bílnum er hraðastillir sem hoppar á tveim km upp eða niður (cruse control).

Framsætin eru ágæt og með mjóbaksstuðning, en rýmið fyrir farþega í aftursætum er ekki mikið ef farþegi þar er mikið stærri en 180 cm. Farangursrými er hins vegar nokkuð gott miðað við stærð bílsins. Með sæti uppi er það 338 lítrar, en sæti niðri 1.228 lítrar.

*Ekki gallalaus*

Eins og nánast allir rafmagnsbílar sem ég hef kynnt mér er ekkert varadekk í þessum bíl. Mín persónulega skoðun er að enginn bíll eigi að vera varadekkslaus.



Renault ZOE.

Myndir / HLJ



Ef maður hefur ljósatakkann alltaf kveiktan á full ljós slokkna þau þegar drepið er á bílnum og honum læst.



Stórt farangursrými, en hér vantar varadekk.



Bílstjórasætið stillt fyrir 175 cm bílstjóra, þá er ekkert of mikið pláss fyrir aftan hann.





Þótt bakkmyndavélin sé lítil er hún mjög skýr.





Hávaðamælingin hefði örugglega verið eitthvað lægri á sumardekkjum í stað vetrardekkjanna þegar bíllinn var prófaður.

Ég prófaði bílinn aðeins á malarvegi og var fjöðrun í lagi gagnvart akstri á malarvegi, en of mikið malarvegahljóð var undir bílnum þar sem gróf vetrardekkin voru að skjóta smásteinum upp undir bílinn. Þetta myndi örugglega lagast mikið ef bíllinn væri á fínmunstruðum sumardekkjum.

Að öðru leyti fannst mér bíllinn vera mjög áhugaverður, sérstaklega út frá verðinu sem er frá 3.790.000.

*Í upphafi skal endinn skoða*

Í allri umræðunni um rafmagnsbíla og hversu umhverfisvænir þeir eru virðist vanta að ræða um þann þátt rafmagnsbíla þegar komið er að þeim tímapunkti að þurfi að farga bílnum, sökum elli eða eftir árekstur.

Í rafhlöðum rafmagnsbíla eru efni sem þurfa sérstaka meðhöndlun við förgun og fer tvennum sögum af kostnaði við förgunina. Ég skoðaði þetta lítillega og eftir örstutta eftirgrennslan þá er ferlið við förgun rafmagnsbíla efni í frekari rannsóknarvinnu. Eftir fróðlegt símtal við Guðmund Tryggva, rekstrarstjóra móttökustöðva endurvinnslu hjá Sorpu, kom í ljós að Sorpa tekur ekki við rafhlöðum úr rafmagnsbílum. Ég talaði einnig við Jóhann Hopkins hjá Hringrás, en þar er ekki heldur tekið við þessum rafhlöðum nema eftir vissa forvinnu á þeim. Eftir samtöl við þessa tvo aðila er greinilegt að hér er eitthvað sem þarf að skoða nánar því eftir sitja spurningarnar, hver tekur við notuðum rafhlöðum úr þessum tæplega 10.000 rafmagnsbílum sem eru á götunum? Hver er kostnaðurinn við að farga rafmagnsbílum? Hver ber ábyrgð á að rafhlöðum rafmagnsbíla sé fargað rétt? Hver getur svarað þessum spurningum og hvar er hægt að nálgast reglugerð um rétta förgun rafmagnsbíla?

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Lengd | 4.084 mm |
| Hæð | 1.562 mm |
| Breidd | 1.730 mm |

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Öryggi og rétt umgengni við vélar skilar manni góðu tímakaupi



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Öll kaupum við einhvers konar tæki til að létta okkur ýmsa vinnu samanber borvélar, hjólsagir, bíla, dráttarvélar, ryksugur og fleira. Öllum þessum tækjum fylgir nánast undantekningalaust bæklingur, oft á mörgum tungumálum, um notkun tækisins og er oftast nefnt „eigandahandbók“.**

Fæstir lesa þennan bækling eða bók, en að lesa eigandahandbókina sem tækinu fylgir er í flestum tilfellum fróðleg lesning og fræðandi sem kemur sér vel þótt síðar verði er kemur að endingu og viðhaldi á viðkomandi tæki og „lesturslaunin“ geta á endanum verið mjög góð.

Sjálfur þekki ég þetta vel því fyrir rúmum 20 árum keypti ég mótorhjól sem var þá með mjög nýstárlega vél sem þurfti sérstakt viðhald. Ég fór nánast í einu og öllu eftir handbókinni sem ég las vel og vandlega. Endingin var góð, engin bilun í mótor í 33.000 km (þá var hjólinu stolið af mér). Mótorarnir í hjólunum hjá hinum fimm félögum mínum sem voru í sömu sendingu entust allir innan við 11.000 km.

### *Vinnueftirlitið gefur alltaf út reglulega fræðandi efni*

Nýlega gaf Vinnueftirlitið út fræðslubækling sem ber nafnið „Öryggi við vélar“. Í þessu fræðiriti er farið yfir helstu atriði og umgengni á vélum og hvað ber að varast við ýmsa vélavinnu. Í bæklingnum er minnt á hversu mörg vinnuslys verða vegna vinnu með vélar og tækjabúnað og reynt eftir fremsta magni að leiðbeina til réttra vinnubragða við mismunandi vélar og tæki.

Bæklingurinn er með góðum útskýringum í texta og góðum myndteikningum sem gagnast öllum til útskýringa á mismunandi aðstæðum. Persónulega finnst mér framsetningin það góð að sá sem ekki getur lesið íslensku (sökum þjóðernis eða lesblindu) skilur samt nánast allt efnið í bæklingnum. Hann getur áttað sig á hvað er verið að meina á hverri blaðsíðu fyrir utan innganginn og skrifin um áhættumat á bls. 2.



Nýjasti bæklingurinn frá Vinnueftirlitinu er mjög góður.



Stundum geta forvarnaraðferðir í Ameríku verið ágætis skemmtilesning.

### *Misjafnar áherslur forvarnarbæklinga og -efnis á milli landa*

Á þeim tíma sem ég hef verið að afla mér efnis til að skrifa þessa stuttu forvarnarpistla hef ég leitað víða eftir efni með misgóðum árangri, en á sama tíma hef ég fundið og rekist á misfyndnar og furðulegar fyrirsagnir og fullyrðingar.

Sem dæmi þá las ég stóran og mikinn bækling ættaðan frá Írlandi um meðferð, viðhald og umgengni við dráttarvélar. Þessi bæklingur var með óvenju miklum teiknuðum myndum sem tengdust lesefninu. Í inngangi fyrir lesefnið tók sá sem gerði bæklinginn það fram að miðað við kynni hans af írskum bændum þá væri á milli 30–50% þeirra lesblindir og því teldi hann myndskýringar svona mikla nauðsyn.

Í amerískum bæklingum og fræðsluefni finnst mér oft framsetningin vera þannig að ætla mætti að sá sem ritar efnið haldi lesandann vera gjörsneyddan af allri greind og verið sé að skrifa fyrir „fávita“. Þar koma fyrir setningar sem eru svo vitlausar að manni blöskrar ritmálið, en mér er sagt að svona verði þetta að vera í Ameríku. Ef ekki sé hægt að hrekja allt hugsanlegt rugl og vitleysu sem gæti komið fyrir, geti verið að opna fyrir málsókn og miskabætur, aðeins vegna þess að einhver setning var ekki í bæklingi eða handbók.

### *Mikið til af fræðsluefni hjá Vinnueftirlitinu*

Innflytjendur á vélum, verkfærum og tækjum mættu gera meira af því að íslenska eigandahandbækur. Bílaumboð eru flest með sölubæklinga um bílana sem verið er að selja á íslensku, en það eru ótrúlega margir bíleigendur sem aldrei kíkja í handbók bílsins vegna þess að hún er ekki á íslensku. Bara lítil atriði eins og hversu oft á að smyrja bíl, eða benda á hvaða loftþrýstingur á að vera í dekkjum væri strax til bóta.

Það er mjög mikið til af fræðsluefni hjá Vinnueftirlitinu og eflaust endalaus vinna sem bíður þeirra við útgáfu á forvarnarefni, en á vef Vinnueftirlitsins má nálgast mikið fræðsluefni þar sem komið er víða við í atvinnulífinu.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300




# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Næsta blað kemur út 13. júní
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR

**Sunna Dís Bjarnadóttir og Bjarni Salberg Pétursson keyptu Mannskaðahól í apríl 2018 af foreldrum Sunnu; Bjarna Þórissyni og Ingibjörgu Sólveigu Halldórsdóttur, sem bjuggu á Mannskaðahóli frá árinu 1992. Sunna er fjórði ættliðurinn sem býr á Mannskaðahóli.**

Síðustu ár hafa Sunna og Bjarni unnið við búið með Bjarna og Veigu.






**Býli:** Mannskaðahóll.

**Staðsett í sveit:** Höfðaströnd, Skagafirði.

**Ábúendur:** Sunna Dís Bjarnadóttir og Bjarni Salberg Pétursson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Eigum eina dóttur, Árnýju Birtu (11 mánaða). Þá er hundurinn Týri á hlaðinu og fjöldinn allur af köttum.

**Stærð jarðar?** Um 70 hektarar ræktaðir en alls um 450 hektarar. Eigum hlut í Höfðavatni.

**Gerð bús?** Blandaður búskapur, mjólkurframleiðsla og sauðfjárbúskapur.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Um 70 nautgripir, 270 fjár, 13 hross og gæludýrin.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Mjaltir eru bæði kvölds og morgna og gefið í fjárhúsum tvisvar á dag. Annars eru fáir dagar eins í bústörfunum og því eru ekki margir hefðbundnir vinnudagar.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Allt fjárrag og smalamennskur eru ofarlega á lista yfir skemmtilegustu störfin ásamt heyskapnum. Leiðinlegast er þegar illa gengur í búskapnum en honum fylgja hæðir og lægðir eins og í öllu öðru. Svo er skítmokstur ávallt mjög gefandi.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði, þ.e. sömu búfjártegundir, en vonandi aukin hagræðing og vinnusparnaður. Kannski nokkrir hamingjugrísir.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Alltaf gott þegar fólk gefur tíma sinn og vinnu í hagsmunabaráttu allrar stéttarinnar. Lykilatriðið er að standa saman.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vonandi vel, sé staðið vörð um hreinleika landsins og búfjártegundanna.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Lambakjötið okkar er herramannsmatur og einungis tímaspursmál hvenær aðrar þjóðir kveiki á perunni með það.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Kúamjólk, ostur, skyr og reyktur silungur úr Höfðavatni.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambalæri með brúnni og alles, og ærfille mínútusteikur.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar kindurnar voru fyrst reknar inn í nýju fjárhúsin, sem byggð voru sumarið 2015. Og þegar var farið að sjást á Sunnu í byrjun júnímánaðar 2018, meðan hún var að reka fé í fjallið.

## MATARKRÓKURINN

# Smáréttir í kokteilveisluna



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

**Loks þegar fermingartímabilinu er lokið byrja útskriftir, afmæli og jafnvel brúðkaup.**

Hér eru hugmyndir að smáréttum sem auðvelt er að útfæra og gera jafnvel með hjálp frá vinum og ættingjum. Þetta eru litlir skyndibitar, sem eru vinsælir hjá börnum jafnt sem fullorðnum. Sígildir réttir eins og *canape*-snittur, kjöt-, ávaxta- og grænmetisspjót og fleiri gómsætir munnbitar.

Smurbrauðssnittur eru sígildar með árstíðabundnu áleggi. Látið hugmyndaflugið ráða för; með rækjum og majónesi, nauti og remúlaði.

**Dæmi um samsetningar fyrir gómsæta smárétti gætu verið:** Parmaskinka með melónu, rækjucrostini og lax í vefju.





**Fyrir 40-50 gesti þarf:**

- Kokteilsnittur (Canapé) – 100 stk
- Litlar vefjur með laxi– 600 stk
- Smáborgarar – 50 stk
- Litlar hakkbollur – 50 stk
- Kjúklingaspjót – 500 stk
- Djúpsteiktar risarækjur – 70 stk
- Ávaxtapinnar – 40 stk
- Rækjukokteill – 50 stk
- Beikonvafðar döðlur – 80 stk
- Sætir smábitar makkarónur – 50 stk
- Hrákökubitar eða brúnkökur – 50 stk
- Meðaltal af smáréttum á gest = 10-13 bitar

Einnig er valkostur að hafa sér matarþemupartí eins og Mexíkóveislu og allir gera sjálfir mjúkt taco með fyllingum:

### Mexican Fiesta

**Gott að hafa á hlaðborði:**

- Salsa
- Guacamole, marið avókadó
- Súrsað hrátt sneitt rauðkál (olía, salt og sítrónusafi)
- Heitt tortillas, hita tilbúnar pönnukökur á pönnu og setja í álpappír
- Maís tortillaflögur og vefjur
- Grillað avókadó (eða maís)
- Sýrður rjómi
- Saxaður laukur
- Kóríander / salat (heil salatblöð má nota sem vefjur)
- Lime skorið í báta

### Kjöt eða dýraprótein eftir smekk, til dæmis:

- Lime marineraður kjúklingur
- Kjúklingur Fajitas
- Mexíkóskur kryddaður heill kjúklingur, rifinn niður ( hægt að kaupa tilbúinn)
- Nauta-fajitas eða smáborgarabuff
- Mexíkó kryddað rifið nautakjöt
- Fiskur að eigin vali í tacos kryddlegi

### Meðlæti sem gott er að gera eða kaupa

- Pico de Gallo (ferskt salsa)
- Queso Dip (tilbúin ostasósa)
- Maíssalat, saxað grænmeti með maís í dós
- Avókadósalat eða heilt
- Rifinn ostur
- Sósur, sýrður rjómi, salsa í krukku
- Jalapeno pipar fyrir þá sem vilja heitan mat
- Veldu eitt eða tvö dýraprótein, steikið og framreiðið þannig að allir geta fengið sér sjálfir á disk eða í mexíkóska pönnuköku.
- Fiski-tacos er líka sniðugt vegna þess að það er mjög fljótlegt að elda fisk.
- Avókadó - þarf helst að vera (guacamole) eða skorið í sneiðar, salsa og kóríander.
- Það á alltaf hafa sýrðan rjóma og rifinn osti!

Þá er komin skemmtileg stemning og allir bjarga sér sjálfir til að minnka óþarfa stress.

Þá má einnig hafa pitsur í svona veislum, með öðruvísi áleggi og jafnvel steikja pitsudeigið í olíu.

### Djúpsteikt pitsa með andalærum

- 1 tilbúið pitsadeig
- 4 stk tilbúin anda-confit, hægt að kaupa eldað (frosið eða í dós)
- 1 1/2 bollar klettasalat
- 1/4 bolli rifinn parmesanostur
- salt og ferskur malaður pipar
- Truffluolía (jarðsveppaolía, valfrjálst)

Hita olíuna upp í 180 gráður. Djúpsteikið í olíu í steypujárnspotti eða öðrum þungum potti. Olían þarf að vera fjögurra sentimetra djúp. Einnig má raða öndinni á venjulegan pitsubotn sem er svo bakaður á heitum pitsusteini, grilli eða í heitum ofni í átta til tíu mínútur, á hæsta hita með grillið á fullu.

Toppaðu pitsuna með áleggi að eigin vali ásamt rifnum andalærum klettasalati og parmesan. Smakkaðu með salti og pipar. Og í lokin með jarðsveppaolíu, ef hún er til.

## HANNYRÐAHORNIÐ

# Sumarlegur púði

**Það er alltaf gaman að skreyta með fallegum púðum. Þessi er prjónaður með gatamynstri og köðlum úr Drops Cotton Merino sem er á 35% afslætti í maí.**



**Mál:** 45x45 cm. Púðaverið passar fyrir púða í stærðinni 50x50 cm þar sem það á að strekkjast aðeins svo að það verði fallegra.

**Garn:** Drops Cotton Merino – 300 g (litur á mynd er nr 13, kórall).

**Prjónfesta:** 21 lykkja á breidd og 28 umferðir á hæð í sléttu prjóni = 10x10 cm.

**Prjónar:** Hringprjónn 80 cm, nr 4. Kaðlaprjónn.

**Garðaprjón (prjónað í hring):**

*1 umferð slétt og 1 umferð brugðin*, endurtakið frá *-*.

**Mynstur:** Sjá mynsturteikningu A.1, A.2 og A.3. Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

**PÚÐI:** Púðinn er prjónaður í hring á hringprjón með mynstri á framhlið en slétt prjón á bakhlið. Mynstrið á framhlið mælist ca 40 cm. Efri kanturinn er saumaður saman og neðri kanturinn.

Fitjið upp 198 lykkjur og prjónið 4 umferðir garðaprjón – sjá útskýringu að ofan. Prjónið síðan mynstur þannig: Prjónið 4 lykkjur slétt, A.1a (= 2 lykkjur), *A.2a (= 10 lykkjur), A.3a (= 17 lykkjur)*, prjónið frá *-* alls 3 sinnum, prjónið A.2a (= 10 lykkjur), A.1a (= 2 lykkjur). Prjónið þær 99 lykkjur sem eftir eru slétt = 206 lykkjur á prjóninum.

Þegar A.1a, A.2a og A.3a hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina er prjónað A.1b yfir A.1a, A.2b yfir A.2a og A.3b yfir A.3a. Haldið áfram með þetta mynstur þar til stykkið mælist ca 44 cm, stillið e.t.v. af eftir heila mynstureiningu af A.3. Prjónið 1 umferð þar sem fækkað er um 2 lykkjur yfir kaðla í A.2b. Prjónið 4 umferðir garðaprjón yfir allar lykkjurnar og fellið laust af.

**Frágangur:** Saumið saman efri kant, kant í kant í ystu lykkjubogana. Setjið púða í púðaverið og saumið saman neðri kantinn.

*Prjónakveðja,*
*mæðgurnar í Handverkskúnst, www.garn.is*

Mynstur

= slétt frá réttu, brugðið frá röngu
= brugðið frá réttu, slétt frá röngu
= á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn
= á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn svo að ekki myndist gat
= setjið 1 lykkju á kaðlaprjóninn aftan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt, prjónið lykkju á kaðlaprjóni slétt
= 3 lykkjur slétt saman
= 3 lykkjur snúnar slétt saman
= setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón aftan við stykkið, prjónið 2 lykkjur slétt, prjónið 2 lykkjur af kaðlaprjóni slétt










Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | | | 7 | | 8 | 9 |
| | 3 | | 9 | | 4 | | | 5 |
| 2 | 7 | | | 8 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 2 | | 8 | | |
| 9 | | 4 | | 5 | | 2 | | 7 |
| | | 2 | | 6 | 9 | 1 | | |
| | | | 1 | 7 | | | 3 | 2 |
| 1 | | | 6 | | 5 | | 7 | |
| 8 | 9 | | 3 | | | 5 | | 6 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | 2 | 7 | | | |
| | 2 | | | 5 | | 7 | 1 | 3 |
| | 9 | | 1 | | 3 | | | |
| 1 | | | 5 | | 9 | 8 | | |
| | 3 | 9 | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | 6 | | 4 | | | 5 |
| | | | 4 | | 2 | | 5 | |
| 4 | 8 | 7 | | 9 | | | 2 | |
| | | | 7 | 6 | 1 | | 8 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 7 | | 2 | 3 | | |
| | | | | | | | | |
| 8 | | 3 | | 1 | | 5 | | 7 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | 4 | |
| 4 | 9 | | | | | | 5 | 6 |
| | 6 | 1 | | | | 7 | 2 | |
| 1 | | 9 | | 8 | | 4 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | | 7 | 4 | | 5 | 6 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | 9 | | | 2 |
| | 8 | 1 | | | | | | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 7 | | | 2 | | 5 | | | 6 |
| | | 9 | | 1 | | | | |
| | | | | | | 2 | 5 | |
| 2 | | | 7 | | 3 | | | |
| | 6 | | | | | | 8 | 4 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ



# Það besta að æfa fótbolta

**Oddur Olav stefnir á að verða knattspyrnumaður og ætlar að keppa í fótbolta í sumar.**

**Nafn:** Oddur Olav Davíðsson.

**Aldur:** Verð 13 ára 25. ágúst.

**Stjörnumerki:** Meyja.

**Búseta:** Litla-Ármót en flyt bráðum á Ármótsflöt 5 í Flóahreppi.

**Skóli:** Flóaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Lambakjöt.

**Uppáhaldshljómsveit:** Coldplay.

**Uppáhaldskvikmynd:** Það er myndin Top Gun með Tom Cruise í aðalhlutverki.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég var um 6 ára. Við vorum í ferðalagi með ömmu og afa úr Hveragerði og ég fékk að stýra bílnum.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fótbolta í 4. flokki með UMF Selfoss og það er það besta sem ég geri í lífinu.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Knattspyrnumaður.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Farið í botn á Buggý-bíl með bróður mínum.

**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar?** Fara á hestbak, keppa í fótbolta og vera með fjölskyldunni.

**Næst »** Oddur skorar á Þórunni Sturludóttur, Fljótshólum í Flóahreppi.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

microlift
KRATMIKLIR BRETTATJAKKAR

RAFDRIFIN KEYRSLA
1,5ton 217.620 kr + vsk.
RAFDRIFIN KEYRSLA + RAFDRIFIN LYFTING
1,5ton 273.380 kr + vsk.
ETNA ehf. Til sýnis hjá Pmt, Krókhálsi 1.
Upplýsingar og fyrirspurnir í síma 698 1539 - email: siggi@pmt.is

SUEVIA
Drykkjarnippill
SU1800326

Verð kr. 5.239
Útsölustaðir:
Landstólpi - Egilsstöðum
Vélaval - Varmahlíð
LANDSTÓLPI
480 5600

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is


# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



https://www.facebook.com/fjolnotaHusid Hús eða skemma úr samlokueiningum á stálgrind til sölu.




G3 kerruleigan í Víðidal leigir út fjórar kerrur fyrir allt að 4 hesta. Sími 698-2333. Erum á FB. Geymið númer.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is




Patura spennar í úrvali. P1 er bæði fyrir 12V og 230V. 5 km drægni. Frábært verð, aðeins kr. 29.900. Mikið úrval af öðrum rafgirðingarvörum. Skoðið Patura bækling á www.brimco.is. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.

BÍLJÖFUR VARAHLUTIR

Eigum á lager varahluti í Jeep, Chrysler og Dodge. Sérpöntum í allar tegundir frá USA. Hagstætt verð. Bíljöfur - varahlutir ehf. Smiðjuvegi 72, Kóp. Sími 555-4151, netfang: varahlutir@biljofur.is



Notað (2. ára) ABI Oakley 43,4 m2, 3ja herb. stöðuhýsi til flutnings. Svefnrými fyrir allt að 6-8 manns. Tvö baðherbergi, annað með sturtuklefa. Eldhús m. örbylgjuofni, ísskáp og frysti. Rúm og dýnur, eldhúsborð og kollar. Hentar ekki á vindasömum svæðum né sem heilsárshús. Uppl. í síma 779-2900, Magnús 779-2900 og netf. saudfjarbu@gmail.com



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, stórir sem smáir. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið kl. 11-18, sími 865-2717.



Mercedes Benz R350, árg. 2006. 4x4, akstur 110.000 km. Ný heilsárs dekk. Bíll í mjög góðu standi. Verð 1.500.000 kr. Uppl. í síma 866-0902.



Gróðurhús fyrir íslenskar aðstæður úr prófílum. Lengd 3,10 m. Breidd 2,38 m. Verð 135.000 kr. Uppl. í síma 866-9693 -www.facebook.com/GrodurhusSMH.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Norskar skádælur. 5" eða 6" dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 L/mín. Hræristútur sem hægt er að snúa 360° Skurðarblöð á dæluhjóli. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf. hak@hak.is, s. 892-4163.



Heitir pottar, uppblásnir 6 manna. Hita upp á 42°C með nuddi. Verð 125.000 kr. Uppl. í s. 866-9693 - www.facebook.com/grodurhusSMH.



Toyota Landcr. 120GL árg. 2005. Ekinn 305.000 km/170.000 km á vél. Grindar-viðhaldi lokið. Nýir spíssar. Aukafelgur og dekk fylgja. Uppl. Gunnar s. 867-7411.



Vel með farinn Toyota Rav árg. 2001, ekinn 160.000 km. Tímakeðja. Nánari uppl. í síma. 896-9974.



JCB 530-120 skotbómulyftari árg. 1991. Gafflar og skófla fylgir. Nýleg dekk að aftan. Verð kr. 1.200.000. Brynjólfur s. 820 8080 / binni@k16.is


KRAFTVÉLAR

Til sölu
Steyr
970A








- Árgerð: 1995
- Hestöfl: 70
- Vinnustundir: 6735
- Gírkassi: 8×4
- Aflúttak: 540
- Ný dekk að framan 12,4×24 og lítið slitin að aftan 16,9×30
- Hydrac ámoksturstæki
- Flott vél miðað við aldur

Verð án vsk.: 1.590.000.- kr.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Búvörur SS

tenospin®



RÚLLUPLASTIÐ SEM BÆNDUR TREYSTA

Frír flutningur til bænda ef pantað er fyrir 15. júní 2019

Verð og frekari upplýsingar á www.buvorur.is

insect shield

Flugnafælufatnaður

Fatnaður meðhöndlaður með permetrín. Lyktarlaus og góð ending. Virkar á flugur, maura og mítla.



Dömutrefill 90*180 cm
3.968 kr



Léttur Hunter Mesh jakki
Stærðir: S - 3XL
10.918 kr

Sokkar, buxur, skyrtur o.fl.
Skoðið úrvalið á www.buvorur.is



Grisport leðurskór
Svartir/brúnir - st. 36-47
15.200 kr

Búvörur SS

Fosshals 1 - 110 Reykjavík
Ormsvelli 4 - 860 Hvolsvelli
S: 575 6070 / buvorur@ss.is
www.buvorur.is



Garðhús 7.0 m2. Verð 780.000 kr. Gestahús 8.8 m2. Erum með til sölu gestahús. Stærðin er fyrir 2-4 manns. Erum með þau í Neskaupstað, ósamansett (teikningar fylgja með). Bjóðum upp á ódýran flutning hvert á land sem er. Verð 780.000 kr. Hafið endilega samband fyrir nánari upplýsingar í s. 868-5080 eða á netfangið nestak@simnet.is



Nýr og ósamsettur felligámur, 2x3 m. Verð er kr. 230.000 +vsk. Uppl. í s 894-4628.



Taðgreip. Breiddir: 1,2 - 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Stærð 88 m2 tilbúinn til flutnings. Gólf klædd 22 mm plötum. Einangraður með rakasperru og milliveggjagrindum. Fullbúinn að utan án palls. Verð 14,3 mill. kr. Uppl. í síma 894-4628.



Til sölu Pajero Sport árg. 2006. Topp eintak, reglulega yfirfarinn af fagaðila, Bílagerði Hvammstanga. Keyrður 149.000 km. Verð 500.000 kr. Uppl. í síma 895-0158.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstidæla til sölu PW 4040, Yamaha bensínmótor með CAT triplex dælu. 275 bör, 15 ltr/mín. Túrbóstútur fylgir með. Verð 348.000 kr. m/vsk. Frekari uppl. í síma 696-7704, Jetsport slf.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Gæðakerra frá Humbaur, 2 öxla. Lengd: 3 m. Breidd 1,5 m. Hæð 1,8 m. Þyngd 624 kg. Burðargeta 1.300 kg. Heildarþyngd má vera 2 tonn. Uppl. síma 888-3406, Siggi.



5 m. Starcraft álbátur með 15hp Mercury mótor. Allt í fullkomnu lagi. Léttur og meðfærilegur. Verð 670.000 kr. Uppl. í síma 777-9002.



Til Sölu Ford 3000. Mjög vel uppgerður nýlega. Hefur alltaf verið geymdur inni og með góðum ámoksturstækjum. Verð 700.000 kr. Hafið samband við Kára í síma 869-5848.



Til sölu er JCB 8020 ásamt 4 skóflum, hraðtengi og fleyg. Uppl. fást í síma 892-1157.



Tveggja pósta bílalyfta, 4,0 tn. og rafm.læsingar. Tilboð 495.000 kr. m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu 110 cm löng AEG frystikista. Uppl. í síma 893-3475.



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 21.500 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Bomag BPR 30/38 D-3 jarðvegsþjappa, rafstart. 260 kg. Uppl. fást í síma: 892-1157.



Rúlluvél Claas Rollant 250, árg. 1999, ásamt pökkunarvél McHale. Vel með farnar. Verð samtals 600.000 krónur. Uppl. í síma 892-8495.



Til sölu Ford Rimor húsbíll árg. 2006 ekinn 62.000 km. Gas, rafmagn, ísskápur, eldavél, miðstöð, salerni og sturta, sólarsella. Staðgreiðsluverð 3.990.000 kr. Skipti á hjólhýsi kemur til greina. Uppl. í s. 844-0429.



Til sölu 30 hp Suzuki utanborðsmótor. Uppl. í síma 893-3475.



Til sölu mjög góðar sjúkratöskur á frábæru verði fyrir sumarið! Henta vel á minni vinnustaði, í sveitina, bílinn, sumarbústaðinn, gönguferðina og víðar. Förum vel útbúin inn í sumarið! Sérstakt tilboð til 15. júní eða á meðan birgðir endast. Sendið tölvupóst á sjukratoskur@gmail.com og fáið nánari upplýsingar.

AS MOTOR

FYRIR FAGMENN & BÆJARFÉLÖG. ÞÝSK GÆÐI



ILLGRESISBURSTI
AS 30 WeedHex
Bursti 35 cm, 700 m2/klst,
Verð frá 165.000 kr + vsk



ILLGRESISBURSTI
AS 50 WeedHex
Bursti 50 cm, 1000 m2/klst,
Verð 455.000 kr + vsk



SLÁTTUVÉL MEÐ SAXI
AS 510 ProClip 4T A
Breidd 51 cm, 2300 m2/klst,
Verð 295.000 kr + vsk



RUDDASLÁTTUVÉL
AS 63 4T B&S
Breidd 61 cm, 2300 m2/klst,
Verð 379.000 kr + vsk



SLÁTTUTRAKTOR 2WD & 4WD
Verð frá 1.350.000 kr + vsk



AFLVÉLAR

Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, sími: 480-0000
aflvelar.is - sala@aflvelar.is



**Terex HR 3.2**
7,5 tonn, 2006 árg. 7.900 vst.
3 skófur þar af ein tilt
*Verð 3.300.000 +vsk.*



**Yanmar SV18 smágröfur**
1,95 tonn. Til á lager



**JCB 3CX traktorsgrafa**
Árg. 2016. 2.560 vst.
Þrjár skóflur.
*Tilboð óskast.*



**Yanmar SV26 smágrafa**
2,7 tonn. 2017 árg. 550 vst
Steelwrist rótortilt og 3 skóflur
*Verð 4.700.000 + vsk*



**Liebherr A918 Compact hjólagrafa.**
17,5 tonn. 2015 árg. 5.500 vst.
Engcon EC219 rótortilt með gripfingur, 3 skóflur, Trimble GPS kerfi getur fylgt. Vel útbúin vél.
Verð 16.500.000 + vsk,
19.000.000 + vsk með GPS kerfi.



**JCB 4CX**
2005 árg. Um 5000 vst. 3 skóflur. Ný dekk. Góð og snyrtileg vél.
*Verð 5.500.000 +vsk.*
*Umboðssala.*



**Liebherr L538 hjólaskófla**
Árg. 2007. Vökvahraðtengi, skófla og gafflar.
*Verð: 6.000.000 + vsk.*



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali.



**Weber** jarðveggsþjöppur og hopparar til á lager.

**Uppl. í síma 660-6051**

MERKÚR
www.merkur.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1-6 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vantar þig auka gistirými í sumar? Til sölu 30 fm ónotað, einangrað tjald með fullbúnu baðherbergi, kamínu og viftu og pall úr lerkieiningum sem auðvelt er að taka í sundur og flytja á nýjan stað. Upplýsingar í síma 861-3134 eða í astasollilja@gmail.com



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



McCormick CX 105 árg. 2005, 5.700 vst. 102 hö. Vökvavendigír 24 gírar áfram/aftur. Ný yfirfarin þar sem meðal annars var skipt um framdekk, pústkerfi, gírkassi tekinn upp og skipt um vökvaspólur, olíur og síur. Verð 2.400.000 kr. + vsk. Sturlaugur Jónsson & Co – s. 412-3000 - sala@sturlaugur.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.



Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager japanskar rafstöðvar með Subaru vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Ný McCormick X4.70 107 hö, vökvavendigír, kúplingsfrír milligír, 24 gírar áfram/aftur. Með tækjum, vökvayfirtengi og vökvaskekkanlegu beisli. Verð 7.600.000 kr. +vsk. Sturlaugur Jónsson & Co. Sími 412-3000 - sala@sturlaugur.is



Hagasláttuvélar í úrvali. Þessi er 175 cm og kostar kr. 270.000 án vsk. Við erum líka með vélar í heyskapinn. www.hardskafi.is - sími 896-5486.



Til sölu Volvo ECR58. Árgerð 2006 – 1.500 tímar. Ein skófla. Verð 3,7 mill. kr. +vsk. Sími 896-3815 eða 898-3344.



Til sölu Toyota Hilux, árg. 2004, ekinn 127.000 km. Verð 1.450.000 kr. Uppl. í síma 864-2484.



Hliðarsláttuvélar (tromlu) fyrir dráttarvélar. Vinnslubreidd: 1,65 m, 6 hnífar. Mjög vandaður búnaður. Framleiðandi: Kowalski, Póllandi, www.agro-kowalski.com.pl. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. kr. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk. kr. 22.900 auk vsk. 5 stk. eða fleiri kr. 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Harmonikuhátíð verður haldin á Laugarbakka Miðfirði 14.-16. júní nk. Dansleikir 2 kvöld. Gott tjaldsvæði. Öll helgin kr. 7.000. Nikkólína og H.U.H.



Náttúruperlan Ástjörn! Sumarbúðadvöl fyrir 6-12 ára börn og 13-15 ára unglinga. Blandaðir flokkar. Verð <6500 kr. á sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er í Kelduhverfi, nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum. Friðsæl tjörn og skógur. Uppl. astjorn.is eða s. 462-3980. facebook.com/astjorn



Traktorsdrifnar brunndælur með mikla hrærigetu. Margar stærðir og útfærslur fyrir bændur og verktaka. Dælugeta allt að 27.300 L/mín. Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang jh@johannhelgi.is – s. 820-8096.

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka á 7.500 kr. Hjólabækurnar allar 5, 7.500 kr. Vestfirskar sagnir allar 4, 4.500 kr. Vestfirskar konur allar 3, 2.900 kr. Gullkorn og grín að vestan 4 bækur, 3.900 kr. Frítt með póstinum. Vestfirska forlagið. Netfang jons@snerpa.is – s. 456-8181.

Iðnaðarsaumavélar til sölu. Beinsaumssaumavél með yfirflytjara, 3. fasa, kragavél með kappmelluspori, tölvuvél, blindföldunarvél. Allar vélarnar eru frá Pfaff. Stórt sníðaborð og fleira smádót til saumastofurekstrar. Einnig margir litir af tvinna og rennilásar, margir litir og lengdir. Þetta er selt á mjög lágu verði og sumt gefins. Uppl. síma 849-7583.

Ódýrar trjáplöntur til sölu. Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2ja lítra pottum. Birki, ilmreynir, silfurreynir, ribs, rósir, kvistir o.fl. Allar plöntur á sama verði, aðeins kr. 750 stk. Frábært tækifæri fyrir sumarbústaðarlandið! Uppl. í síma 857-7363. (Er í Reykjavík).

Til sölu gamall steypubíll. Benz, árg. 1980 í þokkalegu standi. Verð kr. 600.000. Uppl. Páll í síma 840-6100.

## Óska eftir

Óska eftir landi í skiptum fyrir gott einbýli í Lundunum í Garðabæ að stærð 214,3 fm og þar af er bílskúr 51,8 fm. Að auki er ca 70 m2 viðbygging ekki í birtu flatarmáli. Mjög gott útsýni. Fjögur svefnherbergi, ásamt mjög stóri hjónaherbergisálmu. Alls 5 svefnherbergi. Eignin hefur verið að ganga í gegnum endurbætur síðustu ár og er eignin að mestu í nýlegu og góðu standi, þó hluti sé eftir sem enn er upprunalegur, en virkar. Með landið er allt skoðað en helstu kostir væru víðsýni, fjallasýn og bæjarlækur. 1-2 tíma akstur frá Rvk. Ekki væri verra ef það væri nothæfur torfbær á lóðinni. Nánari uppl. fást í síma 896-3847.

Óska eftir gömlum verkfærum til tunnusmíða, s.s. dixill, drífolt, botna og stafabekk, laggarhefil, botnahníf o.fl. Vinsamlegast hringið í síma 845-5888.

Óska eftir bakkó fyrir dráttarvél. Uppl. í síma 618-9717.

Eldri traktorsgrafa óskast. Uppl. í síma 618-9717.

Óska eftir vel með farinni Massey Ferguson dráttarvél. Staðgreiðsla í boði. Uppl. í síma 699-1616, Sigurður.

## Atvinna

Verktaki óskast til að skipta um glugga á gömlu húsi á Vestfjörðum. Upplýsingar í síma 895-9986/863-1731 eða netfang steinssonh@gmail.com

Ungur þýskur bóndi óskar eftir bústörfum á Íslandi á tímabilinu júlí -október/nóvember. Nánari upplýsingar í s. +49 15170885433 og gegnum netfangið kerstin-maass@web.de

## Jarðir

Óska eftir 15-20 ha beitarhólfi til langtímaleigu á Suðurlandi fyrir hrossabeit. Góð umgengni og öruggar greiðslur. Ef eitthvað í boði endilega senda upplýsingar á torfabaer@gmail.com

## VÉLAR TIL LEIGU


**Hitachi ZX19-5**
2 tonna með hraðtengi og þremur skóflum.


**Hitachi ZX33U-5A**
3,5 tonn með hraðtengi og þremur skóflum.


**Hitachi ZW75-6**
5,1 tonn, hraðtengi, skófla, gafflar og auka vökvalögn.


**Hitachi ZX350LC**
36 tonna, hraðtengi skófla og fleygur.


**Hitachi ZX490LCH**
50 tonn, hraðtengi og skófla.


**Dieci Icarus 40.14**
Lyftigeta 4 tonn, lyftihæð 14 m. Gafflar og skófla.


**Dieci zeus 37.7**
Lyftigeta 3,7 tonn, lyftihæð 7 m. Gafflar og skófla.


**Hyundai HX220L**
22 tonna með hraðtengi og tveimur skóflum.

ATVINNUTÆKI
**Nánari upplýsingar:**
694-3700/gk@velafl.is
694-3800/hh@velafl.is
www.velafl.is


Stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar skoðar umhverfismálin:

# Markmiðið að draga verulega úr plastnotkun í landbúnaði

**Nokkur umræða hefur undanfarin ár verið um umhverfismál innan Búnaðarsambands Eyjafjarðar, almennt um sorpmál og einnig hafa menn velt vöngum yfir plastinu og á hvern hátt draga megi úr notkun þess í landbúnaði. Stjórn BSE heimsótti Gámaþjónustu Norðurlands á dögunum og skoðaði aðstöðu fyrirtækisins og hvernig að málum er staðið á þeim bæ, m.a. með flokkun, urðun, endurvinnslu og moltugerð.**


**Stjórn BSE í heimsókn hjá Gámaþjónustu Norðurlands. Frá vinstri eru Sigurgeir Hreinsson, Aðalsteinn Hallgrímsson, Garði, Helgi Pálsson, rekstarstjóri hjá Gámaþjónustu Norðurlands, Helga Hallgrímsdóttir, Hvammi, Gunnhildur Gylfadóttir, Steindyrum, Hákon Harðarson, Svertingsstöðum 2 og Birgir Arason, Gullbrekku.** Mynd / Guðmundur Rafn Guðmundsson

Gunnhildur Gylfadóttir, formaður BSE, segir að í framhaldinu hafi bændur verið boðaðir til fundar um málefnið en á þeim fundi hélt Helgi Pálsson, rekstrarstjóri Gámaþjónustunnar, erindi sem og einnig Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi og fulltrúi Eyþings. „Þetta var áhugaverður fundur og gafst bændum kostur á að spyrja um það sem helst brennur á þeim þegar að þessum málaflokki kemur,“ segir Gunnhildur.

Fram kom á fundinum að sveitarfélögin frá Borðeyri í vestri til Bakkafjarðar í austri eru að vinna sameiginlega í málaflokknum með það að markmiði að útbúa sameiginlega framtíðarstefnu. Fram kom einnig að sögn Gunnhildar að nauðsynlegt væri að mati fundarmanna að ríkið mótaði almennilega stefnu um úrvinnslusjóð og úrvinnslugjöld. „Svo ræddu menn plast, en umræða um það er áberandi um þessar mundir. Það kom fram að plast í sjálfu sér er ekki endilega svo hræðilegt, heldur og miklu fremur umgengni okkar mannanna um það, við erum löt við að koma því í endurvinnslu svo dæmi sé tekið.“

### *1.700 tonn af rúlluplasti á síðasta ári*

Búnaðarsamband Eyjafjarðar samþykkti á aðalfundi sínum fyrir skömmu ályktun um að unnin verði aðgerðaráætlun sem hafi að markmiði að draga verulega úr plastnotkun í landbúnaði á Íslandi. Á liðnu ári, 2018, voru flutt til landsins tæplega 1.700 tonn af rúlluplasti, en það er uppistaðan í plastnotkun landbúnaðarins. Til samanburðar má nefna að alls voru flutt inn 180 tonn af einnota plastburðarpokum, en mikil áhersla hefur undanfarin ár verið lögð á að hætta notkun þeirra. Ýmis afurðasölufélög innan landbúnaðarins hafa gert breytingar á umbúðum í því skyni að draga úr plastnotkun. Umræða um allan heim hefur á einhvern hátt snúist mjög öndverð gegn plasti sem einni mestu umhverfisvá samtímans, að því er fram kemur í ályktun BSE. Gunnhildur nefnir að því sé mikilvægt að samtök bænda marki sér skýra stefnu sem hafi að leiðarljósi að draga verulega úr notkun á plasti og hvaða leiðir vænlegastar eru í því efni.

### *Hvíta plastið verðmætast í endurvinnslu*

„Varðandi rúlluplastið hefur komið í ljós að hvítt plast er verðmætast til endurvinnslu. Það vekur því óneitanlega furðu og spurningar af hverju í ósköpunum verið er að flytja inn aðra liti og af hverju ekki er búið að fræða okkur bændur um þetta.

Gjarnan er verið að styrkja góð málefni með þessum nýju litum. Bændur gætu hæglega gert það með öðru móti og þá til dæmis með því að kaupa hvíta plastið,“ segir Gunnhildur.

Hún nefnir einnig að vissulega finnist hér á landi bændur sem ekki ganga nægilega vel um rúlluplastið og eins háttar víða svo til að aðgengi fyrir bílstjóra sem sækja það heim á bæina er ekki nógu gott.

### *Stæðugerð ryður sér til rúms*

Gunnhildur segir að víða um land sé stæðuverkun að ryðja sér til rúms en hún henti misvel eftir landshlutum og verðið við að koma slíkri verkun upp sé líka misjafnt, það fari eftir því hvort hægt er að hafa þær undir berum himni eða ekki. „Ég sé fyrir mér að kynning á ódýrum leiðum í stæðugerð gæti verið góð leið til að beina bændum í þá átt og jafnvel í þurrheyið aftur. Ekkert af þessu gerist á einni nóttu, en það er nauðsynlegt að bjóða upp á sem mesta fræðslu, hún vekur áhuga og kemur mönnum á sporið með breytingar,“ segir hún.

Gunnhildur segir að umhverfismálin séu mikilvæg og bændur hafi hug á að taka þau föstum tökum. „Við höldum áfram að skoða þessi mál og ég trúi ekki öðru en að betri lausnir finnist,“ segir hún. /MÞÞ



**Kato HD1430**
*Árgerð: 2007*
*Notkun: 3.320 vst.*
*Hraðtengi, smurkerfi og skófla*


**Janmil NWD**
*Árgerð: 2017*
*3 öxla á einföldu*


**Case WX145**
*Árgerð: 2007*
*Notkun: 3.839 vinnust.*
*Rótatilt, smurkerfi og skófla*


**Bobcat E26**
*Árgerð: 2016 - Notkun: 260 vst.*
*2 skóflur og tiltskófla*


**Mercedes-Benz Vario**
*Árgerð: 2005 - Notkun: 380.000 km*
*20 manna*


**Mercedes-Benz 0350**
*Árgerð: 2003 - Notkun: 700.000 km*
*50 manna*

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala
Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



Útvegum varahluti í flestar gerðir vinnuvéla

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is
S: 527-2600



Bændablaðið
Kemur næst út
13. júní



Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI




**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Færibanda-reimar



Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla

GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is



Grettislaug í Skagafirði.

## Norðurstrandarleið:

# Einn besti áfangastaður Evrópu

**Arctic Coast Way – Norðurstrandarleið hefur verið valin á topp 10 lista yfir þá áfangastaði í Evrópu sem best er að heimsækja, að mati Lonely Planet, sem er einn vinsælasti útgefandi ferðahandbóka í heiminum.**

„Þetta er mikil viðurkenning fyrir allt það starf sem nú þegar hefur verið unnið við að koma Arctic Coast Way af stað," segir í tilkynningu frá Markaðsskrifstofu Norðurlands, en leiðin verður formlega opnuð þann 8. júní næstkomandi.

Í umfjöllun Lonely Planet segir meðal annars að á leiðinni sé að finna allt það besta sem Ísland hafi að bjóða, en um fáfarnari slóðir. „Frá söguslóðum til miðstöðva hvalaskoðunar, þá býður hvert lítið þorp og bær upp á innsýn inn í lífið á toppi veraldarinnar," segir þar meðal annars.

***Aðdráttarafl fyrir þá sem vilja halda sig utan alfaraleiðar***

Með þróun Norðurstrandarleiðar, verður til aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem vilja halda sig utan alfaraleiðar og gera það með því að fara meðfram strandlengju Norðurlands. Samtals er leiðin um 900 kílómetra löng, með 21 bæ eða þorpi og fjórum eyjum sem auðveldlega er hægt að komast út í með bát eða ferju. Ferðafólk sem fer þessa leið fær tækifæri til að ná betri tengslum við náttúruna, litskrúðugt menningarlíf og einnig hið daglega amstur þeirra sem búa í nálægð við norðurheimskautsbauginn. */MÞÞ*































# Josera

## Betri árangur með

# JOSILAC

## íblöndunarefni




Úðadæla á sjálfhleðsluvagninn, rúllu- eða stórbaggavélina.
Verð: 49.500,- án/vsk.

*„Mjög gott að vinna með efnið og með því að setja Josiferm í síðustu vagnana hitnar ekkert í stæðunni."*
Unnsteinn Jóhannsson, Laxárholti

*„Finn mikinn mun á lystugleika á þeim rúllum sem hafa Josilac Classic."*
Reynir Sverrir Sverrisson, Bringu

*„Einstaklega þægilegt að blanda og frábær verkun á fóðrinu."*
Sigurður Ágústsson, Túnfang ehf.

**Eykur fóðurgæði - Betri inntaka - Meiri meltanleiki**
**Heilbrigðari kýr - Betri afkoma**

Meiri upplýsingar á **www.josilac.com**

LANDSTÓLPI

**Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss**
Sími 480 5600
Opið alla virka daga kl. 8 - 17

**Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum**
Sími 480 5610
Opið alla virka daga kl. 9 - 17

**landstolpi.is**
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!